skoðun 22

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn
Áramót

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
29. desember 2010
305. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Spáð í spilin

Hekla og Katla gjósa, nýtt stjórnmálaafl verður kynnt og útrásarvíkingar fara í fangelsi árið 2011.

áramót 4

Veisla um áramót

Erpur og kollegar í poppbransanum búa sig undir áramótadjammið.

fólk 36

United enn á toppnum

Manchester-liðin skiptust á að vera í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær.

sport 44

veðrið í dag

SKÝJAÐ Á KÖFLUM Í dag verður víðast suðvestan eða vestan 3-8 m/s. Skýjað V-til en annars víða nokkuð bjart. Hiti 0-5 stig V-til an vægt frost NA-lands.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Kennurum fjölgaði um 43 prósent en nemum um 2,6

Sveitarfélögin leita leiða til að spara í rekstri grunnskólanna. Töluvert svigrúm er talið vera til hagræðingar. Fækkun kennslustunda er talin spara um tvo milljarða króna. Kennarar vara við frekari hagræðingu.

MENNTAMÁL Á árunum 1998 til 2008 fjölgaði stöðugildum kennara við grunnskóla um 43 prósent og annarra starfsmanna um 63 prósent. Á sama tíma fjölgaði nemendum grunnskólanna um 2,6 prósent.

Þetta kemur fram í greinargerð vinnuhóps mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla. Í greinargerðinni er einnig horft til styttra tímabils. Á árunum 2003 til 2008 fjölgaði stöðugildum grunnskólakennara um þrettán prósent og annars starfsfólks um 6,4 prósent en nemendum fækkaði um þrjú prósent. Á sama tíma fjölgaði kennurum í framhaldsskólum um sextán prósent og framhaldsskólanemendum um sautján prósent.

Fram kemur einnig að stöðugildum kennara hafi fækkað mikið á síðasta ári en þá hagræddu sveitarfélögin í rekstri vegna minnkandi tekna.

Sveitarfélögin leita enn leiða til að draga úr kostnaði við rekstur grunnskólanna en hann er á bilinu 40 til 50 prósent af útgjöldum þeirra. Hafa þau lagt til að dregið verði úr kennslu og reiknast til að við það sparist um tveir milljarðar króna.

2 *milljarðar* króna eru taldir munu sparast við það að draga úr kennslu í grunnskólum samkvæmt útreikningum sveitarfélaganna.

Slíkar tillögur eru eitur í beinum kennaraforystunnar. Vísar hún til ábendinga útlendinga sem hvetja til aukinna útgjalda til menntunar á krepputímum.

Í greinargerð vinnuhópsins eru dregnar saman ýmsar tölulegar staðreyndir, meðal annars úr nýlegri skýrslu OECD. Sýna þær að kostnaður við grunnskóla er hærri á Íslandi en í samanburðarlöndum. Telur hópurinn að skýringuna á því sé að finna í þeim staðreyndum að kennsluskylda íslenskra kennara sé lægri en gerist og gengur og að meðalaldur kennara sé hár.

Kennarar á hinn bóginn telja háan kostnað stafa af háu hlutfalli ungmenna af íbúafjölda landsins, börn séu lengur í grunnskóla á Íslandi en annars staðar, landið sé dreifbýlt og metnaður mikill.

- bþs / sjá síður 12 og 13

KREPPA Í KAMPAVÍNSSÖLU Þótt margir geri sér glaðan dag um áramót og skjóti jafnvel tappa úr flösku gerist æ sjaldgæfara að landsmenn festi kaup á kampavíni. Sala kampavíns hefur dregist saman um 75% frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skálað í ódýru freyðivíni:

75% samdráttur í kampavínssölu frá 2007

VERSLUN Sala á kampavíni hefur hrunið um 75 prósent frá árinu 2007. Rúmlega 16.000 lítrar seldust í ÁTVR árið 2007, en tveimur árum síðar var salan komin niður í 5.700 lítra. Salan í ár hefur minnkað um 28 prósent og stefnir í rúmlega 4.000 lítra.

Kampavín er hreinræktuð lúxusvara og Bjarni Brandsson hjá Ölgerðinni segir það eina ástæðu þess hversu mikið hafi dregið úr sölu. „Það eru kannski færri ástæður til að skála," segir hann. „Svo spila erótísku staðirnir sem hættu í kjölfarið á hruninu inn í. Þar var salan orðin jafnvel meiri en í ÁTVR."

Bjarni segir kampavínsneyslu hafa verið beintengda bankakerfinu og að sala á veitingahúsum hafi einnig hrunið í kjölfar falls þeirra.

- afb / sjá síðu 50

Umræða um aðild Framsóknar að ríkisstjórninni gæti þétt raðir Vinstri grænna:

Reyna að standa storminn af sér

STJÓRNMÁL Leiðtogar og áhrifamenn ríkisstjórnarinnar leita leiða til að styrkja stöðu stjórnarinnar eftir ágjafir að undanförnu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fyrsti kostur að styrkja stjórnina innan frá. Í því felst að reynt verði að leysa úr ágreiningi innan þingflokks VG og að hann fylki sér að baki stjórninni.

Þingflokkurinn kemur saman á miðvikudaginn í næstu viku og mun framhaldið í raun ráðast á honum.

Í gær spurðist af þreifingum um mögulega aðild Framsóknarflokksins að ríkisstjórninni. Heimildir blaðsins herma að forystumenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki rætt þann möguleika, hvorki sín á milli né við aðra. Viðmælendur bentu á að engu að síður kynnu fréttirnar að þétta raðir Vinstri grænna. Óánægðir á þeim bæ litu á það sem slæman kost að eiga þátt í að Framsóknarflokkurinn kæmist í stjórn.

Innan Samfylkingarinnar hefur óþolið gagnvart VG magnast.

- bþs / sjá síðu 4

Saksóknari Alþingis í klemmu:

Þjóðskjalasafn afhendir ekki nauðsynleg skjöl

LANDSDÓMUR Þjóðskjalavörður hefur neitað að láta Sigríði Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, í té afrit af tölvupóstsamskiptum Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og yfir 60 skýrslum sem teknar voru af fólki hjá rannsóknarnefnd Alþingis.

Sigríður telur sig tæpast geta útbúið ákæru á hendur Geir án gagnanna og hefur því ákveðið að krefjast þess fyrir landsdómi að fá að leggja hald á þau.

Sigríður hefur einnig óskað eftir öðrum gögnum, til dæmis lista yfir þá 183 sem rannsóknarnefndin fundaði með en tók ekki af formlega skýrslu.

- sh / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Arndís, ertu ekki bara alveg spinnegal?

„Jú, ég votta það að ég er spinnegal.“

Arndís Snorradóttir fylgdi ráðum læknis síns þegar hún fann fyrir þunglyndi eftir búferlaflutninga til Noregs og hóf að mæta í spinningtíma. Nú er Arndís sjálf farinn að kenna spinning og verður með tíma í World Class í jólaheimsókn fjölskyldunnar á Íslandi.

Karlmaður hótaði afgreiðslumanni og komst undan með peninga og sígarettur:

Rændi 10-11 með hulið andlit

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði í gær manns sem rændi 10-11 verslun á Melabraut í Hafnarfirði í gærmorgun.

Það var rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun sem maður kom inn í verslunina. Hann var með klút fyrir andlitinu og krafðist þess að fá peninga og sígarettur. Hann hafði uppi hótanir um að beita vopni yrði afgreiðslumaðurinn ekki við kröfum sínum.

Ræninginn hafði einhverja fjármuni og nokkuð af sígarettum upp úr krafsinu. Mynd af honum náðist á öryggismyndavél í versluninni og rannsakaði lögregla málið í gær.

Einn karlmaður var við afgreiðslu í versluninni og vann ræninginn honum ekki mein.

Auk þessa leitar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu enn innbrotsþjófa sem látið hafa til sín taka í Hafnarfirði og Garðabæ frá því í nóvember. Þrjú innbrot voru framin á svæðinu um jólin og náðist einn maður. Hann er ekki talinn tengjast þeim sem hafa flest brotin á samviskunni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Lögregla beinir því til fólks að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum og láta vita ef um slíkt er að ræða. - jss

VERSLUN 10-11 Maðurinn rændi 10-11 í Hafnarfirði í gærmorgun. MYND/ÚR SAFNI

Sjómenn skrifa ráðherra:

Vilja auka ýsukvóta án tafar

SJÁVARÚTVEGUR Stjórn Landssambands smábátaeigenda skorar á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að bæta nú þegar 20 þúsund tonnum við áður útgefinn heildarafla í ýsu. Það er skoðun stjórnarinnar að með því myndu eðlileg viðskipti komast aftur á með leigukvóta og draga mundi úr þvinguðum viðskiptum.

„Hér er um afar nauðsynlega aðgerð að ræða þar sem við blasir milljarða tap í minnkandi útflutningsverðmætum og stórháskalegt svelti á mikilvæga markaði,“ segir í bréfinu. - shá

Dró sér sex milljónir:

Stal frá frímúrarareglunni

DÓMSMÁL Karlmaður um sextugt, sem gegndi starfi féhirðis Frímúrarareglunnar á Húsavík, hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að draga sér rúmar sex milljónir úr sjóðum reglunnar á átta ára tímabili. Hann var jafnframt dæmdur fyrir umboðssvik og skjalafals.

Maðurinn dró sér fé af þremur reikningum stúkunnar og notaði það til eigin neyslu.

Hann játaði brot sín og samþykkti að endurgreiða frímúrarareglunni þá peninga sem hann stal. Hann hafði ekki áður gerst brotlegur við lög og því voru fjórir af þeim sex mánuðum sem hann fékk skilorðsbundnir. - jss

NAUTGRIPIR Einn Íslendingur hefur greinst með nautgripaberkla. Slíkt gerðist síðast 1958.

21 smitaður árið 2010:

Óvenju margir með berkla

HEILBRIGÐISMÁL Óvenju margir hafa greinst með berkla hér á landi í ár eða 21 einstaklingur. Af þeim eru sextán af erlendu bergi brotnir. Þeir sem greinst hafa eru á aldrinum tuttugu til sjötíu ára.

Einn Íslendingur greindist með nautgripaberkla. Ekki er ljóst hvernig smitið bar að og ekki er vitað til þess að berklar herji á nautgripi hér á landi um þessar mundir.

Berklasmit jafngildir ekki berklasjúkdómi, en talið er að tíu prósent þeirra sem smitast fái sjúkdóminn. - shá

Gunnar vanhæfur en neitaði samt að víkja

Gunnar I. Birgisson varð ekki við ósk formanns bæjarráðs Kópavogs um að víkja af fundi þegar rætt var um leigu húsnæðis í eigu Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. Þó að Gunnar tæki ekki þátt í afgreiðslunni vildi hann geta tjáð sig.

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Kópavogs hefur óskað eftir áliti bæjarlögmanns á því hvort bæjarfulltrúi sem lýsi sig vanhæfan í máli og taki ekki þátt í afgreiðslu þess geti samt tekið þátt í umræðu um málið.

Á Þorláksmessu var rætt um það í bæjarráði að segja upp núverandi húsaleigusamningi Héraðsskjalasafns Kópavogs í Hamraborg 1 og endurskoða allan annan kostnað. Meðal annars ætti að ræða við núverandi leigusala um hagkvæmari leigusamning sem upphaflega var gerður eftir útboð fyrir um áratug. Húsnæðið er í eigu Þorra ehf. Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi á 75,3 prósenta hlut í félaginu. Gunnar I. Birgisson bæjarfulltrúi er formaður stjórnar þess.

Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs, bókaði að Gunnar væri vanhæfur við afgreiðslu málsins. Hann hafi ekki orðið við óskum hennar að víkja af fundi.

„Undirritaður tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins en tel mig geta tjáð mig um málið,“ svaraði þá Gunnar og fór hvergi.

„Sem stjórnarformaður í Þorra er algjörlega ljóst að Gunnar er vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu málsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum ber honum að víkja af fundi en hann neitaði því. Það er auðvitað óþægilegt þegar málið er rætt að hafa hagsmunaðila sem áheyranda að þeirri umræðu,“ segir Guðríður Arnardóttir. Hún kveðst telja leiguna sem Héraðsskjalasafnið greiðir of háa miðað við núverandi aðstæður á markaði. Auk þess henti húsnæðið starfseminni illa.

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR Formaður bæjarráðs Kópavogs telur að Héraðsskjalasafnið borgi félagi í meirihlutaeigu fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna of háa húsaleigu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GUNNAR I. BIRGISSON

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Þrátt fyrir að vera í fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna vék Ármann Kr. Ólafsson ekki af bæjarráðsfundi þegar húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins var á dagskrá.

„Það að ég sé í fulltrúaráðinu gerir mig ekki vanhæfan og hef ég engan persónulegan eða fjárhagslegan ávinning af þessu máli. Eina markmið mitt er að ná fram lækkun á leigu Héraðskjalasafnsins til hagsbóta fyrir íbúa í Kópavogi,“ segir Ármann.

ÓMAR STEFÁNSSON

Framsóknarmaðurinn Ómar Stefánsson vék á meðan leigumálið var rætt. Faðir hans er einn 80 smærri hluthafa í Þorra.

Afgreiðslu málsins var frestað á bæjarráðsfundinum. „Ef málið hefði verið afgreitt þá hefði ég vikið af fundinum á meðan,“ útskýrir Gunnar I. Birgisson. Hann hafi viljað vera við umræðuna til að skýra málið. „Framkvæmdastjóri Þorra hefur tvisvar sent bænum tölvupósta um það að félagið væri reiðubúið að lækka húsaleiguna. Því hefur aldrei verið svarað.“

gar@frettabladid.is

Lést í bílslysi í Langadal

Maðurinn sem lést í bílslysinu í Húnavatnssýslu í fyrrakvöld hét Hilmar Tómasson. Hann var 35 ára gamall, búsettur að Valagili 21 á Akureyri og lætur eftir sig tvær ungar dætur.

Hilmar ók vöruflutningabíl sem lenti saman við annan slíkan sem kom úr gagnstæðri átt í Langadal. Tengivagn annars bílsins virðist hafa farið yfir á öfugan vegarhelming.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti Hilmar á slysadeild Landspítalans en hann var úrskurðaður látinn skömmu eftir komuna þangað.

Samstarf VST og Reykjavíkur:

Fatlaðir studdir á vinnumarkaði

ATVINNUMÁL Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg hafa undirritað samkomulag um vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk og samstarf varðandi þjónustu og vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur sem njóta félagsþjónustu hjá Reykjavíkurborg.

Samkomulagið felur meðal annars í sér að Vinnumálastofnun kemur til með að annast verkefnið Atvinna með stuðningi á árinu 2011 og mun stofnunin ráða til starfa starfsfólk Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík sem hingað til hefur annast verkefnið. - shá

HAPPDRÆTTI

Vann risapott

Heimilisfaðir á sextugsaldri, búsettur á höfuðborgarsvæðinu, vann 75 milljónir í Happdrætti Háskóla Íslands í gær. Þetta er annað árið í röð sem dregið er um svo háan vinning í Happdrætti Háskólans.

Er þinn auður í góðum höndum?

Komdu með sparnaðinn til Auðar fyrir áramót

- Séreignarsparnaður
- Sparnaður
- Eignastýring

Óháð staða skiptir máli

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

Deilt um málarekstur rússneskra yfirvalda gegn Mikhail Khodorkovsky:

Rússar vísa gagnrýni á bug

MOSKVA, AP Rússar svara þeim fullum hálsi sem hafa gagnrýnt málareksturinn gegn olíujöfrinum Mikhail Khodorkovsky, sem var fundinn sekur í vikunni um undanskot og peningaþvætti.

Meðal annars sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að dómurinn vekti upp spurningar um pólitíska íhlutun í málinu, en Khodorkovsky hafði staðið uppi í hárinu á Vladimír Pútín, þáverandi forseta landsins.

Segir í tilkynningu frá rússneska utanríkisráðuneytinu að slíkar ásakanir séu tilhæfulausar með öllu og beinir ráðuneytið þeim tilmælum til annarra ríkja að skipta sér ekki af innanríkismálum Rússa.

Þar segir aukinheldur að málareksturinn gegn Khodorkovsky snúist um stórfelld skattsvik og peningaþvætti, og í Bandaríkjunum væru menn jafnvel dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir slíkt. Þessi yfirlýsing þykir lögmönnum Khodorkovsky varpa ljósi á vanþekkingu yfirvalda því þetta mál snerist ekki um skattsvik.

Þrátt fyrir þíðu í samskiptum Rússa og Vesturveldanna að undanförnu sýnir þessi dómur að mati fréttaskýrenda að lítið hafi í raun breyst í innanríkismálum Rússlands síðustu ár. - þj

Á BAK VIÐ LÁS OG SLÁ Olíujöfurinn fyrrverandi Mikhail Khodorkovsky hefur setið í fangelsi frá árinu 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HYUNDAI

5 ára ábyrgð

5 ára vegaaðstoð

5 ára léttskoðun

Þrefalt betri

Nýjum *i30* fylgir þrefaldur öryggispakki til 5 ára.

Nýr *i30*

Hjá Hyundai er öryggið ávallt í fyrirrúmi. Nýjum Hyundai *i30* fylgir nú þrefaldur öryggispakki sem samanstendur af 5 ára ábyrgð, 5 ára vega-aðstoð og aðgangi að léttskoðun í 5 ár. Þessu til viðbótar hlaut nýr Hyundai *i30* 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófi og státar af einstaklega sparneytinni og umhverfisvænni vél. Óhætt er að fullyrða að öruggari bílakaup séu vandfundin á Íslandi í dag.

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM44780

GENGIÐ 28.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,57	116,13
Sterlingspund	178,28	179,14
Evra	153,01	153,87
Dönsk króna	20,526	20,646
Norsk króna	19,545	19,661
Sænsk króna	17,066	17,166
Japanskt jen	1,406	1,4142
SDR	177,68	178,74

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,8366
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vottunarstofan Tún hefur staðfest að Sjóvík og Fram Foods uppfylli kröfur MSC um rekjanleika afurða:

Sjávarútvegsfyrirtæki fá MSC-vottun

SJÁVARÚTVEGUR Vottunarstofan Tún hefur staðfest að fyrirtækin Sjóvík ehf. og Fram Foods Ísland hf. uppfylli kröfur Marine Stewardship Council (MSC) um rekjanleika sjávarafurða sem upprunnar eru úr MSC-vottuðum sjálfbærum fiskveiðum. Vottorð þessa efnis voru afhent í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík í gær. Sjóvík og Fram Foods Ísland eru fyrstu íslensku fyrirtækin sem hljóta vottunina.

MSC-vottun staðfestir að hráefni og afurðir séu upprunnar úr sjálfbærum fiskistofnum. Slík vottun hefur breiðst hratt út á undanförnum árum samfara aukinni eftirspurn á alþjóðlegum mörkuðum eftir sjávarafurðum úr vottuðum nytjastofnum. Fram til þessa hafa íslensk fyrirtæki þurft að sækja vottunina til útlanda en MSC-vottunin greiðir þeim leið inn á ýmsa góða markaði.

Sjóvík er dótturfyrirtæki Icelandic Group sem fyrr á þessu ári sótti um MSC-vottun. Sjóvík á og rekur fiskvinnslu í Kína og Taílandi og sérhæfir sig í vinnslu á sérunnum afurðum úr Kyrrahafsþorski og Alaskaufsa.

Fram Foods Ísland var áður Bakkavör Ísland. Í verksmiðju fyrirtækisins í Reykjanesbæ eru framleiddar ýmsar afurðir úr hrognum bolfisks, grásleppu, loðnu og síldar. - shá

FRÁ AFHENDINGU Svanhildur Leifsdóttir, framkvæmdastjóri Fram Foods, og Björn Marius Jónasson frá Sjóvík tóku við vottorðum í gær. MYND/TÚN

Skaust yfir í aftursætið:

Leyfði níu ára afabarni að aka

LÖGREGLUMÁL Lögreglumaður frá Ólafsfirði veitti einkennilegu aksturslagi bifreiðar á Siglufjarðarvegi athygli í hádeginu í gær.

Skyndilega staðnæmdist bíllinn og var lögregluþjónninn að eigin sögn nálægt því að aka aftan á hana. „Sá ég þá hvar lítil mannvera skaust úr ökumannssætinu og henti sér í aftursætið," segir í dagbók lögreglumannsins.

Hann kannaði málið og fann í framsætinu hálfníræðan mann sem viðurkenndi að hafa leyft níu ára dóttursyni sínum að aka í gegnum Héðinsfjarðargöngin. Afinn tók síðan við akstrinum sjálfur.

Lögreglumaður hafði samband við föður drengsins og sagði honum frá ferðalaginu. - sh

Fékk veiðileyfi og markpóst:

UST mátti ekki afhenda lista

PERSÓNUVERND Umhverfisstofnun var ekki heimilt að afhenda fyrirtæki lista yfir þá sem fengið höfðu leyfi til hreindýraveiða í ár. Fyrirtækið sendi í kjölfarið sendi auglýsingapóst til hópsins.

Samkvæmt úrskurði Persónuverndar hefði Umhverfisstofnun þurft að gefa veiðimönnunum kost á að andmæla því að til stæði að afhenda lista með nöfnum, heimilisföngum og póstnúmerum.

Veiðimaður sem kvartaði til Persónuverndar sagði þessar upplýsingar viðkvæmar og ekki hefði átt að afhenda þær. Þeir sem fái veiðileyfi hafi aðgang að öflugum skotvopnum sem ekki sé ástæða til að auglýsa. - þj

Ólíklegt að breyting verði á samstarfinu

Ríkisstjórnin siglir veik inn í nýtt ár. Óþol Samfylkingarinnar gagnvart VG hefur magnast. Stjórnarleiðtogarnir hyggjast ekki leita á náðir Framsóknar.

FRÉTTASKÝRING

Stendur ríkisstjórnin storminn af sér?

Ríkisstjórnin veiktist mjög við hjásetu þriggja þingmanna VG við afgreiðslu fjárlaga og enn eftir að Lilja Mósesdóttir upplýsti í Fréttablaðinu í gær að hún væri að íhuga að segja sig úr þingflokki VG.

Samtöl við fólk úr báðum stjórnarflokkum benda engu að síður til að meiri líkur en minni séu á að ríkisstjórnin sitji áfram óbreytt.

Í gær fóru á flot fréttir um að ríkisstjórnin hygðist fá Framsóknarflokkinn til liðs við sig. Heimildir herma að forystumenn stjórnarflokkanna hafi ekki rætt þann möguleika, hvorki sín á milli né við aðra. Slíkt sé heldur ekki á dagskrá, eins og sakir standa í það minnsta.

Ríkisstjórnin hefur meirihluta á þingi, hvort sem þremenningarnir úr VG eru taldir með eða ekki. Og rétt er að halda til haga að þeir hafa ítrekað lýst yfir að þrátt fyrir hjásetuna styðji þeir stjórnina. Á það er líka bent að engin veigamikil mál koma til kasta þingsins á næstunni þar sem virkilega reynir á meirihlutann. Þeir sem minna á það telja, eða vona, að þverpólitísk sátt takist um Icesave-málið. Mat hinna sömu er með öðrum orðum að málefnalega standi ríkisstjórnin nokkuð sterk.

Þegar rætt er um aðkomu Framsóknarflokks að ríkisstjórninni er spurt hvort þremenningarnir geti hugsað sér að verða valdir að slíku. Svarið er: Varla. Það samræmist illa hugsjónum þeirra sem og margra VG liða, innan þings og utan. Umræður um þann möguleika kunni að verða til þess að raðir flokksins þéttist á nýjan leik.

ÞUNGUR RÓÐUR Ríkisstjórnin stendur veik eftir hjásetu stjórnarliða á dögunum og yfirlýsingu Lilju Mósesdóttur um að hún íhugi að segja sig úr þingflokki VG. Þingflokksfundur VG í næstu viku er lykilstund fyrir stjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvað sem þessu líður hefur óþolið innan Samfylkingarinnar gagnvart óstöðugleikanum í VG magnast mjög. Þaðan berast háværar raddir um breytingar. Fleiri viðmælendur en færri úr röðum Samfylkingarmanna eru þó þeirrar skoðunar að ákjósanlegast væri að sættir tækjust innan VG og að flokkarnir héldu áfram samstarfinu óbreyttu. Kostur B væri að fá Framsóknarflokkinn til liðs við stjórnina að undangengnum samningaviðræðum um helstu málefni. Þriðji kosturinn væri myndun minnihlutastjórnar í einhverri mynd. Sá síðasti – og sísti – væri að Jóhanna Sigurðardóttir bæðist lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.

Sumir Samfylkingarmenn líta ekki á þremenningana sem helsta Þránd í Götu í stjórnarsamstarfinu heldur ráðherrana Jón Bjarnason og Ögmund Jónasson. Forsenda áframhaldandi samstarfs sé að þeir sýni með óyggjandi hætti að þeir meti mikilvægi þess í víðu samhengi og líti á ríkisstjórnina sem órofa heild fremur en reglubundna samkomu tíu einstaklinga.

Ólíkegt er að til tíðinda dragi á vettvangi ríkisstjórnarinnar fyrr en að loknum fundi þingflokks VG í næstu viku.

Á honum verða innri og ytri málefni flokksins rædd. Óumflýjanlegt er að þar fáist niðurstaða sem framhaldið mun ráðast af.

bjorn@frettabladid.is

FYRIRBYGGJANDI Þeir sem hafa látist úr svínaflensu í Evrópu voru ekki bólusettir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir með svínaflensu:

Bylgja svínaflensu að hefjast

HEILBRIGÐISMÁL Þrjú fyrstu tilfellin af inflúensu á árinu greindust í desember. Af þeim reyndust tveir vera sýktir af svínainflúensu en einn með inflúensu A. Enn sem komið er hefur einstaklingum sem leita með inflúensulík einkenni til heilbrigðisstofnana ekki fjölgað.

Í Farsóttafréttum Landlæknis segir að líklega sé önnur bylgja svínainflúensu að hefjast hér á landi, en um helmingur þjóðarinnar hefur verið bólusettur gegn henni. Nokkuð er farið að bera á inflúensu í nágrannalöndunum. Um þrjátíu manns hafa látist af völdum hennar að undanförnu, enginn þeirra bólusettur. - shá

Bandarísk dómsmálayfirvöld:

Neita að hjálpa til við rannsókn

VARSJÁ, AP Bandarísk dómsmálayfirvöld neita að greiða götu pólskra saksóknara sem rannsaka hvort Bandaríkjamenn hafi starfrækt leynifangelsi í landinu.

Bandaríkjamenn bera fyrir sig tvíhliða trúnaðarsamkomulag milli ríkjanna.

Tveir menn sem voru í haldi Bandaríkjamanna, grunaðir um hryðjuverk, segjast hafa þolað ofbeldi í meintu fangelsi. - þj

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

GAMLÁRSKVÖLD
Veður verður svipað á morgun en á föstudag lítur út fyrir norðlæga átt með kólnandi veðri og éljum í fyrstu fyrir norðan. Dregur úr vindi á gamlárskvöld og léttir víða til, en líkur á lítils háttar úrkomu á suðvesturhorninu.



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	6°
Berlín	-11°
Billund	-4°
Frankfurt	-3°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	-6°
Kaupmannahöfn	-6°
Las Palmas	22°
London	8°
Mallorca	16°
New York	3°
Orlando	17°
Ósló	-10°
París	5°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	-4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Endurútreikningur lækkar höfuðstól lána

Landsbankinn hefur birt endurútreikning höfuðstóls 1700 gengistryggðra fasteignalána einstaklinga í Einkabanka Landsbankans. Endurútreikningurinn sýnir að höfuðstóll lána lækkar að meðaltali um 37%.

Í janúar munu viðskiptavinir Landsbankans geta valið um verðtryggt eða óverðtryggt lán í íslenskum krónum, eða kosið að vera áfram með lán í erlendri mynt.

Lækkun á höfuðstóli láns þarf ekki að vera vísbending um lægri greiðslubyrði. Viðskiptavinir eiga þess kost að nýta sér lausnir Landsbankans til að létta greiðslubyrðina eða lækka höfuðstólinn enn frekar að endurútreikningi loknum. Markmið okkar er að greiðslubyrðin verði viðráðanleg fyrir viðskiptavini.

Nánari upplýsingar á **landsbankinn.is** eða í næsta útibúi.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEWM / SÍA / NM44808

LÁN TEKIÐ Í MARS 2008

Samsetning CHF 70%, JPY 30%



ENDURÚTREIKNINGUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

KJÖRKASSINN



Skilaðir þú einverjum jólagjöfum í ár?

Já 28,2%

Nei 71,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að kaupa flugelda fyrir áramótin?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Lög um ólögleg gengislán tóku gildi í gær:

Lánastofnanir fá sextíu daga

EFNAHAGSMÁL Lánastofnanir hafa 60 daga frest til útreikninga á ólögmætum gengisbundnum bíla- og fasteignaveðlánum eftir að frumvarp um gengisbundin lán varð að lögum í gær. Samkvæmt lögunum skal uppgjör fara fram innan 90 daga frá gildistöku þeirra.

Í tilkynningu frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti segir að með þessum lögum séu „stigin mikilvæg skref í endurskipulagninu skulda heimilanna“ og þau sýni sanngirni gagnvart öllum lántakendum gengisbundinna fasteignaveðlána og bílalána.

Lög þessi eiga líka að vera grundvöllur þess að takast á við vanda lántakenda í samræmi við nýlegt samkomulag ríkisstjórnar, lánastofnana og lífeyrissjóða um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Meðal þeirra úrræða sem það felur í sér er að lántakendum í greiðsluvanda býðst að fá eftirstöðvar skulda færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar. Hægt verður að greiða upp skuldir af ólöglegum lánum án álags og kröfur ábyrgðarmanna sem hafa innt af hendi greiðslur munu ganga fyrir öðrum kröfum í uppgjöri. - þj

GENGISLÁNALÖG TAKA GILDI Lög um gengislán tóku gildi í gær. Þau eru talin mikilvægt skref í endurskipulagningu skulda heimilanna. NORDICPHOTOS/AFP

Litríkar myndir rannsakaðar:

Hellamyndir hafa lifnað við

ÁSTRALÍA Vísindamenn telja sig hafa uppgötvað hvers vegna sumar hellamyndir sem taldar eru tugþúsunda ára gamlar eru enn litríkar á meðan aðrar hafa dofnað eða jafnvel horfið. Ástæðan er sú að litirnir í myndunum eru lifandi.

Í ljós hefur komið að bakteríur og sveppir hafa tekið sér bólfestu í myndunum. Þá hafi næringarefni í litum frumbyggjanna orðið til þess að sambýli sveppa og baktería hafi gert það að verkum að litirnir viðhéldust. - bj

Væntingavísitala á niðurleið:

Lítil bjartsýni mælist í lok árs

KÖNNUN Væntingavísitala Gallup lækkar um tæplega tvö stig milli mánaða og mælist nú 48,3 stig. Þetta er undir meðaltali ársins, sem var 53 stig.

Vísitalan mælir væntingar landsmanna til efnahagslífs og atvinnumála. Væntingavísitalan komst lægst í 32 stig í október, en komst upp í 50,6 stig í nóvember.

Væntingavísitalan er fundin með því að spyrja þátttakendur í könnunum Gallup spurninga um efnahagsástandið og mat á framtíðarhorfum. Ef vísitalan er 100 stig eru jafn margir bjartsýnir og svartsýnir. Ef hún er undir 100 eru fleiri svartsýnir. - bj

GERPLUSTÚLKUR Þykja flott fyrirmynd fyrir þjóðina alla.

Nýtt líf velur konu ársins:

Gerplustúlkur skara fram úr

FÓLK Tímaritið Nýtt líf hefur valið Gerplustúlkur konur ársins 2010. Í rökstuðningi með valinu segir að stúlkurnar, sem eru fimmtán, hafi komið heim með gull um hálsinn eftir þátttöku sína á Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum í október síðastliðnum. Mótið sé það stærsta í þessari grein í heiminum.

Hópurinn sé flott fyrirmynd, ekki einungis fyrir ungu kynslóðina heldur þjóðina í heild sinni. Hann hafi sýnt fram á einstaka samvinnu og látið drauma sína rætast.

Nýtt líf hefur útnefnt Konu ársins frá árinu 1980. - jhh

Breytt nafn eignastýringar:

Taka aftur upp nafnið VÍB

VIÐSKIPTI Nafni Eignastýringar Íslandsbanka hefur verið breytt, og mun starfsemin fara fram undir merkjum VÍB á nýju ári. Breytingunum er ætlað að aðgreina eignastýringastarfsemi bankans frá annarri bankastarfsemi, að því er fram kemur í tilkynningu frá Íslandsbanka.

Eignastýring bankans var rekin undir nafninu Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, skammstafað VÍB, á árunum 1986 til 2001. Nafnið VÍB er tilvísun í gamla nafnið en ekki skammstöfun, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. - bj

Saksóknara Alþingis neitað um brýn gögn

Þjóðskjalavörður hefur hafnað beiðni saksóknara Alþingis um aðgang að yfirheyrslum rannsóknarnefndar Alþingis og tölvubréfum Geirs Haarde. Saksóknari segir gögnin nauðsynleg svo smíða megi ákæru og ætlar með málið í dóm.

LANDSDÓMUR Útlit er fyrir að Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, þurfi að leita til dómstóla til að freista þess að fá aðgang að 61 skýrslu sem tekin var af fólki hjá rannsóknarnefnd Alþingis og tölvupóstsamskiptum Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

Rannsóknarnefndin hefur lögum samkvæmt afhent Þjóðskjalasafninu öll gögn sín til varðveislu. Hluti þeirra hefur verið gerður aðgengilegur fræðimönnum að uppfylltum skilyrðum, en í lögum um nefndina segir að ef höfðað er sakamál á hendur einhverjum sem vikið er að í gögnunum skuli sömu reglur gilda um aðgang að upplýsingum eins og almennt um sakamál.

Sigríður hefur farið fram á það við Þjóðskjalasafnið að fá gögnin afhent en þeirri beiðni var synjað með vísan til stjórnarskrárákvæðisins um friðhelgi einkalífsins og þess hversu rík skylda hvíldi á fólki að gefa skýrslu fyrir nefndinni og draga þar ekkert undan.

„Ég tel mjög nauðsynlegt að fá þessar skýrslur, meðal annars af lykilfólki í bönkum, Seðlabanka og ráðuneytum, en þau telja að það sé ekki heimilt að afhenda skýrslurnar og tölvupóstsamskipti Geirs,“ segir Sigríður. Án gagnanna verði hins vegar tæplega hægt að útbúa ákæru í málinu.

> Ég tel mjög nauðsynlegt að fá þessar skýrslur, meðal annars af lykilfólki í bönkum, Seðlabanka og ráðuneytum.
>
> **SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR** SAKSÓKNARI ALÞINGIS

„Annars þarf ég kannski að fara að taka einhverjar skýrslur, því að það er erfitt að kalla fólk fyrir landsdóm vitandi ekkert hvað það hefur fram að færa,“ útskýrir Sigríður. Til samanburðar nefnir hún að í venjulegu sakamáli liggi fyrir lögregluskýrslur sem ákæruvaldið geti byggt málatilbúnað sinn á.

Ekki dugi að vísa til skýrslu rannsóknarnefndarinnar því bæði saksóknarinn og dómurinn þurfi að sjá gögnin sem liggja að baki ályktunum nefndarinnar og leggja á þau sjálfstætt mat. Kæmi til þess að saksóknari þyrfti að taka skýrslur til að undirbyggja ákæruna yrði það líklega gert fyrir héraðsdómi.

Sigríður vill hins vegar fyrst láta á það reyna hvort hún fái aðgang að gögnunum og hyggst því leggja fram beiðni um haldlagningu þeirra eftir áramót. Slík beiðni færi líklega fyrir landsdóm. Þangað til niðurstaða fæst í málið verði hins vegar hægt að vinna áfram að undirbúningi málsóknarinnar.

Rannsóknarnefndin tók alls skýrslu af 163 einstaklingum og Sigríður hefur því óskað eftir aðgangi að drjúgum hluta þeirra. Hún hefur jafnframt óskað eftir öðrum gögnum, meðal annars bréfum, fundargerðum, minnisblöðum og lista yfir þá 183 sem rannsóknarnefndin fundaði með án þess að taka af þeim formlega skýrslu og á von á að fá þau í hendur fljótlega.

stigur@frettabladid.is

GEIR H. HAARDE

SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR

HORFIN Erika Gandara átti við ofurefli að etja sem eini lögreglumaðurinn í smábænum Guadalupe. NORDICPHOTOS/AFP

Landamærabær án lögreglu:

Rændu síðustu löggu bæjarins

MEXÍKÓ Enginn lögreglumaður er nú starfandi í mexíkóska landamærabænum Guadalupe eftir að síðasta lögreglumanninum sem eftir var í bænum var rænt af undirtyllum fíkniefnabaróna.

Erika Gandara hafði ein reynt að halda uppi lögum og reglum í þessum níu þúsund manna bæ frá því í júní, að því er fram kemur á vef BBC. Kollegar hennar, sem á tímabili voru um tíu talsins, hafa ýmist sagt upp eða látið lífið í bardögum við glæpamenn.

Mexíkósk stjórnvöld hafa átt í mannskæðum átökum við fíkniefnabaróna í landinu síðustu ár. Hermenn reyna nú að halda friðinn í Guadalupe. - bj

Nemendur funda með ráðherra til að ræða ákvörðun um að leggja niður nám:

Hrikalegt áfall segir nemandi

MENNTAMÁL Fimm nemendur sem til stóð að útskrifuðust af útstillingabraut Iðnskólans í Hafnarfirði hafa óskað eftir fundi með menntamálaráðherra til að ræða þá ákvörðun stjórnenda skólans að leggja námið niður án fyrirvara frá áramótum.

„Það er bara svakalegt ef þessi ákvörðun fær að standa,“ segir Sigríður Jóhannsdóttir, nemandi á útstillingabraut.

„Þetta er hrikalegt áfall, við erum búin að eyða einu og hálfu ári í þetta nám,“ segir Sigríður. Nemendur í útstillingum fengu á Þorláksmessu bréf frá stjórnendum skólans þar sem tilkynnt var að námið yrði fellt niður.

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir að fundað verði með nemendunum vegna málsins í vikunni. Ráðuneytið hefur kallað eftir upplýsingum frá skólanum um málið en hefur ekki fengið svör. Elías ítrekar það sem haft var eftir honum í Fréttablaðinu fyrir síðustu helgi að nemendur eigi rétt á því að ljúka því námi sem þeir séu byrjaðir á.

Í stuttu samtali við Fréttablaðið í gær sagðist Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, ekki vilja skýra frekar þá ákvörðun að leggja námið niður. Jóhannes lætur af störfum fyrir aldurs sakir um áramót. Nýr skólameistari verður skipaður fyrir vikulok. - bj

ÚTSTILLINGAR Í námi í útstillingum í Iðnskólanum í Hafnarfirði læra nemendur að stilla upp vörum í búðargluggum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrrverandi þingmaður dæmdur:

Fyrirskipaði fjölda morða

MOSKVA, AP Igor Izmestjev, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður í Rússlandi, var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa fyrirskipað fjölda morða.

Izmestjev er olíubraskari frá héraðinu Bashkiria, og var um hríð öldungardeildarþingmaður, en hann var einnig fjárhagslegur bakhjarl Kingisepp-bófaflokksins sem myrti 14 manns á árabilinu 1992 til 2004. Fjórir aðrir meðlimir klíkunnar voru dæmdir í allt að 23 ára fangelsi

Gagnrýnendur stjórnvalda í Rússlandi segja að hundruð glæpamanna hafi náð pólitískum frama þar í landi. - þj

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Tilboðum í Valaskjálf hafnað

Bæjarráð Fljótdalshéraðs hefur hafnað öllum þremur tilboðum sem bárust í rekstur félagsheimilishluta Valaskjálfar. Viðræður við hæstbjóðanda báru ekki árangur. Auglýsa á reksturinn að nýju. Bæjarráðið vill að aðgengi félags- og menningarstarfsemi að húsinu verði tryggt eins og hægt er.

KRÓNAN

SPRENGI-DAGUR

Aðeins í dag

Aðalvinningur:

100.000 kr.

Vinningurinn inniheldur tvær stærstu skottertur sem Hjálparsveitirnar eru með í sölu.

Allir sem versla í dag í Krónunni geta unnið flugeldaverðlaun frá Hjálparsveit skáta Kópavogi

Vinningur 2-10: Traustí, stærsti fjölskyldupakkinn frá Hjálparsveitunum, 21.000 kr. hver vinningur.

Alls eru tíu vinningar, heildarverðmæti er 300.000 kr.
Sækja þarf vinninga fyrir kl. 12:00, 31. des. 2010.

Nýr sölustaður, Lindir Kópavogi

Geymdu strimilinn!

Lukkunúmerið þitt gæti verið á honum. Vinningsnúmer verða birt á heimasíðu Krónunnar á morgun, fimmtudag.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka á enn í viðræðum við fjárfesta vegna sölu Haga:

Niðurstöðu að vænta í janúar

VIÐSKIPTI Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka á enn í viðræðum við valda fjárfesta vegna sölunnar á kjölfestuhlut í Högum. Iða Brá Benediktsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, segir að gera megi ráð fyrir að viðræðurnar standi til loka janúar.

Formlegt söluferli Haga hófst 18. október síðastliðinn, en í fyrsta hluta þess var boðinn til sölu 15 til 29 prósenta kjölfestuhlutur í fyrirtækinu. Um miðjan nóvember höfðu tíu fjárfestar skilað inn tilboðum og í desember segir Iða að valið hafi verið úr þeim hópi til áframhaldandi viðræðna. Ekki hefur verið gefið upp við hversu marga er rætt. Í fyrsta hluta söluferlisins er fjárfestum jafnframt gefinn kostur á að leggja fram tilboð í allan hlut bankans í högum, sem nemur 99,5 prósentum af útistandandi hlutum í félaginu.

Í sölulýsingu Arion banka frá því í október kemur fram að áformað sé að taka hlutabréf í Högum til viðskipta í Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland), en að fagfjárfestum og almenningi bjóðist að kaupa hluti í félaginu í aðdraganda þeirrar skráningar. **- óká**

HAGKAUP Hagar er verslunarfyrirtæki sem á Hagkaup, Bónus, Útilíf og fleiri verslanir, auk innkaupafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samið um rekstur Sólheima út janúar

Reynt verður til þrautar að ná samkomulagi við Sveitarfélagið Árborg um rekstur Sólheima í Grímsnesi fyrir lok janúar. Erum með erfiða drauga í farteskinu segir framkvæmdastjóri Sólheima. Hann segist vongóður um að lausn finnist.

FÉLAGSMÁL Rekstur Sólheima í Grímsnesi verður með óbreyttu sniði út janúar hið minnsta samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi sem stjórnendur Sólheima og bæjaryfirvöld í Árborg náðu í gær. Nota á janúarmánuð til að reyna til þrautar að semja um framhaldið.

GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON

ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR

„Það er hægt að leysa þetta mál, og það er hægt að gera það þannig að allir geti borið höfuðið hátt eftir það. Við munum fara í þetta mál til að leysa það hratt og vel og af ábyrgð," segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnesi.

Árborg mun greiða um 23 milljónir króna til reksturs Sólheima í janúar samkvæmt því samkomulagi sem náðist í gær.

Guðmundur segist vongóður um að samkomulag takist eftir fund með framkvæmdastjóra Árborgar fyrir hádegi í gær. Stjórnendur Sólheima munu eftir sem áður leggja höfuðáherslu á að íbúar fái þá þjónustu sem þeir eigi rétt á, og að sérstöðu Sólheima verði viðhaldið, segir hann.

„Við fórum yfir þá þætti sem þarf sérstaklega að ræða í samningaviðræðunum, og vorum nokkuð sammála um hvaða þættir það væru," segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar.

> Það sem gerir þessa stöðu flóknari er að við erum með erfiða drauga í farteskinu sem löggjafinn hefði með réttu átt að leysa…
>
> **GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SÓLHEIMA

Hún segir mánuð ekki langan tíma til að ná samkomulagi, en reynt verði að láta þann tíma duga. Aðspurð segir hún ekki hægt að útiloka að bráðabirgðasamkomulagið verði framlengt ef þurfa þyki.

SÓLHEIMAR Deilt hefur verið um framtíð Sólheima í Grímsnesi eftir að ákveðið var að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórnendur Sólheima hafa gagnrýnt ríkið harkalega í tengslum við flutning málefna fatlaðra frá ríkinu til sveitarfélaga nú um áramótin. „Það sem gerir þessa stöðu flóknari er að við erum með erfiða drauga í farteskinu sem löggjafinn hefði með réttu átt að leysa áður en þessar breytingar væru gerðar," segir Guðmundur.

Þar segist hann eiga við þjónustumat fyrir íbúa sem liggur til grundvallar því hvaða þjónustu íbúar eiga rétt á. Það mat sem nú sé notast við sé átta ára gamalt en ætti að uppfæra árlega.

„Við vildum að ríkið leysti þetta mál svo íbúar hér fengju þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Það lánaðist ekki, og nú þurfum við að ganga á Árborg með að leysa vanda sem ríkið hefði átt að leysa," segir Guðmundur. **brjann@frettabladid.is**

Verðtryggð skuldabréf
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
LSS 08 1

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin samanstendur af tveimur skjölum, verðbréfalýsingu dagsettri 29. desember og útgefandalýsingu dagsettri 6. júlí 2010. Lýsinguna og gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is.

Nafnverð útgáfu:
Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 30. desember 2010 er 980.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 5.980.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 10.000.000 kr.

Skilmálar bréfanna:
Skuldabréfin eru verðtryggð og er verðtryggingin bundin vísitölu neysluverðs (VNV). Greitt er af bréfunum með jöfnum afborgunum hálfsárslega, 26. mars og 26. september ár hvert. Bréfin bera fasta 5,3% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 26. mars og 26. september ár hvert. Fyrsti vaxtagjalddagi var 26. september 2008 en vextir reiknast frá og með útgáfudegi skuldabréfanna þann 26. mars 2008. Lokagjalddagi skuldabréfanna er 26. mars 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS 08 1 og ISIN númer IS0000017622.

Reykjavík, 29. desember 2010.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Öflug bardagaterta frá björgunarsveitinni Ársæli fylgir öllum notuðum bílum hjá okkur til áramóta.

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG OG Á MORGUN! LOKAÐ Á GAMLÁRSDAG

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Umboðsmenn um land allt · www.hekla.is · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Deilur á Fílabeinsströndinni:

Skora á Gbagbo að víkja strax

FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Sendinefnd Vestur-Afríkuríkja hefur skorað á Laurent Gbagbo, forseta Fílabeinsstrandarinnar, að hlíta kosningaúrslitum og víkja úr sæti nú þegar.

LAURENT GBAGBO

Mikil óvissa hefur ríkt í landinu síðustu vikur eftir að Gbagbo neitaði að viðurkenna tap fyrir Alassane Ouattara. Sá hefur stuðning allra nágrannaríkja og alþjóðasamfélagsins, en 173 hafa látist í átökum öryggissveita Gbagbos og stuðningsmanna Ouattarra.

Afríkuríkin hóta hernaðaríhlutun, en Nígería er sterkasta herveldi svæðisins. **- þj**

Gleðilegt Nýtt Ár

Hattar
verð frá
195kr.

Knöll
verð frá
995kr.

Kastlengjur
verð frá
295kr.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Humar
allar stærðir og gerðir

INNBAKAÐUR HUMAR

Humarsoð frá Hornafirði

SKÖTUSELUR
roðlaus og beinlaus
1.990 kr/kg
áður 3.990

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

SKYNDI-HJÁLPAR-MAÐUR ÁRSINS 2010

Rauði kross Íslands auglýsir eftir ábendingum um einstakling sem hefur á árinu 2010 bjargað mannslífi með **réttum viðbrögðum** í skyndihjálp.

Ábendingar skulu berast fyrir **15. janúar**. Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar má finna á **raudikrossinn.is**

Rauði kross Íslands
www.raudikrossinn.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
visir.is

31 morð framið í Noregi það sem af er árinu 2010:

Flest fórnarlömbin þekktu morðingjann

NOREGUR 31 morð hefur verið framið í Noregi það sem af er ári, að því er fram kemur í úttekt á vef Aftenposten.

Þar segir einnig að eingöngu eitt morðanna sé óupplýst og að í langflestum tilfellum, í öllum nema tveimur, hafi fórnarlömbin þekkt banamann sinn.

Ekki eru óvenjulega mörg morð þetta árið í Noregi og þau eru tiltölulega fá í samanburði við önnur lönd. Morðin 31 samsvara um 0,6 morðum á hverja 100.000 íbúa, en í samanburði við það eru framin 0,9 morð á 100.000 íbúa í Svíþjóð og 5,2 í Bandaríkjunum.

Mest sláandi var hinn hryllilegi atburður sem átti sér stað í haust þegar rúmlega fertugur karlmaður drap eiginkonu sína og þrjár dætur áður en hann svipti sig lífi. **- þj**

SKOTÁRÁS Sex menn voru handteknir á aðfangadag eftir að gerð hafði verið skotárás á heimili í Bústaðahverfi. Fjórir þeirra sitja nú í gæsluvarðhaldi. MYND/STÖÐ 2

Nauðganir og ofbeldi á jólum

Tvær nauðganir og þrjú heimilisofbeldismál voru kærð til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir jóladagana. Í einu málanna var hnífi beitt. Yfirlögregluþjónn biður fólk að huga að börnum yfir hátíðarnar.

LÖGREGLUMÁL Tvö nauðgunarmál og þrjú heimilisofbeldismál eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Öll atvikin áttu sér stað yfir jólahátíðina.

Bæði nauðgunarmálin voru kærð til lögreglu. Þau áttu sér stað eftir að áfengi hafði verið haft um hönd í gleðskap í heimahúsum og þolendur enduðu heima hjá mönnum sem þær þekktu ekki. Annað fórnarlambanna vaknaði við að karlmaður var að hafa samfarir við hana. Um er að ræða stúlkur um og yfir tvítugt. Þær fóru báðar á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala.

Þrír menn hafa verið handteknir vegna rannsókna á málunum eftir að stúlkurnar gátu lýst þeim sem gerendum. Þeir voru yfirheyrðir en sleppt að því loknu. Rannsókn er enn í fullum gangi og yfirheyrslur vitna standa yfir.

Hvað varðar heimilisofbeldismálin var bæði um sambýlisfólk og hjón að ræða. Tvær konur urðu fyrir árás af hálfu maka. Börn voru á báðum heimilunum og saga um langvarandi ofbeldi í báðum tilvikum. Í þriðja málinu var um konu að ræða sem stakk kærasta sinn með hnífi. Hann hlaut skurði en særðist ekki alvarlega. Í öllum tilvikum var um ölvun eða fíkniefnaneyslu að ræða. Engin börn voru á síðastnefnda heimilinu. Fólkið sem um ræðir er allt milli tvítugs og þrítugs.

„Það kemur því miður allt of oft fyrir að lögregla er kölluð til vegna ófriðar á heimili," segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu. Hann bætir við að ekki sé hægt að fullyrða að meira sé um slíkt í ár heldur en endranær. Til þess þyrfti að bera saman tölulegar upplýsingar milli ára.

> Það kemur því miður allt of oft fyrir að lögregla er kölluð til vegna ófriðar á heimili.
>
> **GEIR JÓN ÞÓRISSON**
> YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Geir Jón segir að sprenging hafi orðið á miðnætti annars dags jóla þegar skemmtistaðir voru opnaðir. Ölvun hafi verið talsverð, mikið um ónæði í heimahúsum og fleiri tilvik sem lögregla hafi átt fullt í fangi með að sinna.

„Við erum alltaf að biðja fólk að ganga hægt um gleðinnar dyr og huga að börnunum og jólahátíðinni," undirstrikar Geir Jón. „En það eru alltaf einhverjir sem telja sig ekki geta sleppt úr helgi eða öðrum frítíma í því sambandi og jólin eru ekki helgari en aðrir tímar ársins fyrir þessum hópi."

jss@frettabladid.is

ALGJÖR DÍVA!



- í veisluna

FRÉTTASKÝRING: Kostnaður við rekstur íslenskra grunnskóla

Ísland er sér á parti í skólamálum

Margt er lýtur að rekstri og starfsemi grunnskóla er með öðrum hætti hér en í viðmiðunarlöndunum innan OECD. Nokkrar staðreyndir eru dregnar fram í greinargerð vinnuhóps um kostnað við rekstur grunnskóla. Í henni er bent á að niðurskurður í rekstri skólanna sé óumflýjanlegur.

Í greinargerðinni, sem óformlegur vinnuhópur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga vann, er lagt út af niðurstöðu nýlegrar samantektar OECD sem sýnir að heildarkostnaður við rekstur grunnskólastigsins er hæstur á Íslandi í samanburði þjóðanna. „Er Ísland þar í efsta sæti og er kostnaðurinn 54% hærri en meðaltal OECD landa. Sé tekið tillit til hlutfalls barna af heildarmannfjölda og horft á kostnað á hvern grunnskólanemenda þá er Ísland í fjórða sæti hvað kostnað varðar," segir í greinargerðinni.

Kostnaður hækkar um 24%

Ísland sker sig frá öðrum löndum í margvíslegum samanburði. Hér eru færri börn á hvern kennara en annars staðar, meðalstærð bekkja er lítil, heildarkennslutími kennara er fremur stuttur, hlutfall kennslutíma af heildarvinnutíma kennara er mjög lágt og laun kennara eru lág.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að kostnaður við grunnskóla hefur aukist mjög undanfarin ár. Samkvæmt tölum frá Sambandi sveitarfélaga jókst kostnaður við rekstur grunnskóla úr 43 milljörðum árið 2003 í 52 milljarða árið 2008 eða um 24 prósent (uppreiknað á verðlagi 2008). Kostnaður við hvern nemanda jókst um 24,5 prósent á árunum 2004-2008. Á sama tíma fjölgaði kennurum um 7,9 prósent en öðru starfsfólki um 4,8 prósent.

Í PRÓFI Rekstur grunnskólanna á Íslandi er dýrari en í viðmiðunarlöndunum í OECD. Sveitarfélögin, sem reka grunnskólana, leita nú leiða til að skera niður kostnaðinn enda nemur hann 40-50 prósentum af öllum útgjöldum þeirra. Róttækasta tillaga sveitarfélaganna, svokölluð 5-4-3 leið, hefur mætt harðri andstöðu kennara og samtaka þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ýmsir þættir hafa verið nefndir til skýringar á háum kostnaði við rekstur grunnskóla hér á landi. Hlutfall barna af heildarmannfjölda er fremur hátt á Íslandi miðað við önnur lönd. Landið er dreifbýlt með mörgum fámennum skólum en þó ber að hafa í huga að um 70% landsmanna búa á helstu þéttbýlisstöðum þar sem bekkjarstærð er meiri. Þjónustustig innan grunnskóla á Íslandi er hátt en hér er rekinn skóli án aðgreiningar þar sem einungis um 1% nemenda á grunnskólaaldri er í sérskólum en sama hlutfall í Finnlandi mun vera um 7%. Grunnskólinn er hér einsetinn og boðið er upp á heitar skólamáltíðir. Stofnkostnaður og rekstur skólabygginga er talinn með í kostnaði við rekstur grunnskóla og vísbendingar eru um að hann sé hár hér á landi," segir í greinargerðinni.

Fjölgun kennara

Að mati vinnuhópsins er enginn þessara skýringarþátta afgerandi né skýra þeir þann mikla mun sem er á kostnaði við rekstur grunnskóla hér miðað við önnur lönd. Mat hópsins er að helstu skýringar á kostnaði við rekstur grunnskóla megi rekja til fjölda stöðugilda bæði meðal kennara og annarra starfsmanna. „Að einhverju leyti ræðst þessi fjöldi af þeirri þjónustu sem veitt er innan grunnskólans en stór hluti skýringarinnar liggur í lágu hlutfalli af vinnutíma kennara sem varið er til kennslu og háum meðalaldri kennara."

Lítil kennsluskylda

„Heildarvinnutími grunnskólakennara á ári hér á landi er nokkuð lengri en til dæmis í Noregi, Skotlandi, Danmörku og í OECD og ESB löndum að meðaltali," segir í greinargerðinni. „Hins vegar er hlutfall vinnutímans sem fer til kennslu nemenda lágt hér á landi eða einungis 34,7%. Sú staðreynd kallar á mun fleiri kennara hérlendis til þess að uppfylla sambærilega kennsluþörf."

Bent er á að frá árinu 1998 til 2008 hafi stöðugildum kennara fjölgað um 43 prósent en annarra starfsmanna grunnskóla um 63 prósent. Á sama tíma hafi nemendum í grunnskólum aðeins fjölgað um 2,6 prósent.

Vinnuhópurinn segir að rekja megi hluta þessarar fjölgunar beint til lækkunar á kennsluskyldu en jafnframt kalli framfylgd menntastefnu um skóla án aðgreiningar á fleiri starfsmenn og aðstoðarfólk. Þá sé athyglisvert að skoða þróun aldurssamsetningar kennarahópsins í samhengi við kennsluskyldu. Niðurstöður rannsóknar frá 2009 sýni að um 2/3 hlutar kennara eru 40 ára eða eldri, hlutfall yngri kennara sé lágt og óvenju hátt brottfall sé meðal nýrra kennara. Ríflega 20 prósent kennara hafi verið með kennsluafslátt, ýmist 2 eða 7 stundir á viku, og hratt mun fjölga í þeim hópi.

„Þessi aldurssamsetning leiðir til þess að grunnskólakerfið þarfnast sífellt fleiri kennara til þess að uppfylla kennslueftirspurn og kennslukostnaður eykst því í réttu hlutfalli."

Eldri kennarar dýrari

Í greinargerðinni segir að fjölgun í eldri aldurshópum kennarastéttarinnar fylgi aukinn rekstrarkostnaður. „Eldri kennarar eru dýrari starfsmenn en þeir yngri þar sem kennsluafsláttur þeirra er töluverður samkvæmt kjarasamningi. Yngri kennarar kenna samkvæmt samningum 26 kennslustundir á viku í 36 vikur á ári eða 936 kennslustundir á skólaári. Kennarar sem komnir eru yfir 60 ára aldur kenna aðeins 19 stundir sem eru 684 kennslustundir á skólaári.

Í síðustu kjarasamningum var kennsluskylda færð úr 28 niður í 26 kennslustundir á viku eða í um 17,33 klukkustundir. „Sú lækkun þýddi svo dæmi sé tekið fjölgun stöðugilda í Reykjavík einni um nálægt 100 og hækkun kennslukostnaðar sem því nam.

Svigrúm til hagræðingar

Vinnuhópurinn segir að svo virðist sem töluvert svigrúm sé til hagræðingar í grunnskólum ef eingöngu er horft til kostnaðar við reksturinn og hann borinn saman við rekstrarkostnað annarra þjóða og rekstur framhaldsskóla. Til þessa hafi niðurskurðurinn ekki náð til þátta sem hafi bein áhrif á kennslutíma, ef undan er skilin forfallakennsla sem dregið hafi úr.

Fram kemur að stöðugildum starfsfólks við kennslu hafi fækkað um 225 árið 2009 miðað við fyrri ár. Athygli veki að stöðugildum kennara án kennsluréttinda hafi fækkað um 45 prósent en stöðugildum kennara með kennsluréttindi hafi fjölgað um tvö prósent.

Það verður skorið niður

Í niðurstöðum greinargerðarinnar er vikið að 5-4-3 tillögu Sambands sveitarfélaga án þess þó að beinlínis sé mælt með að farið verði að henni. Segir að áhrif hennar verði að meta í ljósi þess hvað muni gerast ef ekki verði veitt heimild fyrir fækkun kennslustunda.

„Miðað við fjárhagsstöðu sveitarfélaga og þann niðurskurð sem fyrirhugaður er í fjárhagsáætlunum þeirra fyrir næsta ár má gera ráð fyrir að gripið verði til aðgerða sem hafa munu í för með sér jafnmikinn niðurskurð á þjónustu grunnskóla en hann mun verða framkvæmdur með öðrum hætti. Enn frekar verður fjölgað í bekkjum og samkennsla árganga aukin, ætla má að óhjákvæmilegt verði að draga úr sérkennslu og sérfræðiþjónustu og fjölbreytni í námsframboði mun skerðast enn meir."

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Gamlar tölur og tillögum mótmælt

Kennarasamband Íslands (KÍ) gerir athugasemdir við forsendur og niðurstöður vinnuhópsins. Þær eru í nokkrum liðum.

KÍ leggst alfarið gegn tillögum um fækkun kennslustunda. Margsinnis hafi Íslendingum verið bent á nauðsyn þess að verja nám og menntun gegn skakkaföllum á tímum samdráttar og kreppu. Það hafi gert fulltrúar þjóða sem reynslu hafi af slíku og ráðleggja þeir að frekar ætti að bæta í og auka menntun á krepputímum. Þetta ættu íslenskir stjórnmálamenn að hafa sem leiðarljós í umfjöllun sinni um menntamál á krepputímum.

KÍ bendir á niðurstöður OECD

Ætlaður árlegur kennslutími nemenda á aldrinum 7 til 14 ára í opinberum skólum er minni á Íslandi en að meðaltali í aðildarlöndum OECD. Á Íslandi var heildarfjöldi klukkustunda í kennslu 6.456 klst. (5% undir meðaltali), kennsludagar á ári voru 180 (3 og 4% undir meðaltali eftir skólastigi) og kennsluvikur á ári voru 36 (5% undir meðaltali).

Mikið skorið niður frá því að samanburður var gerður

KÍ bendir á að gögn sem leyfa alþjóðlegan samanburð á kostnaði vegna grunnskóla ná aðeins í besta falli til ársins 2008. Frá þeim tíma hefur mikið verið skorið niður í rekstri íslenskra skóla. Því sé ekki viðeigandi að vísa til alþjóðlegs samanburðar ef finna á rök fyrir frekari niðurskurði í íslenskum skólum en orðinn er frá 2008.

KÍ telur að háan kostnað (a.m.k. fram til 2008) megi að mestu skýra með aldri þjóðarinnar (hlutfall aldurshópsins 5 til 19 ára af íbúafjöldanum er hærra hér en víða annars staðar), fjölda árganga á grunnskólaaldri (10 árgangar eru í íslenskum grunnskólum en 9,1 að meðaltali í OECD), fjármagnskostnaður er óvenju hár á Íslandi, litlar einingar (m.a. vegna dreifbýlis) og metnaður skólayfirvalda (skóli án aðgreiningar, einsetinn skóli, heitar máltíðir, veglegar skólabyggingar).

KÍ telur ennfremur að kostnaði vegna grunnskóla á Íslandi sé haldið niðri með láglaunastefnu gagnvart kennurum. Laun íslenskra kennara eru mjög lág í alþjóðlegum samanburði.

Útgjöld til grunnskólans eiga að vera í forgrunni

KÍ hefur skilning á því að rekstur grunnskóla sé tekinn til skoðunar en leggst gegn lagabreytingum í þeim tilgangi að lækka kostnað vegna hans. KÍ minnir á orð sviðstjóra lögfræðisviðs SÍS sem finna má á vef SÍS undir skilgreiningu á grunnþjónustu á sviði fræðslumála í þessu sambandi: „Ótvírætt er að grunnskólinn er grunnþjónustuverkefni og útgjöld til hans eiga því að vera í forgrunni við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga."

Hagræðingaraðgerðir hafa þegar og munu óhjákvæmilega hafa áhrif á starf grunnskóla.

KÍ veit að niðurskurður á framlögum til grunnskólans hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á skólastarf í mörgum sveitarfélögum.

Tveir milljarðar sparast við 5-4-3 leiðina

Samband sveitarfélaga hefur lagt til að svokölluð 5-4-3 leið verði farin í tvö ár til að spara í rekstri grunnskólanna. Í því felst að kennslustundum verður fækkað um fimm á viku hjá elsta skólastiginu, fjórar hjá miðstiginu og þrjár hjá yngsta stiginu.

Áhrif þess eru: Í 1.-4. bekk fækkar kennslustundum um 216 eða um 7,2 kennsluvikur. Í 5.-7. bekk fækkar þeim um 288 eða um 8,2 kennsluvikur og í 8.-10. bekk fækkar kennslustundum um 360 eða um 9,7 vikur. Fækkunin felur í sér að heildarfjöldi kennslutíma skerðist að meðaltali um 11,5% á viku, minnst hjá yngsta aldursstiginu (10%) en mest á því elsta (14%).

Ef öll sveitarfélög myndu fara þessa leið gæti það þýtt fækkun stöðugilda kennara sem nemur 370-410 stöðugildum. Lækkun launakostnaðar yrði á bilinu 2,0-2,2 milljarðar króna á ári.

Vinnuhópurinn bendir á að fækkun kennslustunda krefjist breytinga á lögum um grunnskóla en kalli ekki á breytingar á kjarasamningum. Ef þessi leið verður farin væri að mati vinnuhópsins nauðsynlegt að gæta að lagalegu jafnræði milli nemenda og því ætti hún ekki að vera valkvæð heldur ganga jafnt yfir alla grunnskóla í landinu. Til greina kæmi að fækka kennslustundum minna en sveitarfélögin hafa lagt til svo sem um 4-3-2 eða um eina færri kennslustund á hverju stigi grunnskólans en áður hefur verið lagt til.

Hærra og lægra en meðaltal OECD í margvíslegum samanburði

Heildarkostnaður við rekstur grunnskólastigsins er mestur á Íslandi í samanburði OECD. Er hann 54% hærri en meðaltalið.

Á Íslandi voru 10 grunnskólabörn á hvern kennara árið 2008 og er það lægsta hlutfall innan OECD en meðaltalið þar er 16,4.

Meðalstærð bekkja er lítil hér á landi, eða 18 nemendur í bekk, en samsvarandi meðaltal OECD er 21,7.

Heildartími sem nemendur, 7-14 ára, fá í kennslu hér á landi er nálægt miðgildi OECD-landa.

Heildarkennslutími kennara er fremur stuttur hér miðað við hin OECD-löndin eða 641 klukkustundir í samanburði við 786 klukkustunda meðaltal OECD.

Hlutfall kennslutíma af heildarvinnutíma kennara er mjög lágt hér á landi, eða 34,7%, en er að meðaltali 47,4% innan OECD.

Laun kennara eru lág hér á landi í samanburði við önnur OECD-lönd. Að teknu tilliti til kaupmáttar eru byrjunarlaun grunnskólakennara hér á landi 84% af meðallaunum innan OECD, sé horft til launa miðað við 15 ára starfsreynslu voru laun kennara á Íslandi 69% af meðallaunum kennara innan OECD.

Kostnaður við grunnskóla hefur aukist mjög undanfarin ár. Kostnaður við rekstur grunnskóla jókst úr 43 milljörðum árið 2003 í 52 milljarða árið 2008 eða um 24% (uppreiknað á verðlagi 2008).

Kostnaður við hvern nemanda jókst um 24,5% á árunum 2004-2008. Á sama tíma fjölgar kennurum um 7,9% en öðru starfsfólki um 4,8%.

Heildarvinnutími grunnskólakennara á ári hér á landi er nokkuð lengri en annars staðar. Hins vegar er hlutfall vinnutímans sem fer til kennslu nemenda lágt. Sú staðreynd kallar á mun fleiri kennara hérlendis til þess að uppfylla sambærilega kennsluþörf.

Á árunum 2003-2008 fækkaði nemendum grunnskóla um 3%, stöðugildum grunnskólakennara fjölgaði um 13% og annars starfsfólks um 6,4%. Á sama tíma fjölgaði framhaldsskólanemendum um 17%, kennurum í framhaldsskólum fjölgaði um 16% og fjöldi annars starfsfólks framhaldsskólanna stóð nánast í stað.

Úr greinargerð vinnuhóps um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla.

Verkefnið

Óformlegur vinnuhópur Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins var settur á fót í september. Verkefni hans var að fjalla um möguleika á hagræðingaraðgerðum þar sem lögð væri áhersla á að skýra kostnað við rekstur grunnskóla á Íslandi sem er hár í samanburði við önnur lönd.

Hópurinn var skipaður í kjölfar sparnaðartillagna sveitarfélaganna og skýrslu OECD um kostnað við rekstur grunnskóla.

Meðal þess sem hópurinn horfði til voru áhrif fjárhagsstöðu sveitarfélaga á þjónustu grunnskólanna og hár kostnað við rekstur þeirra í samanburði við önnur lönd.

Aðgerðir

Það sem sveitarfélög hafa þegar gert til að spara í skólarekstri:
Dregið úr yfirvinnu og forfallakennslu.
Samkennsla árganga aukin, fjölgað í bekkjum og dregið úr vettvangsferðum.
Úthlutuðum kennslustundum fækkað (viðbótarkennslustundir teknar til baka).
Fjármagn til aukins sveigjanleika í skólastarfi lækkað.
Fjármagn til gæslu nemenda í frímínútum og í hádegisstund lækkað.
Fjármagn til félagstarfs nemenda lækkað.
Fjármagn til stjórnunar lækkað.
Hagrætt í skipulagi sérkennslu.
Dregið úr kostnaði við sí- og endurmenntun starfsfólks.
Dregið úr öllum kostnaði vegna prentunar, ljósritunar, pappírs o.þ.h.
Dregið úr búnaðar-, vöru- og þjónustukaupum.
Dregið saman í öllum framkvæmdum og viðhaldi.
Skorið niður í akstri, fundum og ferðakostnaði.
Aukin kostnaðarhlutdeild foreldra í skólamáltíðum og hagrætt í mötuneytum.

Nú er svo komið að ekkert stendur eftir nema kennslukostnaður og kostnaður vegna fasteigna en ógerningur er að hreyfa við húsnæðisliðnum nema til lengri tíma litið. Algengustu aðgerðir sveitarfélaganna eru því eftirfarandi:
Veruleg stækkun námshópa.
Aukin samkennsla innan árgangs og milli árganga.
Kennslustundafjöldi á hverju skólastigi miðaður við lágmark skv. námskrá.
Breytt skipulag list- og verkgreina með verulega stærri námshópum.
Fábreyttari og einsleitari valfög með verulega stærri námshópum.
Þjónustustig lækkað við nemendur með sérkennsluþarfir.
Þjöppun kennslu á færri skóladaga.
Sameining skóla (fækkun stofnana og/eða skólabygginga).
Samrekstur leik- og grunnskóla, leik-, grunn- og tónlistarskóla, grunn- og tónlistarskóla.
Fækkun yfir- og millistjórnenda.
Fækkun kennara, sem leiðir af sér litla endurnýjun í faghópnum.
Fækkun annars starfsfólks.
Dregið úr mötuneytisþjónustu við nemendur.
Dregið úr frístundaþjónustu að loknum námstíma nemenda.

Úr greinargerð vinnuhópsins.

KORTIN
ekortin.is

Ódýrara eldsneyti
fyrir *e-korthafa* í dag

Í dag er **10 króna** endurgreiðsla á stöðvum **Shell** og **8 króna** endurgreiðsla hjá **Orkunni** fyrir e-korthafa.*

Endurgreiðslan er greidd út með ávísun í byrjun desember ár hvert.

Endurgreiðsludagur e-kortsins

* Endurgreiðslan er 4,80% m.v. 208,2 kr. lítraverð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Shell og 3,86% m.v. 207,4 kr. lítraverð á 95 oktana bensíni hjá Orkunni. Sú endurgreiðsla jafngildir 10 kr. á lítra hjá Shell og 8 kr. á lítra hjá Orkunni.

Þú færð **e-kortið** í Arion banka.
Farðu á arionbanki.is og kynntu þér kosti e-kortsins.

Arion banki

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Ár slaufunnar
2011

ERLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS 2010

Hamfarir af völdum manna og náttúru

Þegar stiklað er á stóru í myndasafninu sést að miklar náttúruhamfarir voru eitt af því sem einkenndi erlendar fréttir ársins sem er að líða. Fyrstu hamfarirnar riðu yfir strax 12. janúar þegar gríðarsterkur jarðskjálfti skók Haíti, varð hundruðum þúsunda að bana og lagði eitt fátækasta ríki jarðar nánast í rúst.

Einmuna sumarhitar skópu jarðveg fyrir mestu skógarelda sem sögur kunna frá að greina í Rússlandi. Óvenjumiklar monsúnrigningar leiddu til gríðarlegra flóða sem færðu heimili allt að tuttugu og einnar milljónar manna á kaf í Pakistan.

Pólsku forsetahjónin voru meðal níutíu og sjö fórnarlamba flugslyss í Rússlandi.

Við árslok hvíldu augu heimsins á Kóreuskaga. Þar vígbúast nú bræðraþjóðirnar í Norðu- og Suður-Kóreu hvor gegn annarri.

GRÍÐARLEGT UMHVERFISSLYS Ellefu manns létust í eldsvoða um borð í olíuborpalli á Mexíkóflóa í apríl. Í kjölfar eldsins streymdi olía úr borholum og olli miklu umhverfistjóni við strendur Bandaríkjanna. MYND/AFP-NORDICPHOTOS

MILLJÓNIR HEIMILISLAUSAR Talið er að allt að tuttugu og ein milljón manna hafi misst heimili sín í kjölfar mikilla flóða sem urðu í Pakistan í kjölfar óvenjumikilla monsúnrigninga. Flóðin náðu yfir svæði sem svarar til fimmtungs af flatarmáli Pakistans. Meira en 1.700 manns týndu lífi.

HEIMTIR ÚR HELJU Eftir umfangsmiklar björgunaraðgerðir tókst um miðjan október að bjarga þrjátíu og þremur námamönnum í Chile sem setið höfðu fastir í námagöngum á sex hundruð og þrjátíu metra dýpi í sextíu og níu daga. MYND/AFP-NORDICPHOTOS

FORSETAHJÓNIN FÓRUST Lech Kaczynski, forseti Póllands, og María eiginkona hans voru meðal níutíu og sjö manna sem fórust í flugslysi við Smolensk í Rússlandi hinn 17. apríl. Flestir hinna látnu voru pólskir framámenn á leið til minningarathafnar um þær þúsundir Pólverja sem létust í fjöldamorðum Sovétmanna í Katyn-skógi árið 1940. MYND/AFP-NORDICPHOTOS

ERLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS 2010

ÓEIRÐIR Á GRIKKLANDI Mótmælaaðgerðir og allsherjarverkföll lömuðu athafnalíf á Grikklandi í byrjun maí í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnar landsins um að ráðast í mikinn niðurskurð í ríkisfjármálum vegna gríðarlegs efnahagsvanda.

MYND/AFP-NORDICPHOTOS

SVIÐIN JÖRÐ Sveitir slökkviliðsmanna áttu við ofurefli að etja í mestu skógareldum sem sögur fara af í Rússlandi. Um fimmtíu manns fórust í eldunum, sem breiddust hratt út í einum heitasta ágústmánuði sögunnar í landinu og eyddu öllu sem fyrir varð á um milljónum hektara af landi.

MYND/AFP-NORDICPHOTOS

HAÍTÍ RÚSTIR EINAR Talið er að um 250.000 manns hafi látið lífið vegna jarðskjálfta af stærðinni 7,0 sem reið yfir á Haití hinn 12. janúar. Gríðarmikið tjón varð á mannvirkjum og öllum innviðum samfélagsins á Haítí. Íslensk rústabjörgunarsveit var meðal þeirra fyrstu sem komu á staðinn til að taka þátt í umfangsmiklu fjölþjóðlegu björgunarstarfi.

MYND/AFP-NORDIC PHOTOS

ÓFRIÐUR Á KÓREUSKAGA Fjórir féllu og um tuttugu særðust í bardögum milli Norður- og Suður-Kóreumanna. Ferðamaður frá Suður-Kóreu tók myndina meðan stórskotaliðsárás norðanmanna stóð yfir á Yeonpyeong-eyju.

MYND/AFP-NORDICPHOTOS

ARSALA!
ÖLLUÐ TÆKI Á MIKIÐ LÆKKUÐU VERÐI.
– FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
GRANDI – LINDIR – SKEIFAN – VEFVERSLUN
ALMENNAR UPPLÝSINGAR 544 4000 – SÍMSALA 575 8115

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2010

LOPA-RAMBÓ Íslendingurinn varð fjallgöngugarpur á einni nóttu sem taldi það ekki eftir sér að ganga í tíu klukkustundir upp á gjósandi eldfjall. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON OG KRISTINN

Kertagerð lúxusrottunnar

Íslendingar mokuðu út úr vopnabúrinu á árinu sem er að líða, óbeygðir og jafnvel enn svolítið vígdjarfir. Vopnabrak heyrðist þegar tómum sultukrukkum, prjónum og gönguskóm var skóflað úr hrúgunni. Líka gömlum girðingarstaurum, fjörusteinum og nagladekkjum. Úr þessu var síðan hönnuð sápa, eyrnalokkar, vínstaup og arinsett.

Þegar gosinu í Eyjafjallinu lauk og ljóst var að af því hlyti enginn alvarlegt heilsufarslegt tjón, leit þjóðin eitt augnablik snögglega upp úr skurðinum. Brúnin lyftist – „er hægt að nýta þetta?“ Askan sem lá yfir Suðurlandi beið þess eins að verða mulin ofan í gráa tóna af ICE LAVA HARD ROCK augnskuggum.

Enginn efniviður er það fáskrúðugur að ekki megi nýta hann í eitthvað. Þótt framan af ári hafi hugvitsfólk og hönnuðir verið búnir að finna hin frumlegustu hráefni til að smíða úr hljómaði heróp úr búðum þeirra þegar ljóst var að skrapa mátti upp ösku og bæta í deigið.

Aska í öll mál

Á árinu mátti því festa kaup á ýmiss konar eldsumbrotavarningi. Meðal þess sem var á boðstólum voru eyrnalokkar, unnir úr silfri og bræddu íslensku hrauni, kerti, unnin úr ösku, rauðamöl og sjávargrjóti sem og svokölluð eldfjallasápa, úr ösku og Shea-smjöri fékkst á internetinu. Ilmvatn var framleitt úr vatni Eyjafjallajökuls, andlitsmaski úr leir jökulsins og sýning á glerlistaverkum, þar sem listamaðurinn nýtti öskuna úr gosinu í glerjung og skreytingar, var opnuð á árinu.

Ekki má gleyma að hreina ösku mátti kaupa í krukkum eða jafnvel 27 lítra brúsum og á öðrum stað fengust stakir hraunmolar í handmáluðum öskjum. Ef askan var ekki nýtt beint af kúnni voru listamenn og hönnuðir undir djúpum áhrifum frá gosinu, og tehettur og húfur í eldfjalls líki sáust á heimilum og hausum. Enda ekkert skrýtið. Eyjafjallajökull var eitt af tíu helstu orðum ársins; á veraldarvísu.

Það segir jafnframt sína sögu að skartgripahönnuður, sem meðal annars hannar línu sem hann kallar Icesaveþvæla, var útnefndur bæjarlistamaður Akraness. Línan inniheldur meðal annars hringa, hálsmen og næla. Stærstu mál ársins voru meitluð í fjörusteina og fiskiroð og seld á bænda-, sveitaeða jólamörkuðum. Okkur varð ekki skotaskuld úr því að koma landsins efnum í afurðir. Og má þá heldur ekki gleyma ullinni.

17 kílómetra trefill

Heimilinu var dýft ofan í pott af rollum á þessi ári. Lopi varð súrefni í ógöngunum. Slétt og brugðið, vettlingar, hosur, treflar, peysur, ennisbönd, ipod-hulstur, sólhattar, myndarammar, engin verkefni voru of smá eða of stór.

Nokkurs konar eldfjallateppi leit dagsins ljós. Þjóðþekktur óperusöngvari lenti á forsíðu Fréttablaðsins þar sem hann hafði það huggulegt við kertaljós og prjónaði lopapeysur í jólapakkana. Sautján kílómetra langur trefill var lagður í gegnum göng fyrir norðan. Íbúar á öllum aldri í Fjallabyggð lögðu prjónaskapnum lið og við vígslu Héðinsfjarðarganga náði trefillinn frá miðbæ Siglufjarðar inn í miðbæ Ólafsfjarðar. Listakona prjónaði 52 mismunandi húfur á 52 vikum. Önnur komst í fréttirnar fyrir að prjóna 80 eyrnaskjól á tveimur vikum. Fjölskyldan klæddist lopapeysum, setti á sig partíhatta og mætti á ástar- og hamingjudaga á Hofsósi.

Logsoðið hugvit

Nýtnin var einstök, hugvitið ólýsanlegt – í askana látið. Enginn kannaðist við árið 2007 – það var eins og gamli fulli frændaperrinn sem hlegið var að þegar nafnið hans dúkkaði upp. Allir vildu gleyma honum en hann var nú einu sinni ættingi, ekki svo auðveldlega hægt að hrista hann af sér. „Draslið úti í bílskúr? Hvað ertu að tala um?“ Þar sat Íslendingurinn í Egginu sínu sem hann var búinn að fela í bílskúrnum og málaði og logsauð kertastjaka.

Crème brûlée logsuðutækið kom þar að góðum notum, þar sem það lá gleymt ásamt öðrum gashitunartækjum. Nú mátti loks nota tækið. Heimilisfaðirinn setti fjölskylduna á slysó þegar hann reyndi að svíða hárið af liðinu í heimaklippingu. En þá kom aloe vera plantan að góðu.

Sumt, sem auðveldara er að sjá af, mátti selja á Barnalandi. Svo sem píanóið sem enginn kunni hvort sem er nokkurn tímann á.

Gapandi dýrtíð

Fyrrum lúxusrottur lifa eins og heilagar Maríur í kreppunni. Segjast aldrei hafa notað dýr sjampó og leggja allt það ódýrasta á minnið sem fæst í Bónus til að virka vandaðar og hófsamar. Nægjusemi og útsjónarsemi eru einkunnarorðin. Sem kristallast í skíðaferðunum sem eru ekki lengur farnar til Aspen heldur norður. En þá hefst útreikningurinn.

> Enginn kannaðist við árið 2007 – það var eins og gamli fulli frændaperrinn sem hlegið var að þegar nafnið hans dúkkaði upp. Allir vildu gleyma honum en hann var nú einu sinni ættingi.
>
> JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

Orðlaus reiknar reykvísk fjölskylda út kostnaðinn við skíðaferðina norður, göslandi um á risabíl með börnin (þrjú og öll að æfa). Tekur saman 50 þúsund króna bensínkostnað og ekki er matarkostnaðurinn minni (allar máltíðir á Bautanum eða Rub). Hvað þetta er allt dýrt! Reiðin beinist að engum snjóvélum í Bláfjöllum og loks borgarstjóranum. Fjölskyldan er gapandi reið yfir 200 þúsund króna helgi. Og skellir sér þá bara næst í skíðaferð til Madonna á Ítalíu fyrir skít og kanil. Grænjurnar og íþróttafötin eru hvort sem er keypt á mörkuðum í Fenjunum en ekki í Útilífi. Og matur innifalinn svo þetta sleppur.

Flott á því í Fljótshlíðinni

Árið fór fram að stórum hluta á internetinu. Á Facebook taldi Íslendingurinn vini sína og afmæliskveðjurnar. „132 kveðjur, ég er orðlaus – takk þið!“ Allir voru á Facebook. Allir uppgötvuðu náttúruna. Allir, eða svona næstum því, voru í framboði til stjórnlagaþings. Allir fóru norður á skíði og allir fóru í útilegur. Húsafell og Þórsmörk voru eins og meðalstórar flóttamannabúðir eftir jarðskjálfta vegna útilega. Og allir fóru að sjá gosið.

Á einni nóttu var Íslendingurinn orðinn fjallgöngugarpur sem fannst ekkert sjálfsagðara en æða um miðja nótt upp á fjall (varð að sjá þetta í ljósaskiptunum), í fimm stiga frosti og birta mynd á Facebook daginn eftir. Með beljandi eldfljót í bakgrunni. Einhverjum þótti ögrun felast í sjálfumglöðum smettum vinnufélaga og nágranna á fésbókinni og ákváðu að skella sér bara líka í Fljótshlíðina. Í gallabuxum og strigaskóm með Snickers og orkudrykki í nesti.

Upp, upp, upp á fjall

Fjallgöngur hafa tekið við sem líkamsræktin. „Ræktin er bara fyrir pakk,“ segir plebbinn og fussar og sveiar upp fjallið. Stafir, 66 gráður norður, tínir ber, svo ódýrt. Huggar sig við að þetta sé alveg líkt Mont Blanc sem hann kleif fyrir þremur árum í boði bankans nema bara hreinna loft og ekki eins tímafrekt. Enginn kannast við að hafa farið til Tyrklands og Egyptalands til skiptis síðustu árin, öll albúm í geymsluna. Í staðinn eru komnar myndir af plebbanum með fífil í náttúrunni í lopapeysu.

Íslendingurinn sér sér samt færi þegar hann fer í sumarbústaðinn þar sem enginn sér hann né heyrir og dröslar þá öllum græjunum með sem hann felur þess á milli í bílskúrnum.

Hnakkrifist um berjalyng

Íslendingurinn árið 2010 fjárfestir ekki lengur í steinsteypu. Það er bara fyrir liðið sem er gráðugt. Hann þarf ekki lengur material hluti, enda andans maður og náttúrubarn. Með það bak við eyrað fór landsnytja-Íslendingurinn í berjamó (með allar græjurnar) og lenti í rifrildi uppi í Heiðmörk innan um lyngið. Hann skóflaði fjölskyldunni argur aftur upp í bílinn og eyddi deginum í að keyra á milli þúfna í leit að leynistað. Næstu nótt var hann enn vakandi klukkan fjögur, að gera bláberjalíkjör og þurrka berin við fimmtíu gráður í ofnskúffu. Facebook-síðan Sultugerð, uppát og aðrar kræsingar eignaðist 117 aðdáendur á einum sólarhring.

Árið var hressilegt. Herópið var: Burt með bölmóðinn. Við áttum að hætta þessu kvabbi. Og muna að við höfðum hvert annað, samveru og kærleikinn. Virkjum samkenndina með skilyrðislausri væntumþykju. Þú gast hins vegar gleymt því ef þú bjóst í Aratúni.

Júlía Margrét Alexandersdóttir er blaðamaður á Fréttablaðinu.

Innlendir vendipunktar 2010
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

Við erum þakklát og stollt yfir þeim fjölmörgu
áföngum sem náðust á árinu.

Oddi

JANÚAR 2010

Umhverfisvottun Svansins

APRÍL 2010

Umhverfisverðlaun
Umhverfisráðuneytisins

MAÍ 2010

VR fyrirmyndarfyrirtæki

OKTÓBER 2010

Premier Print Awards

Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna!

Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka, sokkabuxur og skó
án virðisaukaskatts.

BA
FA

HER
FATN

SKÓR

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

ÁRAMÓTA VSK

29. desember - 2. janúar

RNA
TNAÐUR

DÖMU
FATNAÐUR

RA
NAÐUR

TAX FREE DAGAR

Dagana 29. des. - 2. jan.
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 2. janúar 2011.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÁRIÐ MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR

Spottið 2010

Gunnar Karlsson teiknari birtir vikulega myndir í Fréttablaðinu þar sem hann dregur upp mynd af þjóðfélagsumræðunni eins og honum er einum lagið. Fréttablaðið fer yfir árið og birtir úrval af teikningum Gunnars sem birtust á síðum blaðsins á árinu sem er að líða.





Tilbúnir

forréttir - smáréttir

ljúffengir beint á borðið

Sveitapaté og grafið lambafile
hlutu gullverðlaun
Meistarafélags kjötiðnaðarmanna
árið 2010

Sveitapaté frá okkur hlaut gullverðlaun Meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2010 og sem besta varan í flokki kæfur og paté

Grafið lambafile frá okkur hlaut gullverðlaun Meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2010

Grafið lambafile - Inniheldur grafið lambafile með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu. Gott að bera fram með piparrótarsósunni, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5. Einnig gott að bera fram með graflaxsósu, kexi og berjasultum.

Sveitapaté - Inniheldur sveitapaté, rifsberjahlaup og hindberjasósu. Gott að bera fram með hindberjasósunni, rifsberjahlaupinu, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5. Einnig gott að bera fram með kexi og berjasultum.

Nautavöðvi - Inniheldur léttreyktan og grafinn nautavöðva og piparrótarsósu. Gott að bera fram með fersku salati, piparrótarsósu og bláberjum eða vínberjum sem forrétt fyrir 4-5.

Taðreykt lambainnralæri - Inniheldur taðreykt lambainnralæri og piparrótarsósu. Gott að bera fram með melónu, piparrótarsósu og fersku salati sem forrétt fyrir 7-8.

Hafðu það einfalt og gott...

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Fæst í: HAGKAUP Ein ferð betra verð · BÓNUS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillaga Nóbelsverðlaunahagfræðings rifjuð upp:

Verðtrygging víki á undan höftum

Hversu margir vilja veðja á að gengi krónunnar veikist ekki þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt, áhrif verði lítil á verðlag og lán hækki ekki í kjölfarið vegna verðtryggingar þeirra? Líklegt er að í hópi þeirra sem skulda megnið af húsnæði sínu verði fáir til að taka þessu veðmáli.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Íslenska krónan hefur verið í höftum á árinu sem nú er að líða. Höftin hafa hjálpað til við að koma á stöðugleika í efnahagslífinu og við að ná niður verðbólgu. Til lengri tíma eru höft hins vegar skaðleg, koma í veg fyrir fjárfestingu og leiða til einangrunar. Stigið hafa fram hagfræðingar, svo sem Jón Daníelsson hjá London School of Economics, sem hafa kallað á tafarlaust afnám gjaldeyrishafta og í raun sagt mistök að láta þau vara jafnlengi og gert hefur verið.

Á fyrri hluta komandi árs ætlar Seðlabankinn að birta endurskoðaða áætlun um afnám haftanna, enda ekki seinna vænna, nú þegar sér fyrir endann á efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það væri hins vegar ekki úr vegi fyrir stjórnvöld að búa í haginn fyrir breytinguna og tryggja að veiking krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum komi ekki af stað annarri hrinu skuldavanda heimila með því að lán hækki í takt við hækkandi verðlag á innfluttri vöru.

Í viðtali við Fréttablaðið í fyrrahaust benti Nóbelsverðlaunahagfræðingurinn Joseph Stiglitz réttilega á að verðtryggð lán væru áhættusamningar sem stjórnvöld hefðu átt að vara við. Hann sagði það sama um gengistryggð lán, sem síðan kom í ljós að voru raunar ólögleg að hluta og hefur verið girt enn betur fyrir með nýjum lögum. Stiglitz benti á að nær væri að tengja lán launavísitölu og endursemja um þau á þeim forsendum.

Ekki verður annað séð en að þessar hugmyndir Nóbelsverðlaunahagfræðingsins verðskuldi alvarlega skoðun, því þarna mætti með lagasetningu fjarlægja stóran áhættuþátt tengdan afnámi gjaldeyrishafta. Hægur vandi er fyrir heimili landsins að halda að sér höndum í innkaupum á innfluttri vöru (annarri en nauðsynjavöru) og stýra neyslu sinni þannig að heimilishaldið fari ekki á hliðina. Eins og stendur er fólk hins vegar berskjaldað fyrir áhrifum verðhækkana á lán þess. Horfast verður í augu við að þjóðin losnar tæplega við krónuna í bráð. Á meðan ríður á að lágmarka skaðann sem af henni hlýst.

Vísitölur sem settar eru á með lögum hlýtur að mega afnema með lögum. Þarna er ekkert meitlað í stein. Í nýútkominni skýrslu Seðlabankans til efnahags- og viðskiptaráðherra um peningastefnuna eftir höft er meira að segja velt upp hugmyndum um að breyta viðmiðunarvísitölu verðbólgumarkmiðs bankans. Bent er á að fráleg rök séu fyrir því að verðbólgumarkmið bankans eigi að miða við þá vísitölu sem sýni mesta tregðu. „Sem gæti þá jafnvel verið launaþróun fremur en verðlagsþróun," segir í skýrslunni. Spurning hvort það sama á ekki við um vísitölutengingu lána.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Atli talar tungum

Atli Gíslason er gamall MR-ingur og lögfræðingur í þokkabót. Hann sýndi það í verki í samtali við blaðamann mbl.is í gær, spurður um þá yfirlýsingu Lilju Mósesdóttur að hún íhugaði að segja skilið við þingflokk VG. „Ég ætla að svara þér á latínu," svaraði Atli, og fylgdi því eftir með þessu: „Cogito ergo sum." Frasinn er alkunnur en vont er að gera sér grein fyrir því hvað Atli átti við. Ekki hjálpar að hann neitaði að skýra það betur. Atli hefði því í raun allt eins getað svarað blaðamanni á táknmáli í þessu símaviðtali.

Lilja sönnuð

Það má samt spreyta sig á að túlka ummælin. „Cogito ergo sum" er frasi eignaður heimspekingnum René Descartes og jafnan þýddur á þessa leið: „Ég hugsa, þess vegna er ég." Við vitum að Lilja Mósesdóttir er sannarlega að hugsa um úrsögn úr þingflokknum og af því leiðir að Atli hefur fært sönnur á tilvist samflokkskonu sinnar. Það er ekki víst að allir verði ánægðir með það.

Ég er Ögmundur

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er ánægður með Ásmund Einar Daðason, samflokksmann sinn. Hann skrifar á vef sinn: „Ásmundi Einari spái ég bjartri framtíð í íslenskum stjórnmálum. Hvers vegna? Jú vegna þess að hann er fylginn sér, heiðarlegur, skeleggur og drengur góður. Ég er oftast sammála honum. Ekki alltaf. Enda er hann Ásmundur Einar. Ég er Ögmundur." Og þá er það komið á hreint.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Húsbændur og hjú Þorvaldar

Stjórnlagaþing

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður

Stjórnlagaþingskosningarnar skiluðu því sem að var stefnt, stjórnlagaþingi þar sem fólki af landsbyggðinni er úthýst. Helsti sigurvegarinn, Þorvaldur Gylfason, var ánægður með niðurstöðuna og hafði engar áhyggjur af stöðu landsbyggðarinnar. Hann sagði í sjónvarpsviðtali fyrir fjórum vikum að borg og sveit væru systur og að þeim myndi sem góðum systrum semja vel á stjórnlagaþinginu.

Þorvaldur telur hins vegar að þeim systrum semji illa í kjördæmafyrirkomulaginu sem notað er við Alþingiskosningar, þar sem of margar systur sveitarinnar sitja til borðs með borginni. Það skipulag segir Þorvaldur að sé bæði ranglátt og orsaki spillingu í stjórnmálunum.

Yfirlýsing Þorvaldar er þá sú að sveitasystir geti ekki gætt hlutar borgarsystur og því þurfi borgarsystirin að gera það sjálf og þar að auki verði borgarsystirin að taka að sér hlutverk sveitadömunnar. Að öðrum kosti muni þeim systrum ekki semja. Þá verður niðurstaðan eins og á stjórnlagaþinginu, sem er framundan, að sveitasysturinni er vísað frá borði og er ætlað það eitt að þjóna hinum útvöldu og óspilltu til borðs, þegjandi og hljóðalaust.

Krafan um jafnt vægi atkvæða er ekki þegar öllu er á botninn hvolft, krafa um jafnræði í afmörkuðum skilningi, heldur yfirlýsing um að hinir hæfari búi í borginni og hinir vanhæfari og spilltari þar fyrir utan. Þorvaldur Gylfason fellst fúslega á þær leikreglur að konur á höfuðborgarsvæðinu eigi að fá sínar kynsystur sem sína fulltrúa á stjórnlagaþinginu og að hann geti ekki verið kosinn fulltrúi þeirra. En hann er fullkomlega sannfærður um það að hann eigi að vera fulltrúi kjósenda sveitarinnar, karla sem kvenna. Þeir kjósendur eru að hans mati af einhverjum ástæðum ekki þess verðugir að velja úr sínum hópi fulltrúa á fulltrúasamkomu þjóðarinnar. Ef svo yrði áfram þá mun þeim systrum borg og sveit ekki semja vel. Eina fyrirkomulagið sem Þorvaldur og skoðanabræður hans boða að friður geti verið um sé 19. aldar stéttaskipting þjóðarinnar í húsbændur og hjú með jafnaðarstefnu þar sem sumir eru jafnari en aðrir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

KAKA ÁRSINS 2009

Þessi er alveg svakaleg!
Kveðjum árið með köku ársins.

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Nýsköpunarstjórn

Stjórnmál

Teitur Bergþórsson
kennari og félagi í VG

Það hriktir í stoðum þeirrar ríkisstjórnar sem ég hef beðið hvað lengst eftir að sjá á Íslandi. Hví skyldi svo vera?

Ein aðalástæðan er sú að VG keypti Samfylkinguna of dýru verði – seldi sannfæringu sína í ESB-málinu og þarf svo aftur að selja sjávarútvegsstefnu sína gagnvart íhaldinu, til þess að eiga möguleika á að ganga frá Ísseifsmálinu.

Pólitík gengur hins vegar – annars staðar en í einræðisríkjum – út á málamiðlanir.

Þetta skekur ekki bara ríkisstjórnina, heldur virðist sem VG geti klofnað í tvær fylkingar. Munurinn á þessum klofningi og þegar Alþýðubandalagið klofnaði er sá að nú eru þetta málefnaárekstrar en í hinu tilvikinu persónulegt skítkast á báða bóga.

VG stendur frammi fyrir því að verða lítill samstilltur stjórnarandstöðuflokkur um ókomna framtíð eða stór lítt samstilltur flokkur sem gæti komist í stjórn öðru hvoru og haft áhrif.

Innan VG eru tveir mjög svo hæfir forystumenn. Saman unnu þeir að stofnun flokksins. Annar er formaður en hinn ekki. Ef flokkurinn á ekki að klofna þurfa þeir að finna pólitískan samnefnara – nýjan formann sem báðar fylkingar gætu sætt sig við. Sveigjanlegan samningamann sem þó getur haldið uppi þeim aga sem þarf að vera í hópsamstarfi.

Oft og mikið er vitnað þessa dagana í „eigin sannfæringu“ þingmanna. Það gleymist hins vegar alltaf að „eigin sannfæring“ er ekki bara til staðar hjá annarri fylkingunni – heldur báðum – og þess vegna þurfa menn einmitt að leita málamiðlana.

Upphlaup

Þessi sprenging sem varð innan þingflokksins er illa tímasett með tilliti til hagsmuna þjóðarinnar. Menn hefðu átt að einsetja sér að klára Ísseif áður en til uppgjörs kæmi. Það er nokkuð ljóst að lengra verður ekki náð með samningum í því máli.

Er þessi uppákoma þá alvond? Nei – ef það verður á endanum til þess að fella núverandi ríkisstjórn, er það gott að mínu mati. Núverandi ríkisstjórn hefur miðað við aðstæður staðið sig nokkuð vel í tiltektinni í rústunum.Hins vegar, þegar að uppbyggingu kemur, og endurreisn hefst, blasir við, að vinstrimenn – upp til hópa – hafa nákvæmlega engan skilning á því með hvaða hætti verðmætasköpun verður til. Þessi ríkisstjórn er komin á endastöð og nú eiga leiðir að skilja.

Tóm steypa

Hvaða hugmyndafræði notar núverandi ríkisstjórn til atvinnuuppbyggingar? Hún heitir sement og sandur. Frá því að menn skriðu út úr torfkofunum og fram á daginn í dag hafa Íslendingar verið að steypa. Þeir bændur sem áttu hesthús í sveitinni og fluttu á „mölina“ steyptu sér jafnvel hús yfir arftaka hestsins – bílinn. Er vinstrimenn náðu borginni úr höndum íhaldsins margfaldaðist flatarmál skólahúsnæðis í Reykjavík. Ein fyrsta ákvörðun núverandi ríkisstjórnar var að heiðra Björgólf með því að steypa monthýsi niðri við höfn fyrir 40 milljarða, auk milljarðs í árlegan rekstrarkostnað. Á sama tíma er boðaður skertur námstími í öllum menntastofnunum landsins, og hvað mestur í grunnskólum – bein afleiðing alsherjar steypufyllerís.

Það á að steypa spítala fyrir 70 milljarða og greiða 3 milljarða í leigu árlega næstu 40 árin einungis svo sjúklingar heyri ekki hroturnar hver í öðrum og geti verið á einbýli. Á sama tíma er ekki hægt að manna heilbrigðisstofnanir með sómasamlegum hætti vegna fjárskorts.

Það á að steypa vegi og bora göt á fjöll til þess að nokkrir bílstjórar fái vinnu í 2-3 ár. 40 milljarðar þar. Hvað svo? Hálendisvegur þvert yfir landið

> Þessi ríkisstjórn er komin á endastöð og nú eiga leiðir að skilja.

myndi þó vera öllu viturlegra verkefni og auk þess skila verulegri arðsemi. Vaðlaheiðarborverkið er enn eitt dæmið um kjördæmapot og spillingu. Kostar 12-15 milljarða.

Endurreisn

Ef hætt væri við núverandi vegagerðaráform og spítalabyggingu og inneign ríkisins hjá séreignarsjóðum tekin út væru 200 milljarðar lausir til nýsköpunar í atvinnulífi. Áhersla þarf að vera á að framleiða annars vegar vörur, sem ella þyrfti að flytja inn, og hins vegar framleiðsla á vörum til útflutnings. Hér liggja t.d. gríðarleg tækifæri – ónýtt – í framleiðslu iðnaðarvara sem búnar eru til úr hráefni því er áliðnaðurinn flytur úr landi. Auka smábátaútgerð o.fl.

Til þess að koma þessari þjóð aftur á lappirnar að nýju þarf arðbæra framleiðslu í stað sífellt aukinnar þjónustu. Þetta skilja sjálfstæðismenn en þeir böðlast hins vegar alltaf áfram – hirða hagnaðinn en ríkisvæða skuldirnar. Því þurfum við nýja stjórn sem er blanda af framsæknum hægrimönnum og varfærnum vinstrimönnum.

Næsta ríkisstjórn ætti að mínu mati að vera skipuð þremur flokkum þ.e. Sjálfstæðisflokki, Vinstri grænum og Hreyfingunni. Þessi stjórn ætti að hafa það meginverkefni að halda sjálfstæði þjóðarinnar, endurreisa atvinnulífið og leysa ágreining um auðlindir landsins.

Ég hef trú á að Styrmir Gunnarsson, Steingrímur og Þór Saari ættu að vera færir um að bræða þetta saman og koma nýrri stjórn á koppinn sem fyrst.

AF NETINU

Ábyrgð á Landeyjahöfn

Róbert Marshall var formaður stýrihóps um hönnun hafnarinnar sem ber ábyrgð á þeim dýru mistökum sem gerð hafa verið. Ekki vafðist það fyrir Róberti að skreyta sig persónulega í aðdraganda kosninga 2009 með því að hann bæri ábyrgð á verkinu ásamt Elliða Vignissyni.

Núna þegar ljóst er að er höfnin er að fyllast enn og aftur af sandi og ekki er lengur hægt að kenna um eldgosinu í Eyjafjallajökli, þá tekur Róbert upp á því að vindhanast út í núverandi samgönguráðherra, með þeim orðum að það skorti pólitíska forystu. Væri Róberti ekki nær að íhuga hvort að það standi honum ekki nær að axla pólitíska ábyrgð á klúðrinu?

Sigurjon.blog.is **Sigurjón Þórðarson**

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

149
HÁTÍÐARAPPELSÍN
2 ltr

98
JÓLABLANDA
0,5 ltr

189
FANTA
2 ltr

99
MALT
0,5 ltr

199
PRINGLES
pr. stk
165 gr

349
MAARUD SNAKK
350 gr

89
FAXE, 33 CL
pr. stk
Appelsínu
Sítrónu
Faxe Kondi, orkudrykkur

299
SÍDER
pr. stk
1 ltr, epla / peru

299
PIPARKÖKUR
400 gr

199
ORA HUMARSÚPA

frá **990**
GLÖS - 4 Í PK
Kampavínsglös, kr 990
Hvítvínsglös, kr 1290
Rauðvínsglös, kr 1490

frá **1990**
OFNPANNA MEÐ GRIND
42x31x6 cm, kr 1990
42x39x6 cm, kr 2790

759
RUSLAPOKAR
30 á rúllu

5 pör
899
SOKKAR, 5 PÖR
St 36-45

399
PLASTGLÖS - 8 Í PK
Rauðvíns - og kampavínsglös

379
SNAPSAGLÖS - 40 Í PK

Opið í dag, 29. des.: kl. 10:00 - 19:00
Opið 30. des.: kl. 10:00 - 20:00
Opið 31. des.: kl. 10:00 - 15:00

6590
SLÖKKVITÆKI
6 kg, ABC duft

2 saman

4990
REYKSKYNJARAR - 2 Í PK
Optískir

4 tíma

489
SPRITTKERTI
100 stk

249
KERTI, 10 Í PK
24 cm

1790
BRUNATEPPI
1,2 x 1,2 m

249
KUBBAKERTI - 18 CM

649
UPPKVEIKIKUBBAR
100 í pk

20 pakkar

229
ELDSPÝTUR
20 pakkar saman

1390
ELDIVIÐUR
5 stk saman

4 ltr

1990
LAMPAOLÍA
4 ltr

2 saman

199
ÚTIKERTI - 2 Í PK

499
ÚTIKERTI
Þvermál: 18 cm, hæð: 8 cm

549
KVEIKJARI

699
KYNDLAR
Þrír saman

499
KERTI Á LEIÐI
100 klst
Kerti á leiði, 168 klst, kr 699

2490
PAPPÍRSDÚKUR
50 m
Hvítur

3590
ÖSKUSUGA
15 ltr

1490
GEYMSLUKASSI
Körinn m.a. fyrir jólaskraut

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

Áliðnaðurinn: Umhverfismál á heimsvísu

Umhverfismál

Bergur Sigurðsson
framkvæmdastjóri þingflokks VG

Einar Þorleifsson
náttúrufræðingur

Álframleiðsla byggir á námavinnslu á stöðum þar sem er að finna sérstaklega álríkan rauðan jarðveg sem nefnist báxít og verður til á löngum tíma við mikla útskolun efna á úrkomusvæðum sitt hvorum megin miðbaugs. Námavinnslan fer vanalega þannig fram að flett er burt gróðurþekju til þess að komast að báxítlögunum sem eru misþykk og oft ekki nema 2-4 metrar. Báxítið er numið brott og flutt í landfrekar súrálsverksmiðjur þar sem jarðvegurinn er leystur upp með vítissóda og kalki og síðan er súrálið (Al_2O_3) einangrað frá eðjunni. Vinnslunni fylgir mikil og skaðleg rykmengun og gríðarleg myndun eitraðra úrgangsefna, þ.e. rauðeðju sem hefur hátt sýrustig og í sumum tilfellum þungmálma. Slys þar sem stíflugarðar um eðjulón bresta komast sjaldan í hámæli ef frá er talið slysið í Ungverjalandi fyrr í vetur. Þar var hætta á að eitraður leirinn myndi flæða óhindrað út í Dóná og spilla vistkerfi hennar allt til Svartahafsins, m.a. Dónárdeltunni, einu merkilegasta votlendissvæði jarðar þar sem milljónir fugla hafast við.

Báxítnámur eru helst í fátækum löndum á borð við Jamaíka sem ber margvísleg ör eftir þessa ömurlegu námavinnslu. Þjóðin er fátæk og lítið menntuð og hefur engin breyting orðið þar á þrátt fyrir þann mikla námaiðnað sem þar hefur risið og starfað. Víðáttumiklum svæðum hefur verið gjörspillt þar sem allur gróður er eyðilagður og drykkjarvatn sums staðar mengað með tilheyrandi þjáningum fyrir íbúana. Opnar námur eru að klárast og álfyrirtækin sækjast eftir að fá að opna ný námasvæði með þeim afleiðingum að með síðustu frumskógum landsins yrði rutt burt. Fjallaskógar Jamaíku eru ríkir af einlendum tegundum, þ.e. tegundum sem ekki er að finna í öðrum löndum, og má þar nefna svarthöfðapáfagaukinn og svölustélsfiðrildið en báðar tegundirnar eru bráðri í útrýmingarhættu. Svölustélsfiðrildið er eitt stærsta og skrautlegasta fiðrildi í heiminum.

Gínea í Vestur-Afríku er báxít auðugasta land í heimi og eru Rio Tinto, Alcoa og Russal öll að koma sér þar fyrir. Landið er bláfátækt og aðeins 24% íbúa eru læs. Fyrir ári síðan réðust þar hermenn á fólk á löglegum mótmælafundi á íþróttaleikvangi höfuðborgarinnar og myrtu 157 manns hið minnsta en nauðguðu og limlestu aðra. Fólkið var að mótmæla herstjórninni og framgöngu álfyrirtækjanna. Ef fram fer sem horfir munu álfyrirtækin eyðileggja þetta land – lífríkið, ræktarlöndin, skógana – og viðhalda herstjórninni en skilja fólkið eftir í eymd og mengun þegar þau hafa klárað námurnar. Umdeildar báxítnámur eru einnig á Indlandi í Órissa, í Brasilíu í Trompetas, í Ástralíu og víðar. Hvarvetna með tjóni á náttúru, víða á vatnafari og ræktarlöndum og sums staðar hafa frumbyggjar verið hraktir á brott áður en hægt var að hefjast handa við námavinnsluna.

Ál er m.a. notað í óumhverfisvænar umbúðir, t.d. áldósir og álpappír, sem ættu að vera með öllu óþarfar. Talið er að allt að 30% álsins séu notuð í hergagnaframleiðslu en afar erfitt er að finna tölulegar upplýsingar um þau mál. Álduft er þar notað sem sprengiefni í hitasprengjum (þ.e. thermobaric bombs) sem losa gríðarlegan varma. Orkan sem losnar sem varmi þegar álið (Al) brennur og verður aftur að súráli (Al_2O_3) samsvarar þeirri sem notuð var í frumframleiðslunni, þ.e. í rafgreiningunni sem fram fer í álverunum m.a. hér á landi. Álfyrirtækin hrósa sér af áli sem léttmálmi í farartæki og endurvinnanlegum málmi. Ekkert stóru álfyrirtækjanna leggur hins vegar mikið upp úr því að vera með endurvinnsluverksmiðjur.

> Sum álfyrirtækin hafa haft uppi yfirlýsingar um sjálfbærni enda þótt greinin sé í sjálfu sér ósjálfbær þar sem námur eru takmarkaðar og námuvinnslan frek á dýrmætt lífríki.

Sum álfyrirtækin hafa haft uppi yfirlýsingar um sjálfbærni enda þótt greinin sé í sjálfu sér ósjálfbær þar sem námur eru takmarkaðar og námuvinnslan frek á dýrmætt lífríki. Til fegrunar veita þau styrki til umhverfismála en þeir nema aðeins litlu broti af hagnaðinum og vega hvergi nærri neitt á móti umhverfisspjöllunum sem þau valda. Hámarka skal gróðann með sem minnstum kostnaði hluthöfum til handa en lítið sem ekkert verður eftir í hráefnalöndum sem leggja til námur og raforku til framleiðslunnar.

Á Íslandi hafa 300 km² verið lagðir undir virkjanalón. Þjórsá, Blöndu, Tungná, Jökulsá á Dal og Lagarfljóti hefur verið gjörbreytt. Jökulánum Hólmsá, Jökulsá á Fjöllum (Kreppu), Héraðsvötnunum í Skagafirði og Skjálfandafljóti er öllum ógnað með hugmyndum um fleiri álver. Næringarefni jökulvatna berast ekki lengur til sjávar lífríkinu til eflingar heldur setjast til í lónunum sem fyllast mis hratt. Árósum jökulfljótanna, hrygningarstöðvum fiska og fæðustöðvum fugla er spillt með þessu móti en áhrifin á lífríki sjávar eru nær ókönnuð og því allsendis óþekkt. Nú vilja álfyrirtækin auk þess seilast í meira eða minna öll mögulega nýtanleg háhitasvæði landsins. Árið 2009 notuðu álverin þrjú 74% allrar raforkuframleiðslu landsins og mun notkun þeirra ná um 80% með stækkun álvers Rio Tinto í Straumsvík. Norski olíusjóðurinn hafnar viðskiptum við Rio Tinto og ástæðan fyrir banninu er umhverfisspjöll fyrirtækisins. Landsvirkjun setur slíkt hinsvegar ekki fyrir sig enda er Rio Tinto einn stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins og er vöxtur í viðskiptunum. Það er löngu orðið tímabært að íslensk stjórnvöld og orkufyrirtæki taki ábyrga afstöðu til landsins og umheimsins, sýni samfélagslega ábyrgð og hafni áframhaldandi vexti þessarar greinar á Íslandi.

Að vera stjórnandi á heimili og í leikskóla í dag

Leikskóli

Nichole Leigh Mosty
aðstoðarleikskólastjóri

Nýtt ár er handan við hornið, og ég sem stjórnandi í leikskóla í Reykjavíkurborg bíð eftir uppsagnarbréfi. Ég er einnig tveggja barna móðir með eitt barn sem nú þegar er í leikskóla og annað sem enn er á biðlista. Ég bíð og hugsa um framtíðina bæði fyrir mig sem fagmenntaðan, metnaðarfullan og reyndan leikskólakennara og um leið einnig um börnin mín sem eru háð því umhverfi sem borgarráð ætlar að búa þeim í skólanum.

Eins og er vitað hefur borgarráð sett af stað „starfshóp um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila“. Tilgangurinn er að kanna möguleika á samrekstri stofnana sem hafa með uppeldi og menntun ungra barna að gera. Þegar Jón Gnarr kynnti fjárhagsáætlunina sagði hann að enginn mundi „missa vinnu“ í skólakerfinu. Hann sagði heldur ekki hvað borgin ætlaði að gera við okkur stjórnendur sem yrði sagt upp. Er hugsunin sú að stjórnendur í leikskólunum, sem eru sérhæfðir í að vinna að málum barna á aldursbilinu 0-6 ára, að foreldrasamstarfi, með máltöku yngstu barnanna, við áætlanagerð, námskrárgerð og framkvæmd hennar, við flókið starfsmannahald, ásamt fleiri verkefnum, fari til dæmis að vinna á frístundaheimili eftir að hafa verið sagt upp starfinu í leikskólanum? Ég spyr bæði sem foreldri og stjórnandi í leikskóla

Er líklegt að það sé góður kostur að yngstu börn borgarinnar fari inn í stærri kerfi? Er það vænlegt svar við fjárhagsvanda borgarinnar að fækka fagfólki sem vinnur með börnunum mínum? Fagfólki sem hefur ákveðið að vinna með leikskólabörnum og menntað sig til þess?

Ég veit sem foreldri að á hverjum degi þegar ég skil strákinn minn eftir í leikskólanum líður honum vel. Leikskólakennarinn sem tekur á móti honum er eins og ég, einnig aðstoðarleikskólastjóri. Hún sér vel til þess að hann og öll börnin á hennar deild njóti faglegra vinnubragða sem örva margvíslegan þroska þeirra: Málþroska, hreyfiþroska, félagslegan þroska, sköpunarhæfni og sjálfræði er sinnt markvisst á hverjum degi. Ég verð mjög ósátt sem foreldri ef þessum stjórnanda verður sagt upp því það er alls óvíst að nokkur með sömu menntun, metnað og hæfni komi í stað hennar.

> Er það kannski hluti af breytingaferlinu, að segja ekki of mikið fyrr en það er of seint fyrir fólk að segja „nei, við viljum þetta ekki“?

Sem stjórnandi í leikskóla spyr ég borgaryfirvöld hvers vegna þau telja að vert sé að spara enn í leikskólarekstri? Leikskólar eru ekki reknir án skynsemi. Leikskólastarfsfólk nýtur ekki mikilla fríðinda, leikskólastjórum er ekki borguð yfirvinna og yfirvinna alls starfsfólks leikskóla hefur verið skorin niður. Við bjóðum ekki upp á áfengi þegar starfsfólk hittist t.d. á jólagleði, við gefum ekki starfsfólki jólagjafir sem greiddar eru af borginni og svona má áfram telja. Mestur kostnaður í rekstri leikskóla liggur í launum starfsfólks. Flest störfin í leikskólum eru þó illa launuð og þau eru unnin af konum. Hvert leikskólasamfélag er einstakt. Ég vil að skoðað verði hvernig hver leikskóli er sérstakur hvað varðar starf og menningu. Stjórnendum sem hefur tekist að halda utan um og leiða faglegt starf í leikskólunum ætti ekki að segja upp. Með því tel ég að hætta sé á tapi en ekki ávinningi á nokkurn hátt.

Af hverju er ekki leitað til okkar um hvað við viljum og þolum? Af hverju er ekki komið fram við okkur eins og við séum neytendur leikskólaþjónustunnar sem varðar það dýrmætasta sem við eigum? Er það kannski hluti af breytingaferlinu, að segja ekki of mikið fyrr en það er of seint fyrir fólk að segja „nei, við viljum þetta ekki“?

Það er mikilvægt að hugsa vel um framtíð barnanna í borginni, um framtíð leikskólanna og einnig framtíð fagfólksins sem vinnur á leikskólunum. Það er mikilvægt að krefjast upplýsinga og umræðna því við þurfum að fá tækifæri til að búa svörin til saman. Borgarráð á ekki að svara en hlusta. Pólitískar forsendur breytast en börn, foreldrar og starfsfólk þurfa nú sem áður leikskóla með sterkum stjórnendum.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is
ROLEX

MARKAÐURINN

Gleðilegt nýtt ár!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 29. desember 2010 – 14. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR

EFNISYFIRLIT

Þeir sem héldu um taumana í atvinnulífinu hafa misst völd. En hverjir koma í stað-inn? Síður 8-9

Líklegra er að vöxtur verði í hugverkaiðnaði en grunnatvinnu-vegum næstu ár. Síða 10

Erfitt ár að baki en teikn eru um að landið farið að rísa. Síða 12

Lífróður til varnar evru og bönkum: Erlendur annáll. Síða 14







Ríkið hefur vinninginn

Umsvif hins opinbera hafa aukist mikið eftir að fjármálageirinn hrundi. Óvissan endurspeglast í vali dómnefndar Markaðarins á eftirtektarverðustu viðskiptum ársins.

Hið opinbera var umsvifamikið í íslensku efnahagslífi á árinu. Val dómnefndar Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins um viðskipti, endurspeglar erfitt umhverfi, gjaldeyrishöft og hrunið fjármálakerfi. Dómnefndin tilnefndi 24 einstaklinga sem hafa látið að sér kveða í viðskiptalífinu á árinu sem er að líða og fimmtán viðskiptasamningar eru taldir standa upp úr. Sex viðskipti, eða misheppnaðar tilraunir til viðskipta, flokkast til slæmra gjörninga. Þótt einn einstaklingur standi upp úr sem maður ársins í viðskiptalífinu var það með naumindum. Sá er Lee C. Buchheit, formaður Icesave-samninganefndarinnar, sem aldrei hefur stundað viðskipti á Íslandi. - jab / sjá nánar á næstu síðum

LINDBERG.COM

LINDBERG KID/TEEN
margverðlaunaðar barnaumgjarðir
sem farið hafa sigurför um heiminn
– vega aðeins 2,3 grömm eða 0,01% af meðalþunga 6 ára barns
3ja ára ábyrgð!
Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

MAÐUR ÁRSINS Í VIÐSKIPTALÍFINU 2010

FRAMÁMENN Í ÍSLENSKU VIÐSKIPTALÍFI HÖFÐU EKKI ROÐ VIÐ BUCHHEIT Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, og Hilmar Veigar Péturssson, forstjóri CCP.

Ríkið áberandi í viðskiptum

Margir voru nefndir þegar dómnefnd Markaðarins valdi mann viðskiptalífsins. Fjármálakerfið er nær allt á hendi skilanefnda, ríkis eða lífeyrissjóða og hagkerfið í gjaldeyrishöftum. Þetta umhverfi endurspeglaðist í vali á manni viðskiptalífsins. **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** skoðaði val nefndarinnar.

Alls voru 24 einstaklingar tilnefndir í flokk þeirra sem þóttu hafa skarað fram úr í viðskiptalífinu á árinu sem er að líða.

Dómnefndin var skipuð þrettán einstaklingum sem snerta viðskiptalífið með einum eða öðrum hætti, háskólakennarar eða stjórnendur í atvinnulífinu. Hún hafði frjálsar hendur um val bæði þeirra sem hún taldi hafa skarað fram úr á árinu auk bestu og verstu viðskipta ársins. Hver átti að tilnefna þrjá sem hann taldi hafa staðið upp úr. Sá sem fyrstur varð fyrir valinu fékk þrjú stig, sá næsti tvö stig og sá þriðji eitt.

Erfitt ár í viðskiptalífinu í skugga gjaldeyrishafta, fjárhagslegrar endurskipulagningar og varhugur samfélagsins gagnvart þeim sem standa upp úr endurspeglast í vali dómnefndar Markaðarins. Undantekning var ef tveir úr dómnefnd tilnefndu sama einstaklinginn, hvað þá að þeir settu viðkomandi í fyrsta sæti í vali sínu.

Hér er gerð grein fyrir þeim sem dómnefnd Markaðarins tilnefndi fyrir afrek sín á sviði viðskiptalífsins á árinu.

1. SÆTI: LEE C. BUCHHEIT

Lee C. Buchheit, formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar, var af álitsgjöfum Markaðarins talinn sá einstaklingur sem hefði mestu áorkað fyrir íslenskt viðskiptalíf á árinu. Samninganefndin, undir forystu Buchheit, kynnti nýtt samkomulag í Icesave-deilunni í byrjun desember sem þótti mun hagstæðara fyrir þjóðina en fyrri samningar.

2. SÆTI: HILMAR V. PÉTURSSON

Hilmar V. Pétursson hefur síðastliðin sex ár verið forstjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP sem á og rekur fjölþátttökuleikinn EVE Online, sem sló met í hittifyrra þegar áskrifendur urðu 320 þúsund talsins, eða rúmlega allir Íslendingar. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og þekkja þeir sem starfað hafa hjá fyrirtækinu frá upphafi hvað það þýðir að eiga við krefjandi aðstæður að etja. Hilmar er þar á meðal. CCP rekur skrifstofur í Bandaríkjunum, Bretlandi og í Kína og er með nokkra leiki í smíðum, þar á meðal skotleikinn Dust 514, sem sagður er valda byltingu í tölvuleikjageiranum.

Hilmar var maður ársins í viðskiptalífinu í fyrra ásamt Jóni Sigurðssyni, forstjóra stoðtækjafyrirtækisins Össurar.

Um Hilmar sagði einn í dómnefnd Markaðarins: „Þeir eru fáir sem átta sig á því hvað CCP er að gera ótrúlega hluti. EVE Online er einstakt fyrirtæki í leikjaheiminum. Áskriftartekjurnar mala gull fyrir fyrirtækið. Hilmar og félagar tefla samt djarft og allur ágóði rennur í þróun næstu leikja og í hraðan vöxt. Þrautseigjan við að koma fyrirtækin á þann stað sem það er á núna er aðdáunarverð og gefur góð fyrirheit um framtíðina."

3. SÆTI: JÓN Á. ÞORSTEINSSON

Marorka hefur síðastliðin tólf ár unnið að þróun og framleiðslu á orkustjórnunarkerfi fyrir skip með það að marki að draga úr olíunotkun skipa og þar með eldsneytiskostnaði og mengun. Hugmyndin að fyrirtækinu spratt upp úr doktorsverkefni stofnandans og framkvæmdastjórans Jóns Ágústs Þorsteinssonar þegar hann var við nám í vélaverkfræði við Álaborgarháskóla. Kerfi Marorku hafa verið sett upp í skip af ýmsum stærðum og gerðum. Fyrirtækið hefur vaxið hægt og bítandi. Einn í dómnefnd Markaðarins telur fyrirtækið geta vaxið frekar á næstu árum í takt við hækkandi orkuverð.

Margt er fram undan hjá Marorku en Jón Ágúst greindi frá því í maí að fyrirtækið stefndi að skráningu á First North-hliðarmarkaðinn hér og í Ósló í Noregi í mars á næsta ári. Gangi það eftir verður skráning fyrirtækisins sú fyrsta hér síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð á markað í Kauphöllina 19. mars 2008.

LEE C. BUCHHEIT

Eldklár en lítillátur lögmaður

Lee C. Buchheit var svo sannarlega ekki á hvers manns vörum á Íslandi í upphafi ársins 2010. Alþingi hafði nýlokið við að samþykkja samning um lausn á Icesave-deilunni sem mikil andstaða var við í þjóðfélaginu. Hinn 5. janúar neitaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, að skrifa undir samninginn og vísaði honum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar var samningnum hafnað og lausn á Icesave-málinu virtist í kjölfarið eins fjarlæg og nokkru sinni. Það var inn í þessa atburðarás sem þessi hógværi bandarískur lögmaður gekk í febrúar síðastliðnum.

Buchheit hafði fylgst vel með framvindu Icesave-deilunnar frá því að hann kom hingað til lands í boði stjórnvalda í desember 2008. Hann hefur gert skuldamál þjóðríkja að ævistarfi sínu og fannst Icesave-málið strax frá upphafi áhugavert vegna þeirra starfa. Buchheit var fenginn til að leiða nýja samninganefnd Íslands í deilunni í febrúar og eftir því sem árið leið bárust reglulega fréttir af fundum í London en enginn vissi í raun hvað var að eiga sér stað í samningaviðræðunum. Í byrjun desember kynnti nefndin svo niðurstöður viðræðanna og hlaut í kjölfarið lof úr öllum kimum samfélagsins. Samningurinn sem nefndin kom með til Íslands var langtum hagstæðari en fyrri samningar og gaf þjóðinni von um að loks sæi fyrir endann á þessari langvinnu deilu.

Þessi árangur samninganefndarinnar undir forystu Buchheits þótti svo góður að þó að hann sé strangt til tekið ekki þátttakandi í íslensku viðskiptalífi fannst álitsgjöfum Fréttablaðsins hann engu að síður vera sá einstaklingur sem hefði mestu áorkað fyrir íslenskt viðskiptalíf.

LEE BUCHHEIT Formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar á stóran þátt í að landa samningi sem gæti höggvið á skuldahlekki þjóðarinnar um árabil – það er að segja ef allar forsendur ganga eftir. MARKAÐURINN/ANTON

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Buchheit vegna útnefningarinnar sagðist hann djúpt snortinn. Það væri þó rangt að útnefna sig sem einstakling þar sem hann hefði ekki veitt nefndinni eiginlega forystu, nefndin í heild sinni ætti útnefninguna heldur skilda.

AÐRIR SEM NEFNDIR VORU

Margir komu fyrir í fyrsta og öðru vali dómnefndar og hlutu stig í samræmi við það. Þeir eru eftirtaldir í stafrófsröð:

4.-13. sæti	
Árni Samúelsson	stofnandi Sam-bíóanna
Birkir Guðnason	forstjóri Icelandair
Björn Lárus Örvar	forstjóri ORF Líftækni
Inga María Guðmundsdóttir	stofnandi Dressupgames.com
Halla Tómasdóttir	stjórnarformaður Auðar Capital
Jón Sigurðsson	forstjóri Össurar
Kristín Pétursdóttir	forstjóri Auðar Capital
Ross Beaty	forstjóri Magma Energy
Simmi og Jói	stofnendur Hamborgarafabrikkunnar
Vilborg Einarsdóttir	stofnandi og framkvæmdastjóri Mentor
14.-19. sæti	
Birna Einarsdóttir	bankastjóri Íslandsbanka
Jónsi	tónlistarmaður og söngvari Sigur Rósar
Ólafur Torfason	hótelstjóri Reykjavík Hotels
Sigrún Lilja Guðjónsdóttir	stofnandi Gyðja Collection
Stefán Hrafnkelsson	forstjóri Betware
Theo Hoen	forstjóri Marel
20.-24. sæti	
Gestur G. Gestsson	forstjóri Skýrr
Jón Gnarr	borgarstjóri í Reykjavík og stofnandi Besta flokksins
Róbert Wessman	forstjóri Alvogen
Skúli Gunnar Sigfússon	stofnandi og eigandi Subway-keðjunnar
Skúli Mogensen	fjárfestir

Alvöru FLUGELDAR

á alvöru verði

★★★★★ **Margverðlaunaðir flugeldar**

EINN *VEGLEGASTI* FJÖLSKYLDUPAKKINN Á MARKAÐNUM Í DAG!

Risa pakkinn

AÐEINS KR. **12.900.-**

RISATERTA Á FRÁBÆRU ***TILBOÐSVERÐI!***

Alvöru FLUGELDAR

Ávísun

5.000 kr

Greiðið gegn tékka þessum: Handhafa

Krónur: Fimmþúsundkrónur 00/100

Dags.: Gildir áramótin 2010/2011

Alvöru Flugeldamarkaðurinn

Ef þú kaupir fyrir 18.000 kr. þá færðu næstu 5.000 kr. frítt með því að framvísa þessari ávísun. **Gildir ekki af tilboðum.**

Kíktu við á einhverjum af sölustöðum okkar:

REYKJAVÍK Mörkin1 Einar 899 6005	**REYKJAVÍK** Stórhöfði 26, *við Gullinbrú* Rúnar 660 0565	**REYKJAVÍK** Malarhöfði, *hjá bill.is* Óli 777 5700	**GARÐABÆR** HAFNFIRÐINGAR ATH. NÝJA STAÐSETNINIGU Miðhraun 2, *rétt hjá IKEA* Guðni 618 4115 / Emil 694 4150
KÓPAVOGUR Bæjarlind 14-16, *rétt hjá Players* Jóhann & Ragnar 694 8201	**KÓPAVOGUR** Smiðjuvegur 6c Gunnar Ingi 662 8553 & Hanna 618 4115	**KEFLAVÍK** Holtsgata 52, *við Grænásbrekku* Óli 692 8770 / Pálmi 698 3521	**AKUREYRI** Glerárgata 36, *(áður Dagsljós)* Steinar 820 4801

Opið 28.-30. kl.10:00-22:00 og 31. kl. 10:00-16:00.

BESTU VIÐSKIPTI ÁRSINS 2010

NÝIR SAMNINGAR KYNNTIR Í IÐNÓ Nýr Icesave-samningur var kynntur í Iðnó í byrjun desember. Auk Guðrúnar Þorleifsdóttur, stjórnarformanns Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, eru á myndinni fulltrúar íslensku samninganefndarinnar, þeir Einar Gunnarsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Lee C. Buchheit og Guðmundur Árnason. MARKAÐURINN/VALLI

SAMNINGURINN INNSIGLAÐUR Már Guðmundsson seðlabankastjóri innsiglaði kaup á Avens-skuldabréfapakkanum í Lúxemborg í maí. Við undirritun skiptist hann á gjöfum við kollega sinn, Yves Mersch, bankastjóra Evrópska seðlabankans í Lúxemborg. MYND/SEÐLABANKI ÍSLANDS

Icesave-samningarnir bestir

Þótt erfiðleika hafi gætt í viðskiptalífinu í kjölfar bankahruns er ekki þar með sagt að ekkert gerist. Þótt tilnefningar um bestu viðskiptin hafi verið með fjölbreyttara móti var samstaða um að þeir samningar sem vörðuð þjóðina stæðu upp úr. **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** skoðaði tilnefningarnar.

Dómnefnd Markaðarins tilnefndi fimmtán viðskipti sem þau bestu á árinu. Tilnefningarnar voru allt frá viðsnúningi í afkomu, markaðssetningu, kosningasigrum í borgarstjórnarkosningum til umfangsmikilla samninga sem ekki sér fyrir endann á enn.

Það voru einmitt stærstu og þýðingarmestu samningarnir sem voru dómnefnd Markaðarins ofarlega í huga og flestir nefndu oftast.

Sambærileg tilhögun var á vali á bestu viðskiptum ársins og við val á þeim einstaklingi sem þótti skara fram úr í viðskiptalífinu á árinu. Ekki var þó val um tvö eða fleiri viðskipti sem raðað var eftir vægi.

1. SÆTI: NÝTT ICESAVE-SAMKOMULAG

Nýtt samkomulag í Icesave-deilunni flokkast til viðskipta ársins, að mati dómnefndar Markaðarins. Samkomulagið felur í sér að þeir fjármunir sem fást úr þrotabúi gamla Landsbankans muni ganga upp í greiðslur á láni frá Bretum og Hollendingum sem veitt var til að greiða þeim sem átt höfðu innstæður á Icesave-reikningum Landsbankans í löndunum tveimur. Niðurgreiddar upphæðir safna ekki vöxtum fram í tímann.

Miðað við forsendur samkomulagsins sem Icesave-samninganefndin kynnti í byrjun desember bera lánin frá Hollendingum 3,3 prósenta vexti en Bretum 3,0 prósenta vexti. Endurgreiðslur eiga að hefjast eftir áramót og stefnt á að þeim verði lokið í síðasta lagi árið 2046. Ýmsir fyrirvarar eru við samninginn, svo sem þeir að þak er á árlegar greiðslur ríkisins eftir 2016 og miðast þær við fimm prósent af tekjum ríkisins á fyrra ári. Nemi eftirstöðvar höfuðstóls lánsins innan við 45 milljörðum króna árið 2016 greiðist þær innan tólf mánaða. Áætlað er að kostnaður ríkisins vegna þessa muni nema 47 milljörðum króna.

Til samanburðar báru lánin 5,5 prósenta vexti í þeim samningum sem felldir voru í þjóðaratkvæðagreiðslu í mars. Samkvæmt þeim áttu endurgreiðslur að hefjast árið 2016 og ljúka sex árum síðar með möguleika á framlengingu til 2030. Áætlaður kostnaður ríkisins nam 162 milljörðum króna.

DÓMNEFND MARKAÐARINS

- Árelía E. Guðmundsdóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
- Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar
- Dögg Hjaltalín, verslunarstjóri Bókabúðar Máls og menningar
- Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
- Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAM Management
- Guðrún Johnsen, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
- Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri DataMarket
- Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá ráðgjafafyrirtækinu IFS
- Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
- Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
- Snæfríður Baldvinsdóttir, aðjúnkt við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst
- Vilhjálmur Bjarnason, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands
- Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland

Dómnefndin virtist sammála um að ákvörðun þjóðarinnar að hafna samningunum sem kosið var um í mars hafi sparað þjóðarbúinu gríðarlegar fjárhæðir.

2. SÆTI: KAUP Á AVENS-SKULDABRÉFUNUM

Seðlabanki Íslands samdi í maí um kaup á Avens-skuldabréfapakkanum svokallaða sem var í eigu Seðlabankans í Lúxemborg. Pakkinn var samansafn íslenskra íbúðabréfa og innstæða sem gamli Landsbankinn hafði tekið saman til að verða sér úti um lausafé þegar lánsfjármarkaðir voru að lokast.

Skuldabréfapakkinn kostaði Seðlabankann 120 milljarða króna. Um afar mikilvæg kaup var að ræða enda jafngilti Avens-pakkinn fjórðungi af öllum krónueignum erlendra aðila, sem festar voru inni með handafli með innleiðingu gjaldeyrishafta fyrir rétt rúmum tveimur árum og koma áttu í veg fyrir að erlendir fjárfestar færu með fé sitt úr landi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Fréttablaðið kaupsamninginn marka mikilvægasta áfanga fyrir Seðlabankann enda um að ræða fyrsta sambandið við erlendan seðlabanka eftir efnahagshrunið. Þá reiknaði hann með að gengi krónunnar myndi styrkjast hraðar í kjölfarið. Það gekk eftir samdægurs; gengið styrktist um 1,7 prósent og endaði í 217 stigum. Gengisvísitalan hefur nú rambað sitthvoru megin við 207 stigin um nokkurt skeið.

Hvað sem því líður hafa kaupin dregið úr áhættu vegna erlendra krónueigna hér auk þess sem þau bættu stöðu ríkissjóðs umtalsvert.

Setur nýsköpun efst á blað

LEKTORINN Útflutningur á heilbrigðisþjónustu frá Mosfellsbæ er dæmi um nýsköpun, að mati Ólafs Ísleifssonar. MARKAÐURINN/GVA

Viðskiptafólk ársins ryður brautir á innlendum og erlendum markaði með nýrri vöru og þjónustu, til dæmis á vettvangi hvers kyns hönnunar og nýsköpunar, að mati Ólafs Ísleifssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann bendir á að dæmi um slíka nýsköpun sé útflutningur á heilbrigðisþjónustu eins og nýtt fyrirtæki í Mosfellsbæ hefur lagt drög að.

Ólafur segir, líkt og fleiri í dómnefnd Markaðarins, ekkert koma upp í hugann sem fallið geti í flokk með viðskiptum ársins.

Hin umdeildustu telur hann hins vegar kaup Framtakssjóðs lífeyrissjóðanna á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum í ágúst. Stærsta fyrirtækið innan Vestia er sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic Group. Önnur fyrirtæki og minni innan Vestia eru Teymi, móðurfélag Vodafone og fleiri fyrirtækja innan upplýsingatækni, Húsasmiðjan og Plastprent.

Engin góð viðskipti

VILHJÁLMUR BJARNASON „Endurreisn getur ekki hafist.“ MARKAÐURINN/STEFÁN

„Engin viðskipti voru góð á árinu og öll viðskiptin vond. Viðskiptalífið er í rúst og endurreisn getur ekki hafist,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands.

Vilhjálmur er kaldhæðinn í tilnefningu sinni og segir þá Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi forstjóra Baugs Group og stjórnarformann FL Group, Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóra FL Group, og Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, menn viðskiptalífsins.

Þremenningarnir eru á meðal þeirra sjö sem tengdust FL Group og Glitni og slitastjórn gamla bankans stefndi fyrir dómstól í New York í Bandaríkjunum í maí vegna meintra fjársvika og fyrir að sópa til sín fé úr bankanum í aðdraganda hrunsins fyrir tveimur árum. Vilhjálmur var mjög gagnrýninn á starfshætti bankastjórnar Glitnis og afskipti eigenda hans af rekstrinum. Hann segir þremenningana hljóta tilnefninguna þar sem þeir geta nú um frjálst höfuð strokið og stundað eðlileg bankaviðskipti eftir að dómstóllinn vísaði máli gegn þeim frá um miðjan jólamánuðinn.

ÖNNUR VIÐSKIPTI SEM STÓÐU UPP ÚR

Ríkið var ekki einrátt í viðskiptalífinu, að mati dómnefndar Markaðarins. Nokkur önnur viðskipti vöktu eftirtekt. Hér eru þau ekki í neinni sérstakri röð:

Besti flokkurinn: Góð markaðssetning sem skilaði flokknum borgarstjórastólnum.

Carbon Recycling International: Vinnur að þróun eldsneytis úr metanóli.

Fataframleiðandinn Cintamani: Fyrirtækið fékk nýtt fjármagn og stækkaði.

Eimskip: Sneri tapi í hagnað.

Endurfjármögnun Marel: Nýlegur samningur við sex alþjóðlega banka um langtímafjármögnun er merki um sterka stöðu.

Fjárfesting Michael Jenkins í Fréttatímanum.

Kaup Auðar Capital á upplýsingaveitunni Já: Auður Capital kemur af krafti í endurreisnina. Fyrirtækið hefur keypt hluti í fjölmörgum fyrirtækjum og þykir hafa næmt nef fyrir áhugaverðum fjárfestingarkostum.

Kaup Framtakssjóðsins á 30 prósenta hlut í Icelandair Group. Kaupverðið á genginu 2,5 krónur á hlut voru afar hagstæð.

Mentor: Þróar upplýsingakerfi fyrir skóla sem notað er í fjórum löndum. Fyrirtækið er með skrifstofu í Svíþjóð. Stefnan er sett á frekari landvinninga.

Útivistarframleiðandinn Nikita.

Samningur Thor Data Center við norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software.

Afskriftir skulda: Þau fyrirtæki sem fengu mestar skuldir afskrifað hafa pálmann í höndunum. Á sama tíma eru það verstu viðskiptin fyrir þjóðina sem óbeint tekur á sig afskriftirnar.

Esselte bréfabindi, 70mm, A4

Vandaðar möppur sem endast ár eftir ár. Til í mörgum litum.

Ef keyptur er einn kassi af möppum fylgir með Pennadagbók.

Tilboð
290 kr.
Verð áður: 519 kr.

Artline töflutússpenni

Ávalur oddur, lyktarlítill. Þornar ekki strax upp þó að gleymist að setja lokið á pennann.

Fáanlegur í bláum, grænum, rauðum og svörtum lit.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Nýárstilboð

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA PENNANS
PÖNTUNARSÍMI 540 2050

Penninn
Með þér í vinnunni

Tilboð
64.642 kr.
Verð áður: 92.345 kr.

Kinnarps skrifborðsstóll

Hæðarstillanleg seta og bak
Dýptarstillanleg seta
Hallastillanleg læsing
Mótstöðustilling í baki

Leitz L-möppur

Þykkar og góðar. 5 stk. á 395 kr.

Tilboð
395 kr.
Verð áður: 790 kr.

Maxell minnislykill, 8GB

Tilboð
3.290 kr.
Verð áður: 5.490 kr.

Ódýrar möppur

Plastklæddar, 70 mm.

Tilboð
299 kr.
Verð áður: 759 kr.

Ódýr millispjöld, 1-10

Tilboð
129 kr.
Verð áður: 325 kr.

Tilboðin gilda frá 27. desember – 8. janúar

Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu Pennans í síma 540 2050 eða þjónusturáðgjafa í verslunum Pennans; Hallarmúla 2, Hafnarstræti 93 Akureyri, Austurstræti 18, Kringlunni norður, Smáralind, Mjódd, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Dalbraut 1 Akranesi, Sólvallagötu 2 Keflavík, Hafnarstræti Ísafirði, Bárustíg 2 Vestmannaeyjum og Pennanum TRS, Eyrarvegi 37 Selfossi.

Penninn
Með þér í vinnunni

VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS 2010

HÖFUÐSTÖÐVARNAR Þegar skilanefnd Glitnis tók yfir rekstur Sjóvár kom í ljós að bótasjóður tryggingafélagsins var tómur.

Björgun Sjóvár þykir klúður út í eitt

Ríkið lagði fram tæpa tólf milljarða til að bjarga tryggingafélaginu frá gjaldþroti. Þetta þykja verstu viðskipti ársins.

Þegar skilanefnd Glitnis tók yfir rekstur tryggingafélagsins Sjóvár kom í ljós að Milestone-bræðurnir Karl og Steingrímur Wernerssynir höfðu gengið þar svo illa um að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði um gjaldþol. Bótasjóðurinn var tómur, í stað fjármuna voru tryggingar bundnar í ótryggum fasteignum í fjarlægum löndum. Félagið var í raun gjaldþrota og vantaði milljarða til að koma rekstrinum á réttan kjöl.

Ríkið kom til hjálpar, lagði tryggingafélaginu til tæpa tólf milljarða króna og eignaðist við það um 73 prósenta hlut, sem stýrt er af Eignasafni Seðlabankans. Aðrir hluthafar eru skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki, sem að nær öllu leyti er í eigu skilanefndarinnar.

Sjóvá var sett í opið söluferli í janúar. Þegar tilboð voru opnuð í mars reyndist hæsta boð, upp á um ellefu milljarða króna, frá hópi fjárfesta undir forystu Heiðars Más Guðjónssonar, athafnamanns búsetts í Sviss. Aðrir í hópnum voru fjárfestirinn Ársæll Valfells, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Guðmundur og Berglind Jónsbörn, löngum kennd við útgerðarfyrirtækið Sjólaskip í Hafnarfirði, auk lífeyrissjóða og fagfjárfesta.

ENNEMM / SÍA / NM44815

Sjóðir sem bera góðan ávöxt

Fjölbreyttar sparnaðarleiðir

Þú stendur betur að vígi ef þú leggur til hliðar, hvort sem ætlunin er að spara fyrir því sem keypt er, byggja upp varasjóð eða langtímasparnað. Landsbankinn býður úrval ríkisskuldabréfa-, skuldabréfa- og hlutabréfasjóða við allra hæfi. Síðastliðna 12 mánuði skiluðu sjóðirnir betri ávöxtun en innlánsreikningar og viðmið. Fé í sjóðum má alltaf innleysa.

Sjóðir í áskrift

Sjóðir í áskrift henta vel fyrir reglubundinn sparnað. Viðskiptavinir njóta þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Í hverjum mánuði hljóta tveir heppnir viðskiptavinir 20.000 kr. viðbót við eign sína. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem hafa verið í áskrift að sjóðum í að minnsta kosti eitt ár.



Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Sjóðirnir eru starfræktir í samræmi við l. nr. 30/2003 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingum sjóða og útdráttum úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel útboðslýsingar sjóða áður en fjárfest er í þeim.

* Nafnávöxtun í ISK sl. 12 mánuði m.v. 30. nóvember 2010

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003.
2) Sjóðurinn tók til starfa þann 7. maí 2010 og þar af leiðandi liggja upplýsingar um 12 mánaða nafnávöxtun ekki fyrir.
3) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4040

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

Um sumarið höfðu samningar náðst að mestu, búið var að semja um greiðslur og tilheyrandi. Beðið var undirritunar seðlabankastjóra, sem innsigla átti viðskiptin. Sá lét bíða eftir sér.

Um haustið tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, að formleg rannsókn væri hafin á ríkisbjörgun Sjóvár. Í ofanálag tók DV að fjalla um fortíð Heiðars Más, sem verið hafði framkvæmdastjóri Novators, fjárfestingarfélags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Var honum brigslað um aðför gegn krónunni sem hlut átti að gengishruni hennar. Heiðar andmælti, sagðist þvert á móti hafa varað ráðamenn hér við hættunni fram undan löngu áður en halla hefði tekið undan fæti. Þá var sömuleiðis rætt um að Már Guðmundsson seðlabankastjóri væri á móti því að Heiðar kæmi að kaupunum.

Á endanum gáfust fjárfestarnir upp í nóvember og hættu við kaupin. Ekki er vitað til þess að söluferli Sjóvár verði endurtekið í allra nánustu framtíð.

SAGT UM SÖLUFERLIÐ

„Að leyfa ekki kaup á Sjóvá voru mestu mistök ársins þrátt fyrir að nánast öll fyrirtækjakaup og sölur séu þegar nánar er að gáð slæm. Að taka ekki hagstæðasta tilboðinu í gjaldþrota fyrirtæki er óskiljanlegt. Það er ekki hægt að réttlæta á skynsaman hátt. Þessi vandræðaháttur lýsir kannski best því ástandi sem ríkir þar sem enginn þorir að taka ákvarðanir og ákvarðanirnar sem loks eru teknar einkennast af vandræðagangi.“

Önnur slæm viðskipti á árinu

Val dómnefndar Markaðarins um bestu og viðskipti ársins var mjög fjölbreytt. Fimm önnur viðskipti voru nefnd á meðal slæmra viðskipta á árinu. Þau eru eftirfarandi:

■ **Framlag ríkisins til VBS.** Fjárfestingarbankinn var einn þeirra sem stunduðu svokölluð ástarbréfaviðskipti við Seðlabankann sem gengu út á að afla stóru viðskiptabönkunum, Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum, lausafé þegar dyr lánsfjármarkaða voru þeim lokaðar. Þegar bankarnir fóru á hliðina stóð VBS eftir með 26 milljarða skuld við Seðlabankann. Kröfunni var breytt í lán til sjö ára til að forða VBS frá þroti. Fjárfestingarbankinn réð ekki við fyrsta gjalddagann. Fjármálaeftirlitið tók VBS yfir í mars á þessu ári og fór hann í slitameðferð mánuði síðar. Við uppgjör kom í ljós að staða hans var mun veikari en talið var og jafngildir því að kröfuhafar VBS geti reiknað með tveggja prósenta endurheimtum.

■ **Yfirtaka ríkisins á sparisjóðum landsins.** Ríkið tók yfir rekstur Sparisjóðs Keflavíkur og Byrs í apríl. Í kjölfarið fylgdu fleiri sparisjóðir í faðm ríkisins. Þeir höfðu allir orðið illa úti í fjármálakreppunni og óskað eftir eiginfjárframlagi frá ríkinu sökum bágrar fjárhagsstöðu. Enn sem komið er hefur fjárhag eins sparisjóðs verið komið á réttan kjöl. Það er Sparisjóður Norðfjarðar. Ætla má að björgunaraðgerðir hins opinbera kunni að kosta á annan tug milljarða króna.

Önnur slæm viðskipti á árinu

■ **Kaup spákaupmanna á verðtryggðum skuldabréfum fyrr á árinu.** Þessir spákaupmenn fengu veðköll í bakið og töpuðu háum fjárhæðum þegar krafan hækkaði skyndilega eftir að Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundi í byrjun nóvember gjaldeyrishöft ekki verða afnumin fyrr en í fyrsta lagi í mars 2011. Misskilningur í túlkun á orðum seðlabankastjóra olli þessum miklu verðsveiflum á markaði.

■ **Útgáfa ríkisskuldabréfa Lánamála ríkissjóðs** á fyrri hluta ársins 2010.

■ **Óformlegar sameiningarviðræður Háskólans í Reykjavík við Háskólann á Bifröst** stóðu yfir um nokkurt skeið á árinu og rötuðu upp á yfirborðið í nóvember. Sameining skólanna taldist hagkvæmur kostur og fela í sér sameiningu á ákveðnum námsbrautum í húsnæði Háskólans í Reykjavík en efla á Bifröst hagnýta þjálfun, styttri námsbrautir, frumgreinanám, endurmenntun og sumarskóla. Magnús Árni Magnússon, rektor á Bifröst, mótmælti harðlega og varð ekkert úr málinu. Hann hefur nú stigið til hliðar fyrir nýjum rektor sem tekur við um áramót.

Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazól sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritrómýcín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert, ef þú færð niðurgang eða ef þú hefur fengið fylgikvilla (blæðingar eða sár í meltingarfærum) vegna bólgueyðandi verkjalyfja. Láta skal lækni/lyfjafræðing vita ef bólgueyðandi verkjalyf eru notuð. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstagjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýruþolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýruþolnu hylkin með glasi af vökva. Sýruþolnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýruþolnu hylkin. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Júlí 2010.

actavis
hagur í heilsu

VÖLDIN Í VIÐSKIPTALÍFINU 2010

Nýjar valdablokkir munu

Gömlum valdhöfum í viðskiptalífinu var hrundið af stóli í efnahagshruninu. Aðrir munu á endanum koma í þeirra stað. En hvar eru völdin í dag? **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** ræddi við nokkra sem staðið hafa í umrótinu með einum eða öðrum hætti um hugsanlega þróun valdablokka viðskiptalífsins. Þeir eru hvorki sammála um það hvar valdataumar liggja nú um stundir né hverjir kunni að halda um þræðina þegar upp verður staðið.

NOKKRIR VALDAHÓPAR Í VIÐSKIPTALÍFINU SÍÐUSTU ÁR*

Kolkrabbinn	**Einstaklingar**
Sjóvá - Almennar	Benedikt Sveinsson
Skeljungur	Einar Sveinsson
Eimskip	Benedikt Jóhannesson
Flugleiðir	
Icelandair Group	
Nýherji	

S-hópurinn	**Einstaklingar**
Samskip	Ólafur Ólafsson
Alfesca	Þórólfur Gíslason
VÍS	Finnur Ingólfsson
Kaupfélag Skagfirðinga	Jón Helgi Guðmundsson

Baugur	**Einstaklingar**
Hagar	Jóhannes Jónsson
Bónus	Jón Ásgeir Jóhannesson
Hagkaup og fleiri verslanir	Pálmi Haraldsson
FL Group	Hannes Smárason
	Íslandsbanki (Glitnir)

Samson	**Einstaklingar**
Landsbankinn	Björgólfur Guðmundsson
Actavis	Björgólfur Thor Björgólfsson
Straumur-Burðarás	Magnús Þorsteinsson

Kaupþing	**Einstaklingar**
Kaupþing	Sigurður Einarsson
Bakkavör	Hreiðar Már Sigurðsson
Exista	Ágúst Guðmundsson
	Lýður Guðmundsson

Íslandsbanki	**Einstaklingar**
Íslandsbanki (Glitnir)	Bjarni Ármannsson
Lyf og heilsa	Kristján Ragnarsson
Sjóvá	Helgi Magnússon
	Víglundur Þorsteinsson
	Einar Sveinsson
	Karl Wernersson
	Steingrímur Wernersson

** Byggt að hluta á umfjöllun Frjálsrar verslunar á valdablokkum í viðskiptalífinu 2003.*

Áhrifamiklar valdablokkir hafa verið ráðandi hér með einum eða öðrum hætti um nokkurra áratuga skeið. Segja má að Kolkrabbinn og Smokkfiskurinn, birtingarmyndir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hafi ráðið lögum og lofum jafnt í stjórnmálum sem viðskiptalífi í einni eða annarri mynd allt frá því sjálfstæði frá Dönum árið 1944 var enn volgt og fram yfir einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2003. Taugin var reyndar enn römm eftir sölu bankanna enda kaupendurnir hliðhollir flokkunum; í tilviki Landsbankans fylgdi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins með í kaupunum auk þess sem fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins tók við Búnaðarbankanum úr höndum flokkssystkina sinna.

ÁTTA VALDAHÓPAR

Jón G. Hauksson, ritstjóri tímaritsins Frjálsrar verslunar, fann átta valdahópa í greiningu sinni á valdablokkum landsins árið 2003. Hóparnir tengdust bæði gömlu klíkunum og þeim sem höfðu verið að líta dagsins ljós í smásöluverslun og fjármálageiranum eftir einkavæðingu bankanna auk lífeyrissjóða landsins sem féllu í eina valdablokk viðskiptalífsins.

Þá hefur hluti valdaklíkunnar fyrrverandi ekki talið sér vært hér á landi og farið utan.

Niðurstöður rannsóknar Bryndísar Ísfoldar Hlöðversdóttur á valdablokkunum fjórum árum síðar bentu til töluverðra tengsla á milli eldri og nýrri hópa. Bryndísi taldist til að árið 2003 hefðu 23 einstaklingar, sem allt voru karlmenn, tilheyrt valdablokkinni. Fjórum árum síðar hefðu 16 þeirra setið í stjórnum stærstu fyrirtækja landsins.

VALDABL

Flestir þ
eru sam
mestu h
uppgjörs
upphafi
í gegnun
um, vinn
litla sem
smásjá y
hefur hl
talið sér

Þótt v
á einu n
eru þeir
sest efti
blokka k
hafa eri
tíma ser
hafar m
gott að s

Glitrandi skart, glansandi kjólar, gullskór og pallíettupunt á aldrei betur við en á þessum tíma árs. Þá gefst tækifæri til að punta sig svolítið aukalega og er óhætt að ýkja augnskuggann og setja jafnvel á sig gervineglur og -augnhár, sérstaklega ef leiðin liggur í gamlárspartí eða nýársfögnuð.

;ALLT

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 587-4001

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
ÚTSALAN
Á FULLU
ALLT AÐ 40 - 50% AFSLÁTTUR
Opnunartími:
mánud. - föstud. kl.11.00 - 1800. Lokað á gamlársdag
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Hjálparsveit skáta í Kópavogi fær nýjan Land Cruiser:

Nýr bíll Hjálparsveitar skáta í Kópavogi er fyrsti Land Cruiserinn sem breytt er fyrir 44 tommu dekk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Getur brugðist við öllu

Fyrir það fyrsta þá er þetta nýr Cruiser sem er að taka við af fimmtán ára jeppa," segir Íris Marelsdóttir, formaður Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, sem í gær tók við nýjum jeppa, Land Cruiser 150, sem breytt hefur verið af Arctic Trucks. „Við tökum við honum fullbreyttum með öllu um borð, nýjum fjarskiptatækjum og samskiptatækjum, fyrir utan það að þetta er fyrsti bíllinn af gerðinni Land Cruiser 150 sem breytt er fyrir 44 tommu dekk. Þannig að við erum í svona smá frumkvöðlaverkefni með Arctic Trucks og það er mjög skemmtilegt."

En hverju breytir nýi bíllinn fyrir starfsemi sveitarinnar? „Þetta fellur vel að þeirri stefnu Hjálparsveitarinnar í Kópavogi að vera fjölhæf. Við eigum nú farartæki af mismunandi gerðum til að nota við allar hugsanlegar aðstæður. Við erum með tvo snjóbíla, tvo báta, fjóra vélsleða og fullbúinn jeppi eins og þessi, sem er léttari en snjóbíll og snar í snúningum, er ómissandi til að við getum haft þessa fjölbreytni," segir Íris. „Með þessari viðbót teljum við okkur geta brugðist við nánast hvaða aðstæðum sem er."

Hjálparsveit skáta í Kópavogi fór í 77 útköll á árinu sem er að kveðja og þar eru 70 manns á útkallslista og sveitin starfar í átta flokkum. Það sem kemur fólki kannski mest á óvart er að stór hluti útkalla er innanbæjar. „Ef um er að ræða sjúklinga eða lítil börn sem hverfa að heiman þá erum við kölluð til," segir Íris. „Eða þegar fólk hefur fyrirfarið sér á afviknum stöðum. Þá notum við reiðhjólin við leitina, förum fótgangandi eða á óbreyttum jeppa. En nýi jeppinn nýtist í jöklaleitina sem stöðugt verður meira um."

fridrikab@frettabladid.is

20%
AFSLÁTTUR
af fólksbíla og jeppadekkjum
DEKK RAFGEYMAR BREMSUKLOSSAR SMURÞJÓNUSTA
PERUR RÚÐUÞURKUR ALÞRIF & TEFLONBÓN SÆKJUM OG SKILUM
GRAFÍKER
Allt á einum stað!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Naglalakk hefur þótt ómissandi fylgihlutur í vetur enda ódýrt en fallegt punt. Grábrúnir tónar eru áberandi en sömuleiðis skærrauðar skínandi neglur.

Göt og gagnsæi

Enn og aftur fer tískan í hringi og leitar á náðir áttunda áratugarins.

Peysur og hvers konar prjónaskapur verið að ryðja sér til rúms í haust, en samkvæmt Harper's Bazaar verða peysur allsráðandi næsta vor og sumar.

Peysurnar verða þó ekki með hefðbundnu sniði, stórar og hlýjar úr alíslenskum lopa, heldur almennt efnislitlar, götóttar og hálfgagnsæjar.

Peysurnar verða í léttum litum og efniviðurinn verður mun fágaðri en á áttunda áratugnum, sem gefur peysunum kynþokkafullt heildaryfirbragð. Peysurnar má svo bæði setja saman við þægilegar leggings og sólgleraugu eða háa hæla og flott glingur, allt eftir tilefni og stíl. *- jbá*

Gegnsætt og kynþokkafullt.

Svarti liturinn er klassískur en götin gefa peysunni sérstakt og flott yfirbragð.

Peysurnar njóta sín vel bæði sem hversdagsflíkur og fyrir veisluhald.

Karlpeningurinn þarf ekki að fara varhluta af komandi peysutísku.

7 vikna fjölbreytt dansnámskeið fyrir 20 ára og eldri!

Innritun hafin í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is

Studio 1 – Námskeið fyrir byrjendur 2x í viku

MOVE LIKE A DANCER…

Langar þig að læra að hreyfa þig og komast í gott líkamlegt form?

- Spennandi og skemmtilegt jazzdans og púlnámskeið fyrir 20 ára og eldri.
- Kennt er í lokuðum hóp á mánudögum kl.19:40 og fimmtudögum kl.19:25.
- Kennari er Magnea Ýr Gylfadóttir.

Verð: 17.400 kr.

Studio 2 – Námskeið fyrir lengra komna 3x í viku

MUSICAL JAZZ – LYRICAL JAZZ – COMMERCIAL JAZZ

Leynist jazzdansari í þér? Varst þú í jazzballett og langar að byrja aftur? Nú er tækifærið!

- Kennt er í lokuðum hóp á mánudögum kl. 20:40, miðvikudögum kl. 20:30 og laugardögum kl.12:15.
- Kennarar eru : Arna Sif Gunnarsdóttir og Íris Björk Reynisdóttir.

Verð: 26.200 kr.

Námskeið hefjast 10.janúar! Skráning í síma 5813730 og á jsb@jsb.is

Frjáls aðgangur að tækjasal meðan á námskeiði stendur.

Nýtt! STUDIOKORT

Árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstudioi JSB.
Kortið veitir einnig frjálsan aðgang að tækjasal JSB.
Verð: 59.800 kr.

Vertu með í vetur!

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730
Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Harpa Hrund Pálsdóttir (lengst til vinstri), Dagný Gréta Ólafsdóttir og Klara Rut Ólafsdóttir hanna undir merkjum Hams. MYND/HELLERT

BOLIR Í HAM

Hamur býður upp á herraboli sem hannaðir eru og saumaðir hérlendis. Bolirnir fást í Collective of Young Designers á Laugavegi.

„Hönnun á herrabolum hefur að mestu snúist um að prenta eða stensla munstur og myndir á boli og okkur langaði að gera eitthvað öðruvísi," segir Harpa Hrund Pálsdóttir, einn þeirra hönnuða sem standa að baki hönnunarmerkinu Hamur. „Þess vegna fórum við út í að sauma á þá og breyta þeim þannig."

Vinnustofur Hams eru í bakhúsi við Óðinsgötuna og þar verða bolirnir til. „Við erum þrjár sem stöndum að Ham, ég, Dagný Gréta Ólafsdóttir og Klara Rut Ólafsdóttir. Við hönnum boli, kjóla, skart, hettutrefla og bara hvað sem okkur dettur í hug," segir Harpa. „Hamur er alls konar og við gerum alls konar."

Hamur er ekki gamalt merki, rétt tæplega árs gamalt. „Dagný og Klara byrjuðu síðasta vetur að sauma saman, en nafnið Hamur kom síðar er Klara var í miklu stuði við sumavélina og sagðist vera í miklum ham. Þá kviknuðu ljósaperur og nafnið festist upp frá því," segir Harpa. „Í lok sumars höfðu stelpurnar svo samband við mig og vildu fá mig með, en ég var þá að gera mína hluti ein úti í horni." Bolirnir fást í versluninni Collective of Young Designers (sem er í kjallara Nýlenduvöruverslunar Hemma og Valda) og kosta 4.500 krónur. Nánari upplýsingar er að finna á www.hamur.is.

tryggvi@frettabladid.is

Bolirnir eru allir einstakir og handgerðir hér á Íslandi. Þeir kosta 4.500 krónur.

áramót

MIÐVIKUDAGUR 29. DESEMBER 2010

Hugað að heyrn

Ekki þarf síður að vernda eyru en augu í sprengjuregninu. BLS. 6

Spádómur 2011

Hekla og Katla láta á sér kræla og Jóhanna hættir í stjórnmálum. BLS. 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FLAKKARATILBOÐ

UNITED
WD 1TB
720/1080i HDMI

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3
• 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM
– MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

● **FYRSTA ÁRAMÓTABRENNAN** Skólapiltar í Hólavallaskóla í Reykjavík eiga heiðurinn að fyrstu áramótabrennunni sem vitað er um hér á landi. Þeir kveiktu í henni á hæð skammt frá skólanum sem þeir kölluðu Vulcan (að líkindum Landakotshæð) og sást eldurinn úr margra mílna fjarlægð. Þetta var árið 1791. Til brennunnar söfnuðu þeir gömlum tunnum og timburbraki og helltu tjöru yfir. Getum er leitt að því að ruslið hafi fallið til frá Innréttingunum í Aðalstræti. Síðar var brenna stundum líka á Skólavörðuhæð. *Heimild: Saga daganna*

● **ÚTIKERTI** Þegar staðið er úti í garði á gamlárskvöld og eldur er borinn að hverjum kveikjuþræðinum eftir annan getur verið heillaráð að hafa logandi á útikerti innan seilingar og nýta það sem uppsprettu elds. Auðvitað gilda útikertin líka sem friðarmerki og falleg kveðja til nágrannanna og annarra sem eiga leið um auk þess að vera tákn um að árið sé að brenna út.

● **KRISTIN TRÚ** Á Vísindavef Háskóla Íslands er þess látið getið að innan kirkjunnar hafði áttidagur eða áttundi dagur (octava) sérstaka þýðingu, sem lokadagur vikuhátíðar. Dagurinn fellur á nýársdag í gildandi tímatali og er til minningar um að Jesú var gefið nafn.

● **FLUGELDAR Í SÖLUTURNI** Hinn eini og sanni söluturn Reykjavíkur, turninn sem nú stendur á Lækjartorgi, hefur í gegnum tíðina geymt ýmsan varning sem sölumenn hafa selt borgarbúum með hléum allt frá árinu 1907.

Turninn var upphaflega teiknaður árið 1907 og stóð á Lækjartorgi fyrstu tíu árin.

Sælgæti og annað sjoppumeti hefur verið algengasti söluvarningur turnsins en forvitnilegt er að skoða gamlar dagblaðaauglýsingar og sjá að árið 1908 mátti meðal annars kaupa þar kartöflur og flugelda.

Sigmundur Ernir og Edda eru sammála um að einn eftirminnilegasti þátturinn hafi verið á gamlársdag 2008 þegar mótmælendur ruddust inn á Hótel Borg og rjúfa þurfti útsendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Skylmingaþrælar stjórnmálanna

Kryddsíld Stöðvar 2 er löngu orðin fastur liður í áramótahaldi landsmanna. Þar hittast stjórnmálamenn og aðrir forkólfar landsmála og gera upp árið undir styrkri stjórn fréttamanna Stöðvar 2. Sigmundur Ernir Rúnarsson stjórnaði Kryddsíldinni í fimmtán ár, oftar en ekki með aðstoð Eddu Andrésdóttur. Hvað er honum minnisstæðast úr því starfi?

„Mín fyrsta Kryddsíld var árið 1991 þegar Davíð Oddsson var orðinn forsætisráðherra. Við sem sagt byrjuðum saman í Kryddsíldinni ég og Davíð og ég fylgdi honum eiginlega alla hans pólitísku tíð," segir Sigmundur Ernir. „Fyrstu árin eru mér minnisstæðust því þá mættu í þáttinn pólitískir þungavigtarmenn og skylmingaþrælar stjórnmálanna gráir fyrir járnum. Þar fóru náttúrlega fremstir Davíð Oddsson og Ólafur Ragnar Grímsson hvor á sínum væng stjórnmálanna. Inni á milli létu svo Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson vel í sér heyra. Þetta voru hinir miklu riddarar síns tíma og feikilega góð blanda í skemmtilegan þátt. Allt miklir pólitískir egóistar hver með sínum hætti og ég man að það var alltaf eitt af helstu verkefnum okkar stjórnendanna að koma fulltrúa Kvennalistans að í þættinum því þeir voru svo plássfrekir kallarnir."

Sigmundi Erni er greinilega mjög skemmt við þessar minningar og heldur áfram. „Davíð tók upp á þeim sið að mæta of seint til að eiga alvöru innkomu og mætti yfirleitt ekki fyrr en útsendingin var byrjuð. En svo áttu menn til að vera mjög þaulsætnir eftir útsendinguna og þess voru dæmi að eiginkonur sæktu pólitíska eiginmenn sína rétt fyrir sex þegar byrjað var að laga sósuna heima. Þetta voru ótrúlega skemmtilegar samræður og í mínum villtustu sjónvarpsdraumum hefði ég viljað hafa kveikt á myndavélinni þá."

Síðasta Kryddsíldin sem Sigmundur Ernir stjórnaði er honum líka mjög minnisstæð. „Eftirminnilegasti þátturinn er auðvitað síðasti þátturinn sem ég var í, þegar uppreisnin var á Hótel Borg 2008," segir hann. „Þar lauk minni samfylgd og Kryddsíldarinnar með látum. Þá ruddust mótmælendur af Austurvelli inn á Hótel Borg og eyðilögðu alla kapla þannig að útsendingin rofnaði og við urðum að gefast upp fyrir krafti og valdi mótmælendanna, sem var hið besta mál ef ekki hefðu komið til meiðsli á fólki, sem fóru í taugarnar á mér. En það var mjög merkileg reynsla að sitja þarna með marga helstu stjórnmálamenn þjóðarinnar í umsátri."

ALDAMÓTAÁRIÐ OG MÓTMÆLIN

„Einhvern veginn hefur mér nú bara fundist hver einasta Kryddsíld sérstök á sinn hátt, eðli málsins samkvæmt. Þetta er uppgjör ársins – og hvert ár hefur sína sérstöðu," segir Edda Andrésdóttir fréttamaður, sem oftar en ekki var með Sigmundi í Kryddsíldinni. „Hún er auðvitað mjög föst í forminu, löngu orðin fastur og alltaf dálítið hátíðlegur liður í lífi þeirra sem hafa staðið að útsendingunni og mætt ár eftir ár á sama tíma á gamlársdag sem er einhvern veginn dagur gleði en líka trega og kannski dulítillar eftirsjár," segir Edda. „En þótt þær séu allar sérstakar þá hljóta að standa út úr annars vegar Kryddsíld aldamótaársins, sem var óvenju löng og útsendingin mikil nákvæmnisvinna af því að við vorum með skemmtiatriði í beinni í samfloti með öðrum löndum. Mátti ekki skeika sekúndubroti. Og hins vegar auðvitað Kryddsíldin 2008 – þegar brast á með mótmælunum fyrir utan Borgina – sem lauk með tómum gráum skjá. En nú erum við komin í gírinn, enn og aftur. Erum sem sé að búa okkur undir uppgjör ársins í Kryddsíld 2010."

fridrikab@frettabladid.is

● **VISSIR ÞÚ?**

- 1. janúar varð fyrsti dagur ársins samkvæmt gregoríska tímatalinu sem Gregory VIII páfi tók upp árið 1582 en fyrir þann tíma hófst nýtt ár í mars. Sum Evrópulönd notuðu 1. janúar til að marka upphaf ársins en í Englandi hófst nýja árið 25. mars til ársins 1622.
- Kínverska nýárið hefst 3. febrúar og er árið 2011 ár kanínunnar.
- Árið 2011 er árið 4708 samkvæmt kínverska dagatalinu.
- Nýárið í Skotlandi er kallað Hogmanay. Margar stórfurðulegar hefðir tengjast hátíðinni. Til dæmis þarf hávaxinn dökkhærður maður að banka upp á fyrstur manna um áramót til að auka lukku næsta árs.
- Í Kólumbíu, Kúbu og Púertó Ríkó er mannhæðarhá dúkka klædd upp í spjarir af öllum fjölskyldumeðlimum og kveikt í henni um áramót. Þannig losnar fólk við slæmar minningar.
- Í Grikklandi skilja börn eftir skó við eldstæði í þeirri von að heilagur Basil gefi þeim einhverja gjöf.
- Á Times Square í New York er stór kúla látin síga til marks um nýja árið. Það var gert í fyrsta sinn árið 1907.
- Nýár gyðinga er kallað Rosh Hashanah.

www.super-flugeldar . com

Super Flugeldar

Háamýri ehf.

0,8" 138 skota kaka
kr 8.600.-

Á SÚPER VERÐI

1,5" skotrör kr 1.950.-
Bengal blys rautt kr 550.-

www.super-flugeldar.com

0,8" 25 skota kaka (víti)
kr 1.200.- / 4 stk kr 4.000.-



1,2" 49 skota blævængur
kr 11.900.-

1,2" 138 skota kaka
kr 22.900.- frábær sýning

Rakettupakki
9 stk 1,2"–2" kr 4.900.-

GOS
nokkrar stærðir - flottar útkomur

Krakkapakki
yfir 100 stk af smádóti kr 6.900.-

Krakkapakki
Takmarkað magn

Rakettupakki
6 stk 2" - 3" kr 8.900.-

Stjörnuljós
70cm 6 stk í pk kr 400.-
50cm 10 stk í pk kr 350.-

Dúndur þrenna
3 vítiskökur á kr 14.900.-
(fullt verð kr 18.600.-)

Rakettupakki
9 stk 1,2" – 1,8" kr 3.900.-

1,2" 138 skota hringlaga kaka
kr 26.900.-

www.super-flugeldar.com - Sölustaðir okkar eru tveir:
Ögurhvarf 2 Kópavogi - Kjaransstaðir Hvalfjarðarsveit.

Vonin kemur á nýja árinu

„Á nýja árinu upplifa Íslendingar þakklæti fyrir að ekki fór verr. Þeir ganga inn í mikilvægt ár sem boðar bjartari tíð og sem sést strax hilla undir á hausti komanda. Nýárið færir okkur því vonina á ný," segir spámiðillinn Hrönn Friðriksdóttir þegar hún rýnir í kristalskúluna til að sjá fyrir gleði og raunir íslensku þjóðarinnar á því Herrans ári 2011.

Hrönn Friðriksdóttir er spámiðill sem áður hefur reynst sannspá um afdrif og atburði þjóðarinnar í ársspá Fréttablaðsins, en þá hefur margt sýnst svartara en nú þegar birta fer aftur um síðir yfir landi og þjóð, og full ástæða er til aukinnar bjartsýni Íslendinga sem hún segir hafa nú sloppið úr óraunverulegum heimi „góðærisins". FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrst skal nefna blessað stjórnarheimilið. Þar sé ég mikla ólgu og alltaf eins og fjórir læknar séu á vakt til að halda ríkisstjórninni á floti og eyða orku í að fara á eftir mönnum til friðarfunda eftir að sýður upp úr. Ég sé ríkisstjórnina falla í febrúar og að boðað verði til kosninga í apríl," segir Hrönn, sem er leidd inn í herbergi ríkisstjórnarinnar þar sem hún sér hlutaðeigandi standa í sitthvoru horninu. „En nú er ég leidd inn í annað herbergi og sé þar kringlótt borð þar sem fólk situr saman og myndar nýtt stjórnmálaafl. Það tel ég nokkuð langt komið þótt ekkert sé farið að heyrast um það enn og verður því sem næst tilbúið þegar ríkisstjórnin springur. Þetta er ekki grínframboð eins og þegar Jón Gnarr kom með sitt framboð heldur vel undirbúið og skipað málefnalegu fólki sem tengist ekki beint inn í stjórnmálaflokka en hefur skýrar skoðanir, mikla menntun og reynslu. Það mun ná meirihluta í kosningum og vera mikil blessun fyrir þjóðina, en hinir flokkarnir þurfa að beygja sig undir þennan flokk, ekki síst Sjálfstæðisflokkurinn sem vill komast áfram og mun berjast, en tekst líka ágætlega upp þegar þeir hafa beygt sig meir en nokkru sinni fyrr," segir Hrönn og lítur yfir spádómsspil sín þessu til staðfestingar. „Jóhanna mun hætta afskiptum af stjórnmálum en Steingrímur verður áfram leiðtogi Vinstri grænna og á eftir að berjast óskaplega og láta í sér heyra í stjórnarandstöðu. Fólk mun því þekkja hann eins og áður var."

Heklugosið verður geysifallegt og tilkomumikið með litlu hraunrennsli, en frá Kötlu stafa meiri hamfarir.

ÞJÓÐARLEIÐTOGI KVADDUR

„Það góða við kreppuna er að þjóðin, sem hafði hent á haugana góðum gildum, er farin að sortera ruslið og taka þau upp á ný. Það er dýrmæt lexía. Fjölskyldan verður í forgrunni næstu ár og fólk stendur þétt saman, bæði vinir og vandamenn. Við höldum áfram að slá met í barneignum. Heimilin munu enn berjast í bökkum því atvinnumál lagast ekki fyrr en 2012 að þau fara hægt og bítandi að hífast upp. Niðurskurðarhnífurinn verður áfram á lofti og enn á eftir að kreista Ísland áður en efnahagur fer batnandi," segir Hrönn og er leidd á fund nýs stjórnlagaþings.

„Þetta er sundurleitur hópur en samviskusamur og á eftir að vinna ágætlega saman. Við fáum þó ekki nýja stjórnarskrá á árinu því vinnan gengur afar hægt en það sem þau koma með á eftir að breyta," segir Hrönn og lítur því næst til hárra herra þjóðarinnar.

„Jón Gnarr á eftir að þrauka út árið því hann hefur vit á að hafa gott aðstoðarfólk í kringum sig. Hann hefur líka þann kost að geta viðurkennt vanmátt sinn, en þegar upp er staðið verður þetta honum ekki til framdráttar. Þá verður árið rólegt hjá forseta lýðveldisins og engin mál sem munu reyna á vald hans eins og Icesave, en það mál mun leysast ágætlega fyrir þjóðina. Ólafur Ragnar hefur því hægt um sig þar til hann hættir í embætti," segir Hrönn og svipur hennar daprast. „Nú er mér sýnt að þjóðarleiðtogi á Norðurlöndum muni falla frá, en honum verður fylgt til grafar af hópi fyrirmenna og athöfninni sjónvarpað."

FJÁRSVIK Í SJÁVARÚTVEGI

Einn merkasti spádómur Hrannar fyrir 2010 voru eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli sem hún spáði með stuttu millibili, í stuttri fjarlægð hvort frá öðru.

„Og nú sé ég Heklu og Kötlu gjósa á næstu tveimur árum. Heklugosið verður geysifallegt og tilkomumikið með litlu hraunrennsli, en frá Kötlu stafa meiri hamfarir. Það verður þó ekki stórt í sögulegu samhengi og fólki mun ekki stafa hætta af því. Þá mun jörð hristast víða en ekkert alvarlegt tjón hljótast af," segir Hrönn, sem einnig spáði færri banaslysum í umferðinni fyrir árið 2010.

„Sú þróun heldur áfram, sem betur fer, og umferðin tekur æ minni toll af mannslífum. Þá sé ég engin flugslys né sjóslys fram undan."

Hrönn lítur yfir spil sín og sér eiturlyf flæða sem aldrei fyrr inn í landið og glæpi af öllum toga verða

HÓPÞJÁLFUN

Hópþjálfun er sambærileg við einkaþjálfun – bara ódýrari leið.

Skráðu þig og kynnstu nýju fólki eða skráðu þinn hóp á ykkar tíma!

Einstaklingsmiðuð þjálfun, 4-8 saman í hóp
Mikið aðhald og þjálfarar sem vilja sjá árangur!

HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Heilsuborg, Faxafeni 14, www.heilsuborg.is

Nýársfagnaður af gamla

Nokkur ládeyða hefur verið yfir nýársfögnuðum undanfarin ár en fyrir nokkrum árum voru heitustu partíin jafnan á nýársdag og þá oftar en ekki á Hótel Borg. Raunar hafa nýársveislur verið haldnar á Hótel Borg allt frá því að hótelið var byggt árið 1930 en þar hefur nýársfagnaður af gamla skólanum ekki verið haldinn í nokkur ár.

Í ár hefur lífi verið blásið í gamlar glæður nýársfagnaða en einn slíkur verður haldinn á Hótel Borg laugardagskvöldið 1. janúar. Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir, jafnan kennd við MáMíMó-hönnun sína, er reynslubolti í þeim efnum og sér um að skipuleggja giggið ásamt Guðrúnu Gunnarsdóttur blaðamanni. Facebook-síða hefur verið stofnuð utan um kvöldið þar sem má lesa frekar um viðburðinn, listamenn munu stíga á svið

Nýársfagnaðir á Hótel Borg nutu mikilla vinsælda

að enn stærra vandamáli. „Undirheimarnir blómstra en þar ráða ríkjum og fremja flesta glæpi erlendar glæpaklíkur. Þá sé ég ný spillingarmál koma upp á yfirborðið í sambandi við bankana og tvö fjársvikamál koma upp sem tengjast fyrirtækjum, öðru stóru í sjávarútvegi.“

ÚTRÁSARVÍKINGAR Í STEININN

Hrönn hefur áður spáð fyrir landvinningum fræga fólksins, meðal annars velgengni Baltasar Kormáks leikstjóra í Bandaríkjunum.

„Baltasar er verulega hæfileikaríkur og á eftir að skína mjög skært vestra; þetta er bara byrjunin nú. Þá munu íslenskir tónlistarmenn á sviði klassíkur, rokks og popps gera það gott í útlöndum og Vesturport fá tækifæri ytra sem það getur ekki hafnað og skína ofboðslega fallega, en í hópinn bætast við tveir einstaklingar sem styrkja hann enn frekar. Á íþróttasviðinu verður þetta meðalár og ekkert sem stendur upp úr nema stúlka sem kemur dansandi fram á sjónarsviðið,“ segir Hrönn og fer í fleiri bjartar vistarverur.

„Fiskur verður okkur áfram mikil tekjulind og ekkert lát þar á. Ég sé álver rísa í Helguvík en ekki á næstu tveimur árum. Ferðaiðnaður verður blómlegur því orðspor okkar fer enn batnandi í útlöndum og þykir alltaf jafn spennandi að koma til Íslands,“ segir Hrönn og fær fleiri upplýsingar um atvinnumál.

„Atvinnuskapandi stórframkvæmdir fara ekki í gang á árinu sökum peningaleysis og fyrirtæki róa enn lífróður. Fjölmiðlar standa í ströngu og Morgunblaðið þarf á öllu sínu að halda til að geta haldið áfram. Fréttablaðið mun halda velli en Fréttatíminn ekki verða að stórum fjölmiðli og lifir varla út árið,“ segir Hrönn og hverfur á vit útrásarvíkinga og örlaga þeirra.

„Á nýárinu byrjum við að sjá suma þeirra þekktustu dæmda í fangelsi en það breytir litlu fyrir þjóðina. Einhverjir verða kannski sáttari en við fáum ekki krónu til baka frá útrásarvíkingunum; peningarnir eru einfaldlega horfnir,“ segir Hrönn og endar framtíðarsýn sína í tónlistarhöllinni Hörpu.

„Mikil ánægja verður með Hörpu. Hún á eftir að standa vel undir sér og vera vel sótt af landsmönnum og útlendingum sem koma bæði til að hlusta og leika þar listir sínar.“ *- þlg*

Ísland vinsæll áfangastaður um áramót

„Við höfum ekki undan við að taka niður pantanir, ég gæti vel trúað að þetta væri í heildina um tíu prósenta aukning frá því í fyrra,“ segir Ingólfur Einarsson, aðstoðarhótelstjóri á Grand Hóteli, þar sem heldur fleiri erlendir gestir dvelja um þessi áramót en þau síðustu.

Þessi aukning er ekki einsdæmi. Hjá Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra ferðaþjónustunnar, fengust þær upplýsingar að nú þegar hafi verið bókaðir 3.500 gestir á hótelum í Reykjavík um áramótin. Í fyrra var fjöldinn um það bil 3.300 erlendir gestir.

Að sögn Ernu koma ferðamennirnir víða að. „Flestir eru frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Japan, Þýskalandi og Norðurlöndunum,“ segir hún og telur líklegt að flugeldar, jólaljós, hlaðborð og heitir pottar laði að. „Fólki finnst magnað að geta slappað af í skammdeginu og kuldanum.“ Hún segir þetta sýna fram á hve brýnt er að markaðssetja allan desembermánuð sem ferðamannatímabil. „Það gæti orðið hluti af þeirri vetrarferðamennsku sem við viljum sjá aukast í framtíðinni.“

Sífellt fleiri erlendir ferðamenn vilja dvelja hér um áramótin. NORDICPHOTOS/GETTY

skólanum

á árum áður.

undir borðhaldi, en þeir sem ekki vilja borða geta keypt sér miða einungis inn á ballið.

Hugað að heyrninni jafnt sem sjóninni

Almennt er fólk meðvitað um þær hættur sem stafa af flugeldum. Það ber hlífðargleraugu og passar sig á eldi. Hins vegar gleymist oft að huga að heyrninni.

Hávaðinn frá flugeldum getur valdið varanlegum skaða á heyrn að sögn Ellisifjar K. Björnsdóttur, heyrnarfræðings hjá Heyrn í Kópavogi. „Sem betur fer er fólk farið að passa sjónina en það gleymist oft að hlífa heyrninni," segir Ellisif, sem fær iðulega til sín fólk í janúar með suð fyrir eyrum eftir gamlárskvöld. „Slíkt suð getur jafnvel verið óafturkræft," upplýsir hún.

Margnota heyrnarsíur sem dempa hávaða en útiloka ekki talað mál.

Ellisif segir ekki flókið að hlífa heyrninni. Hægt sé að kaupa sérstakar heyrnarsíur sem dempi hávaða frá flugeldum en útiloki ekki talað mál. Slíkar margnota síur megi fá hjá þeim í Heyrn. Einnig sé hægt að nota aðrar leiðir eins og eyrnatappa og eyrnahlífar á borð við þær sem iðnaðarmenn nota jafnan. En er nóg að vera með þykka húfu? „Það er betra en ekkert en þó varla nóg," svarar Ellisif.

Sá skaði sem verður við of mikinn hávaða er kallaður hátíðniheyrnarskerðing. Það gerist þegar fíngerðustu og viðkvæmustu bifhárin eða skynfrumurnar í kuðungi eyrans skemmast. Hátíðniheyrnarskerðing veldur því að hljóðmyndin er ekki lengur skýr, það er erfitt að greina hvaðan hljóð berast og einnig er erfitt að greina hljóð í sundur. „Þegar eyrun nema ekki hátíðnihljóðin er hljóðmyndin óskýr á svipaðan hátt og sá sem farinn er að tapa sjón sér óskýrt. Sá sem heyrir ekki öll hljóð þreytist fljótt því að hann þarf stöðugt að einbeita sér þegar hann hlustar," segir Ellisif og telur Íslendinga aftarlega á merinni hvað varðar heyrnarvernd. „Hér er oft of mikill hávaði á skemmtistöðum og tónleikum. Hávaðinn fer oft yfir þolmörk eyrans og þær reglur sem gilda um hljóðstyrk," segir hún.

En eru margir sem þjást af hátíðniheyrnarskerðingu á Íslandi? „Það er ekki búið að rannsaka það sérstaklega hér en í löndunum í kringum okkur er að koma fram heil kynslóð fólks á fimmtugs- og sextugsaldri með heyrnarskerðingu," segir Ellisif og telur að um 40 prósent fólks af þessari kynslóð hafi skerta heyrn. „Margir spá reyndar ekkert í því heldur hvá og kvarta yfir því að fólk tali óskýrt," segir Ellisif og telur að margir hafi fordóma fyrir heyrnartækjum. „En þeir gera sér ekki grein fyrir hvað þau hafa þróast mikið. Þau eru orðin mjög lítil, með þróað hljóðkerfi og geta sannarlega aukið lífsgæði fólks sem farið er að heyra illa."

Engin bið er eftir heyrnartækjum í dag auk þess sem Tryggingastofnun tekur þátt í kostnaði við vissa heyrnarskerðingu. Ellisif bendir einnig á að mörg stéttarfélög séu farin að borga hlut í heyrnartækjum. - sg

Ellisif K. Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn í Kópavogi, segir nauðsynlegt að fólk hugi að því að vernda heyrnina í sprengjuregninu um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirminnilegustu áramótin

Sterkar upplifanir um áramót geta verið af ýmsum toga eins og eftirfarandi frásagnir vitna um. Þar koma funi og flugeldar við sögu, bæði í einkalífi og umhverfi svo og fegurð himinsins.

SKAUPIÐ SETTI ALLT ÚR SKORÐUM

Áramótin hafa yfirleitt verið kósý hjá Bryndísi Schram, leikkonu með meiru, nema einu sinni á níunda áratugnum.

„Ég var í lauslætislegu hlutverki í áramótaskaupi hjá Flosa Ólafssyni fyrir margt löngu. Atriðið var grínádeila á sænskar klámmyndir sem hétu Forvitin gul og Forvitin blá. Hjá Flosa hét það Forvitin, gul, blá og marin og ég lék Júlíu í Rómeó og Júlíu. Eiginmanni mínum var svo freklega misboðið að hann gekk út úr samkvæmi sem við vorum í hjá foreldrum mínum og ég týndi honum í nokkra daga.

Þetta skaup var endursýnt um daginn og þá labbaði hann aftur út en var ekki eins lengi í þetta sinn!"

NÁGRANNAR FLÚÐU BAK VIÐ HÚS

Eftirminnilegustu áramótaatvik Katrínar Önnu Guðmundsdóttur jafnréttishönnuðar tengjast flugeldum.

„Eitt árið sem ég bjó í Seljahverfinu voru terturnar að koma fram á sjónarsviðið og pabbi fjárfesti í einni stórri og myndarlegri. Setti hana af stað úti á miðri götu og lætin – sprengingarnar og reykurinn – voru svo svakaleg að nágrannarnir flúðu bak við hús en við stóðum undir dyraskyggninu og misstum af dýrðinni. Bróðir mömmu sem býr í Kópavoginum fullyrti hins vegar að þetta hefði verið frábært sjónarspil.

Sömu áramót skaut ég upp stórri rakettu en þá ekki vildi betur til en svo að hún tók stóran sveig og sprakk á bílastæði í götunni fyrir ofan, í miðjum hópi fólks sem stóð þar í mestu makindum. Til allrar lukku slasaðist enginn."

HÁFJALLAHEIMUR Í HÓPI VINA

Fyrsta skiptið sem Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fór inn í Þórsmörk um áramót er honum minnisstætt.

„Ég hef aldrei almennilega kunnað að meta flugelda eftir að hafa verið inni í Þórsmörk um áramót, því það er svo miklu skemmtilegra að vera langt frá mannabyggðum og njóta stjörnubirtunnar og tunglsljóssins. Ég var 16, 17 ára þegar ég fór í fyrstu áramótaferð í Mörkina, ásamt félögum mínum, í hópi með Ferðafélagi Íslands rétt fyrir 1980. Það var farið á tveimur eða þremur rútutrukkum í snjó og ófærð. Þar var kveikt í brennu og mikið sungið. Mér fannst þetta allt ævintýralegt og óskaplega gaman. Ein besta skemmtun sem ég veit enn í dag er að komast í háfjallaheim í góðra vina hópi."

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

GÓÐ KAUP
HÁTALARAKERFI
ALLT AÐ 40% AFSL.

NÝJAR FARTÖLVUR
-70.000kr.
ALLT AÐ 70.000kr. AFSL.

SPRENGJA

ALLT AÐ 80% AFSL.

SPRENGITILBOÐ AÐEINS Í NOKKRA DAGA • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU

Acer S231HLBD
23" Full HD LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn, 12.000.000:1 dýnamískri skerpu, 5ms svartíma, VGA og DVI-D tengi með HDCP.

27.990
FULLT VERÐ KR. 34.990

SAMSUNG

2TB
USB FLAKKARI

Samsung G3 2TB
2TB USB 3.5" flakkari með SafetyKey, SecretZone og Backup. USB kapall fylgir. Windows og Mac.

18.990
FULLT VERÐ KR. 21.990

TOSHIBA
640GB
640GB FLAKKARI

Toshiba Store Steel 2.5
640GB 2,5" USB flakkari sem tekur straum gegnum USB tengið.

11.990
FULLT VERÐ KR. 19.990

Toshiba Satellite C660-11K
- 2.3Ghz Mobile AMD V Series V140 örgjörvi
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

89.990
FULLT VERÐ KR. 99.990

FARTÖLVUTILBOÐ

Toshiba Satellite L500D-16N
- 2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- DVD og CD-RW skrifari
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD 4570 skjákort
- Windows 7 Home Premium

99.990
FULLT VERÐ KR. 119.990

32MB BUFFER

SAMSUNG

1TB
HARÐUR DISKUR

Samsung SA103SJ
1 Terabyte Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer.

8.490
FULLT VERÐ KR. 11.990

OPNUNARTÍMI	
Mið	29. des. 9-19
Fim.	30. des. 9-19
Fös.	31. des. 9-12

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

Áramótaheit nú til dags snúa flest að holdafari og lifnaðarháttum en fyrr á öldum var algengara að þau snerust um að skila verkfærum sem höfðu verið fengin að láni hjá nágrönnum á árinu. Hugarfarið að baki er þó hið sama en áramótaheit fjalla um að bæta sig á einhvern hátt og ná persónulegum árangri sem hefur ekki náðst fyrr.



Sex hundruð tonn af flugeldum

Kathrin Troche stóð frammi fyrir því að velja á milli áramóta á Spáni eða á Íslandi. Á endanum varð Ísland fyrir valinu og sér Kathrin ekki eftir því, enda hlýrra hér en þar. Hún dvelur nú í góðu yfirlæti í miðbæ Reykjavíkur ásamt herbergisfélaga sínum, naggrísnum Tuma.

Fjöldinn allur af erlendum ferðamönnum kýs að verja áramótunum hérlendis. Flugeldar og norðurljós spila þar stórt hlutverk, sem og fjölskyldutengsl og gamlir vinir. Kathrin Troche er ein þeirra sem hingað eru komin til að verða vitni að stórskotaárásinni.

„Ég las það einhvers staðar að Íslendingar skjóti upp 600 tonnum af flugeldum yfir áramótin og ég hlakka mjög til að sjá hvernig það fer fram," segir Kathrin Troche, sem hingað er komin frá Þýskalandi. „Mér stóð reyndar til boða að fara í sumarbústað á gamlárskvöld en ég sagði nei takk. Ég vil ómögulega missa af flugeldasýningunni í borginni. Ég hef heyrt ýmsar sögur og langar að sjá hvort þær eru sannar"

Kathrin er vön því að eyða áramótunum erlendis. Meðal áfangastaða þar sem nýja árið hefur verið talið inn eru Barcelona, New York, Berlín og smáþorp í Pýreneafjöllunum. „Þar vorum við, hópur fólks, sem kynntist í skiptinámi í Montréal í Kanada fyrir mörgum árum. Þar á meðal var einn Íslendingur og við höfum alltaf haldið sambandi síðan. Þetta verða því önnur áramótin þar sem ég heyri íslensku en síðast söng hann íslenska þjóðsönginn á slaginu tólf."

Kathrin var svo að velta fyrir sér hvert hún ætti að fara þessi áramót, og var spánska ströndin efst á lista. „Svo var ég eitthvað að hanga á Facebook og byrjaði að spjalla við þennan íslenska vin minn. Hann stakk upp á því að ég kæmi bara til Íslands. Í einhverju stundarbrjálæði fann ég flug á viðráðanlegu verði gegnum Helsinki og sló til," segir Kathrin. „Svo held ég að það sé hlýrra hér nú en á Spáni svo ég er þegar ánægð með valið."

Gamlárskvöldinu sjálfu eyðir Kathrin með öðrum vegalausum ferðalöngum. „Vinur minn reddaði mér gistingu hjá vini sínum í miðbænum og deili ég herbergi með Tuma naggrís í góðu yfirlæti. Gestgjafi minn ætlar svo að halda matarboð fyrir mig og nokkra aðra ferðamenn og einhverja sem ekki eiga fjölskyldu í borginni á gamlárskvöld," segir Kathrin. „Svo þegar klukkan hefur slegið tólf hefst eitthvert veisluflakk og ég hlakka mjög til að skála í kampavíni undir himni sem lýstur er upp af 600 tonnum af flugeldum."

tryggvi@frettabladid.is

Kathrin velur oft að ferðast yfir áramót og hefur meðal annars tekið á móti nýju ári í Pýreneafjöllunum á draugalegu ættaróðali þar sem einu íbúarnir voru gömul kona og þunglyndur hundur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GLÆSILEGT UNDIR ÁRAMÓTADRESSIÐ

Teg. CATYA - push up, rosalega fallegur í A,B,C,D skálum á kr. 7.680,-

Teg. CATYA - push up fyrir þær stærri, sömuleiðis mjög glæsilegur í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur

BÍLAR & FARATÆKI

Bílabúð Benna

ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!
Jeep
PONTIAC
Bílabúð Benna
Stofnað 1975
www.benni.is
590 2000

Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is

Toyota Land Cruiser 120 VX Diesel Turbo, 09/2005 Ekinn 98þús. Ssk, 8manna, Leður ofl. Ásett Verð 5.490.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.

Toyota Corolla W/G SOL VVTi, 03.2006 Ekinn 82þús. Ssk, Fallegur bíll. Ásett Verð 1.790.000.- Áhvílandi lán 1.380.000.- Afb. 32þús.

Suzuki Swift GL, 05/2007 Ekinn 57þús. Bsk. 5gíra. Ásett Verð 1.490.000.-

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is

---

bílaborg.is

Til sölu Atvinnuhúsnæði á krókháls 12 C.A 120 FM Verð 26.000.000. Ákv. Lán 14.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001. www.bilaborg.is

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

STÓRA BÍLASALAN

Ford Explorer Sport Trac 4x4 Árgerð ,04/2004, ekinn 76þ.m, leður, sóllúga, sjálfsk., gott eintak, bíllinn er á staðnum. Skoða skipti á ódýrari. Verð aðeins 1.590.000kr. Raðnúmer 151165. Sjá nánar á www.stora.is.

Ford Escape Limited 4x4 Árgerð ,07/2008, ekinn 117þ.km, sjálfskiptur, leður, fallegt eintak. Ástandsskoðun til og bíllinn er á staðnum! Frábært verð aðeins 2.990.000kr! Raðnúmer 151202. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

SUZUKI BALENO WAGON 4WD GLX. Árg. 1997, ekinn 210 þ.km, 5 gírar. GÓÐUR BÍLL.Verð 299. þús Rnr.152564.

MMC PAJERO DID á 38" , breittur fyrir 44". Árg. 2000, DÍSEL, Sjálfskiptur. Kastarar, auka tankur og fleira og fleira. Verð 3.890.þús. skipti athugandi Rnr.102498.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

100bilar.is bílasala

Land Rover Range Rover Sport HSE V8 dísel, árg.1/2008, ek. 63þús.km, sjálfsk, Sparneytinn 273hö V8 dísel, Stórglæsilegur umboðsbíll með öllu, Ásett verð 10500þús.kr,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

VW Golf ,96. Nýskoðaður. Nagladekk. Verð 175 þús. Uppl. í síma 697 3297.

100% Visa/Euro lán í boði
HYUNDAI ACCENT. Árgerð 2001, ekinn 135 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 460.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Nissan Almera 1,8 Sedan ,02. Ásett verð 690 þús. Vetrar og sumardekk. Uppl. í s. 893 2284.

Toyota Verso, svartur, vel með farinn 7 manna, árgerð 2007, ekinn 39 þús. Aukab. Bluetooth handfrjáls og I-pod tengi. Listaverð 2.490.000. Tilboð óskast. Senda á svenni56@hotmail.com eða síma 772 6686.

Opel astra árg.'02 ek.152 þús. Mp3 spilari. V. 500 þús. Uppl. í s. 857 3135.

0-250 þús.

Að morgni 15 des var 4 Iroc dekkjum 39,5" á 15" felgum stolið frá Suðurhellu 6 Hafn. Fundarlaun: Sími 897-1420

Bílar óskast

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Lyftarar

Innfluttir notaðir TOYOTA rafmagnslyftarar 1,0-2,5 T. Gámagengir. Lyftihæð allt að 4,7 mtr. Til afgreiðslu strax. Orkuver ehf. Smiðjuvegi 11 Kópavogi. s. 534 34 35 myndir á: www.orkuver.is

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR I NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Jólaskemmtanir

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms

Við bræður erum klárir í fjölskylduboðið! skyrgamur@skyrgamur.is & s. 6602430

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

GLERSÝN sf. gluggahreinsun Ingvars Bernöen

Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Jólatilboð
Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf
Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m². gólffleti
Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full máluð loft.
Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu
Aðeins kr. 500.000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Allt viðhald eht. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Stíflueyðing

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Nudd

Líkamsnudd !
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693 0348 eða 661 8272.

2 fyrir 1 tilboð
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðgerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Er ennþá með vinsælu gjafakortin til sölu. 5 tímar á hlægilegu verði. Elsti og reyndasti nuddari bæjarins. Nudd fyrir heilsuna, tilvalið fyrir hjón. Hátún 8, Gerður Benediktsdóttir, Nuddari. S. 588 2260 og 863 2261.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Spádómar

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.
Hvað viltu vita.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta

All fullt í Partýbúðinni:
Stútfull búð af flottum vörum fyrir áramótin; Óáfeng verðlaunavín frá Napa Valley í Californíu; Chardonnay, Cabernet Sauvignon, Merlot og Brut Cuvee. Hattar og kórónur í hundraðatali og nú getur þú hannað þinn eigin hatt með átta möguleikum á íslenskum texta. Áramótavörubarinn þar sem þú færð blásturtúpur, lúðra og knöll í stykkjatali, - t.d. 30 cm knöll á 200 kall! Opið 10-22 alla vikuna og til 17 á gamlaársdag.Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

u rísa

LOKKIR FALLA

beirra sem Fréttablaðið hefur rætt við
mála um að valdablokkirnar hafi að
runið til grunna með falli bankanna og
sins sem fylgdi í kjölfar stjórnarslita í
árs 2009. Þeir sem hafi komið við sögu
n árin hafi tapað gífurlegum fjármun-
ni að því hörðum höndum að halda því
n eftir standi á meðan aðrir séu undir
yfirvalda vegna gruns um misferli. Þá
uti valdaklíkunnar fyrrverandi ekki
r vært hér á landi og farið utan.
iðmælendur Fréttablaðsins séu ekki
máli um það hvar völdin liggi í dag
r sammála um að rykið hafi enn ekki
r hrunið, fulltrúar fyrrverandi valda-
klóri í bakkann en muni líklega ekki
ndi sem erfiði. Vald þeirra heyri til
m sé að líða undir lok og að nýir vald-
uni taka við. Hverjir það verði sé ekki
segja.

Bankarnir eru með of mikil völd

Fjárfestar halda að sér höndum á meðan bankarnir afskrifa ekki skuldir fyrirtækja, segir framkvæmdastjóri.

ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR

„Völdin liggja hjá bönkunum, sem hafa leyst til sín mikið af fyrirtækjum. Þar virðast hlutirnir sitja fastir. Það er viðskiptalífinu ekki til framdráttar," segir Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá verðbréfafyrirtækinu Auði Capital.

Þóranna bendir á að mörg fyrirtæki glími við erfiða skuldsetningu. Leggja þurfi mörgum fyrirtækjum til nýtt hlutafé og kröfuhafar þeirra að færa skuldir niður. Bankarnir eru tregir til þess, að sögn Þórönnu.

„Mjög fáir ráða við að greiða bönkunum að fullu eða taka við rekstri fyrirtækja með þeirri skuldsetningu sem á þeim hvílir. Því kjósa bankarnir frekar að halda í fyrirtækin en að losa sig við þau," segir Þóranna og bætir við að í sumum tilvikum hafi bankarnir byggt upp starfsemi í kringum eignarhaldið. Slíkt sé ekki jákvætt enda tefji það fyrir endurreisninni.

Þóranna segir bankana ekki heppilega fyrirtækjaeigendur. Vandinn sé sá að engin eiginleg samkeppni sé á bankamarkaði. Við slíkar aðstæður hreyfist allt hægt. Hún segir lífeyrissjóðina í lykilstöðu, þeir séu meðal fárra sem ráði yfir nægilegu fjármagni nú um stundir til að koma atvinnulífinu af stað.

„Lífeyrissjóðir eru í einstakri stöðu til að knýja á um bættar áherslur í viðskiptalífinu með því að skýrar kröfur til arðsemi fjárfestinga, til þeirra sem fara fyrir fé og leggi áherslu á gagnsæi, góða stjórnarhætti og gott viðskiptasiðferði. Mörg fyrirtæki eru nú þegar að taka frumkvæði í þessum efnum og því eru tækifærin til staðar," segir hún.

Gömlu valdablokkirnar heyra sögunni til

Millibilsástand mun ríkja þar til fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja lýkur, segir fyrrverandi ráðherra.

GYLFI MAGNÚSSON

Viðskiptablokkirnar sem tröllriðu samfélaginu í áratug fyrir efnahagshrunið eru fallnar og arftakar þeirra að taka við.

„Við verðum í millibilsástandi þangað til fjárhagsleg endurskipulagning hinna ýmsu fyrirtækja verður lokið. Þangað til munu fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir verða fyrirferðamikil í viðskiptalífi og hið opinbera leika stærra hlutverk en áður," segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra.

Gylfi tók virkan þátt í endurreisnarstarfinu eftir bankahrunið, var annar tveggja ráðherra utan þings sem settust í ráðherrastól í bráðabirgðastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna í febrúar í fyrra nokkrum dögum eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar liðaðist í sundur í kjölfar þess að Björgvin G. Sigurðsson, forveri Gylfa, vék forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá störfum og sagði sjálfur af sér. Gylfi stóð upp úr stólnum í september síðastliðnum og hefur nú snúið aftur í háskólann.

Ráðherrann fyrrverandi segir að þótt svo virðist sem fátt hafi breyst í viðskiptalífinu sé raunin önnur. „Þeir sem stjórnuðu gömlu viðskiptablokkunum fóru með þeim. Þótt sum fyrirtækin líti svipað út og áður eru oftar en ekki komnir nýir eigendur og stjórnendur," segir Gylfi og reiknar með að þegar rykið eftir efnahagshrunið setjist muni breytingin í viðskiptalífinu koma í ljós. „Við erum ekki enn komin á endastöð með það," segir hann.

Völdin hjá sjávarútveginum

Gömlu valdablokkirnar eru í dauðateygjunum. Nokkur ár tekur fyrir nýjar að verða til, segir lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

Valdatími Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er liðinn og ólíklegt að hann komi aftur. Flokkarnir klóra í bakkann í dauðateygjum sem geta tekið nokkur ár, að mati Guðmundar Ólafssonar, lektors í viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Guðmundur segir margt líkt með eftirmála hrunsins hér og í gömlu Sovétríkjunum eftir fall kommúnismans í kringum 1991. „Þetta er breytingaskeið sem við vitum ekki hvernig endar. En ástandið verður samt örugglega ekki eins og það var. Ég held satt best að segja að Framsóknarflokkur og sennilega Sjálfstæðisflokkur sömuleiðis nái aldrei aftur völdum. Eitthvað alveg nýtt mun koma upp úr þessu," segir hann og rifjar upp að í Sovétríkjunum hafi það tekið nokkur ár fyrir valdablokkir að leysast upp og nýjar að verða til.

Guðmundur bendir á að síðastliðin tuttugu ár hafi tvö helstu stjórnmálakerfi mannsandans orðið gjaldþrota. Í tilviki Sjálfstæðisflokksins sé það nýfrjálshyggjan sem hafi steytt á skeri.

Hann telur völdin í viðskiptalífinu liggja hjá kvótaeigendum. „Sjávarútvegurinn er eina valdablokkin sem hefur völd í gegnum fjármagnið. Hann hefur sterka stöðu að óbreyttu. En kvótaeigendur mega búast við því að tapa völdum ef þeir halda áfram að styðja Sjálfstæðisflokkinn. Það er ekki víst að hann komist aftur til valda. Og þótt hann komist til valda er ekkert víst að hann verði einráður aftur," segir Guðmundur og bætir við að flokkurinn í dag sé veikur bakhjarl. Kvótaeigendur verði að leita á önnur mið.

Karlar eru enn við völd í viðskiptalífinu

Þrátt fyrir að fleiri konur mennti sig í viðskiptafræðum eru dyr atvinnulífsins þeim enn lokaðar. Huga verður betur að kynjahlutföllum í stjórnum fyrirtækja.

DR. ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

Á sama tíma og menntun kvenna hefur aukist frá 1999 er uppskera þeirra ekki í samræmi við uppskeru karla með með sömu menntun. Staða kvenna í viðskiptalífinu hefur lítið breyst eftir hrun.

Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, segir fjölgun kvenforstjóra á árunum 2004 til 2008 aðallega vegna tilkomu nýrra fyrirtækja.

„Þær eru ekki að ganga inn í fyrirtækin. Það er þvert á fullyrðingar þess efnis að karllæg gildi hafi hrunið í fjármálakreppunni. Hin karllægu völd lifa áfram," segir Þorgerður, sem kyngreindi hrunið eftir útkomu rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið í vor með Gyðu Margréti Pétursdóttur.

Þær drógu þá ályktun af skýrslunni að innan íslenskra fjármálageirans hefðu öll aðalhlutverkin verið í höndum karla. Sárafáar konur hefðu skipt máli. Ætti að koma í veg fyrir annað hrun yrðu stjórnvöld að fylgjast með því að fyrirtæki færu að lögum um kynjahlutfall í stjórnum hlutafélaga og huguðu að beitingu viðurlaga við brotum á þeim. Fyrir þessu telja þær bæði vera réttlætisrök og nytjarök þar sem fyrirtæki með kynjablönduðum stjórnum skili betri arðsemi en fyrirtæki með einsleitum stjórnum.

Þorgerður bendir á að þótt konum hafi fjölgað í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands á síðastliðnum tíu til fimmtán árum, þær séu nú um og yfir helmingur nemenda, bendi lítið til að menntunin hafi skilað þeim áhrifastöðum í atvinnulífinu í svipuðum mæli og körlum.

Þetta kemur sömuleiðis skýrt fram í niðurstöðum samnorrænnar könnunar Norðurlandaráðs um stöðu kvenna í atvinnulífinu og samstarfssamnings Creditinfo og nokkurra íslenskra aðila, þar á meðal Félags kvenna í atvinnurekstri.

Í fyrri skýrslunni kemur fram að kvenforstjórar voru í fimmtán fyrirtækjum af hverjum hundrað hér árið 1999 en nítján af hundrað árið 2008. Þetta er fjögurra prósentustiga aukning á níu ára tímabili. Svipuð breyting varð á fjölda kvenna í stjórnum fyrirtækja.

Þorgerður segir þetta nánast kyrrstöðu og bendir á að hrunið hafi ekki orðið til að auka hlut kvenna í atvinnulífinu líkt og vonir stóðu til. Þótt konum hafi fjölgað með auknu fylgi félagshyggjuflokka eftir hrun sé atvinnulífið aftar á merinni. Konur virðist ekki eiga greiða leið inn í fyrirtæki þar sem karlar séu fyrir.

Stjórnvöld hafa hrifsað völdin af viðskiptalífinu

Framganga ríkisstjórnarinnar sýnir að menn ætla að nota vald sitt og beita því, segir forstjóri Vistor.

HREGGVIÐUR JÓNSSON

„Það er greinilegt að völdin hafa færst í auknum mæli til stjórnvalda. Sumir ráðherrar hafa kennt forsvarsmönnum í viðskipta- og atvinnulífi um það hvernig fór og eru óhræddir við að halda þeirri skoðun á lofti og sýna hver hefur valdið," segir Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður lyfsölufyrirtækisins Vistor og varamaður í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.

Hreggviður segir stjórnvöld hafa verið dugleg að skammast út í viðskiptalífið og minnist þess að á síðustu tveimur þingum Viðskiptaráðs hafi Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra stigið í pontu og lesið yfir mönnum pistilinn eins og þar væru allir á sakabekk.

„Stóru skilaboðin frá stjórnvöldum eru þau að viðskiptalífið hafi misfarið með vald sitt, því sé um að kenna hvernig komið sé fyrir efnahagslífinu og stjórnvöld ætli að sjá til þess að það gerist ekki aftur," segir hann og bendir á að stjórnvöld séu óhrædd við að beita valdi sínu, jafnvel þótt það sé þvert á ráðgjöf fagaðila. Slíkt sé greinilegt í uppstokkun sjávarútvegsráðherra á fiskveiðistjórnunarkerfinu þótt það sé ekki talið skynsamlegt út frá þjóðhagkvæmnissjónarmiðum.

Stóru skilaboðin frá stjórnvöldum eru þau að viðskiptalífið hafi misfarið með vald sitt, því sé um að kenna hvernig komið sé fyrir efnahagslífinu og stjórnvöld ætli að sjá til þess að það gerist ekki aftur.

„Það má nefna önnur dæmi eins og umræðuna um Magma og HS Orku þar sem ráðherrar og aðrir stjórnmálamenn hafa talað mjög frjálslega um að beita valdi til að ná fram niðurstöðu í það mál sem samræmist þeirra pólítísku skoðunum," segir hann.

„Framganga þessarar ríkisstjórnar sýnir að menn ætla að nota vald sitt og beita því," segir Hreggviður og bendir á að nýtt frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup sé dæmi um aukin ríkiafskipti sem berlega muni hafa áhrif á afkomu fjölda fyrirtækja og atvinnuöryggi fólks sem hjá þeim vinnur.

„Þetta er ekki leiðin til að koma hjólum atvinnulífsins í gang, það er að segja að draga tennurnar úr einkageiranum og auka ríkisafskipti."

LEIÐIN LIGGUR UPP Á VIÐ Árið sem nú er að líða þykir hafa verið erfitt fyrir íslenskt viðskiptalíf og einkennst af stöðnun og kyrrstöðu. Vonir standa þó til að landið taki að rísa árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erfitt ár að baki

Lítið þykir hafa breyst í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja á árinu. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** sá þó fyrstu merki þess að landið risi á ný.

Fréttir af erfiðri stöðu margra íslenskra fyrirtækja hafa verið áberandi í fjölmiðlum á árinu sem er að líða. Gjaldeyrishöft, skattahækkanir og óvissa vegna aðgerða í skuldamálum fyrirtækja og heimila, að ógleymdu Icesave-málinu, hafa þyngt róður íslensks viðskiptalífs sem enn hefur ekki jafnað sig eftir samdráttinn í kjölfar bankahrunsins. Mörgum þykir sem enn hafi allt of lítið verið að gert til að koma hjólum atvinnulífsins aftur á fulla ferð. Það er þó ekki eintómur bölmóður í íslensku viðskiptalífi því fyrstu merki þess að landið kunni að vera byrjað að rísa hafa þótt koma fram undir lok ársins. Vextir hafa þannig lækkað og verðbólga er komin undir verðbólgumarkmið Seðlabankans. Það þykir gefa fyrirheit um að olnbogarými fari að skapast fyrir afléttingu gjaldeyrishaftanna. Þá eru vonir bundnar við aðgerðir sem nýlega voru kynntar af efnahags- og viðskiptaráðherra um úrræði vegna skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Fréttablaðið leitaði svara við því hvað hefði breyst í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi á árinu 2010 og hvers bæri að vænta á næsta ári.

LÍTIÐ BREYST Á ÁRINU

Mikill meirihluti stjórnenda fyrirtækja á Íslandi telur aðstæður slæmar í íslensku atvinnulífi. Var sú skoðun staðfest í vikunni þegar Capacent birti niðurstöður könnunar á viðhorfi stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins. Þannig telja 84 prósent stjórnenda aðstæður slæmar en það er svipað hlutfall og mælst hefur frá miðju ári 2008. Skoðanir viðmælenda Fréttablaðsins endurspegla þetta viðhorf. Þeir eru sammála um það að lítið hafi breyst á árinu þrátt fyrir fögur fyrirheit.

„Ég hef á tilfinningunni að það hafi óskaplega lítið breyst á árinu. Það hefur verið mikið talað um að það þurfi að breyta og gera ýmislegt og vissulega er margt sem lofar góðu en það er afskaplega fátt sem búið er að ljúka og hefur litið dagsins ljós í framkvæmd. Að því leyti til finnast mér áramótin gefa loforð um að mjög margt geti færst til betri vegar á nýju ári," segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri Granda. Undir þetta tekur Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem segir umhverfi atvinnulífsins einkennast af ákveðnu tómarúmi eða biðstöðu. „Það hefur ekki gengið nægilega vel að vinna úr vandamálunum á þessu ári en ég held að það séu allir sammála því að þessi biðstaða er ekki holl, hvorki til skemmri né lengri tíma," segir Finnur.

Óvissa um aðgerðir og afskipti stjórnvalda af ýmsum málum, gjaldeyrishöftin og þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu er meðal þess sem helst þykir standa atvinnulífinu fyrir þrifum nú um stundir. Þannig segir Katrín Ólafsdóttir, lektor við HR: „Það er óvissan sem er stóra vandamálið. Það er rosalega erfitt að sjá fyrir hvað gerist næstu þrjú, fjögur árin og ef þú ætlar í framkvæmdir þá þarftu að hafa einhverja hugmynd um landslagið næstu árin. Þetta er stórt vandamál."

Stjórnvöld þykja hafa valdið skaða með hringlandahætti í málefnum sjávarútvegsins og orkugeirans og óttast margir meiri afskipti hins opinbera af viðskiptalífinu en tíðkast hafa undanfarin ár. Gjaldeyrishöftin þykja einnig sérstaklega skaðleg þó almennt telji menn þau til staðar af illri nauðsyn.

LANDIÐ TEKIÐ AÐ RÍSA?

Árið 2010 þykir þó ekki hafa verið alveg laust við ánægjuleg tíðindi. Vextir hafa hríðlækkað sem hefur það í för með sér að fleiri sjá hag sinn í að geyma fjármagn annars staðar en á innlánsreikningum. Lágt raungengi íslensku krónunnar hefur hjálpað útflutningsfyrirtækjum sem standa mörg hver ansi vel í dag. Trúverðugleiki Íslands erlendis þykir hafa aukist á árinu, ekki síst þar eð áætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum er um það bil á áætlun. Þrátt fyrir það finnst mörgum að of langt hafi verið gengið í hækkun skatta. Þá þykja grunnstoðir atvinnulífsins enn nokkuð sterkar auk þess sem ánægja virðist ríkja með samkomulag um úrvinnslu á skuldamálum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem kynnt var nýlega undir nafninu „Beina brautin".

„Það er fullt af jákvæðum merkjum sem við erum að sjá. Við erum til dæmis að sjá mörg fyrirtæki í verslun og þjónustu verða til og þá fyrirtæki sem eru að skapa verðmæti," segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, og bætir því við að mörg fyrirtæki hafi staðið hrunið af sér og standi sterkari fyrir vikið.

TÍMI KOMINN TIL AÐ HORFA FRAM Á VIÐ

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um það að á árinu 2011 verði að horfa fram á veginn. Of mikill tími og orka þykir hafa farið í karp um fortíðina, nú sé kominn tími til að byggja upp hagkerfið til framtíðar.

„Árið 2010 var kyrrstaða en árið 2011 munum við byrja að ganga tröppurnar og taka skref fram á við. Við verðum þó að vera þolinmóð því við verðum á þeirri göngu lengur en svo að við reisum allt við á tólf mánuðum," segir Rakel Sveinsdóttir.

Nauðsynlegt þykir að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur á næsta ári, meðal annars með tilliti til sjávarútvegsins og þeirra stóriðjuframkvæmda sem boðaðar hafa verið. Einnig þykir mikilvægt að kjarasamningar verði leiddir til lykta án þess að allt fari í háaloft og að komist verði hjá aukinni skattheimtu. Þá telja viðmælendur Fréttablaðsins að tími sé kominn til að horfa á stóra myndina. Skortur hafi verið á langtímahugsun um íslenska hagkerfið og því þurfi að breyta. Þannig þurfi til að mynda að fá botn í framtíðarskipan peningamála, búa til ramma um ríkisútgjöldin nokkur ár fram í tímann og standa vörð um háskólana í landinu. Þá þurfi stjórnvöld að láta af þeirri tilhneigingu sinni að ákveða hvað nákvæmlega eigi að gera heldur frekar búa til góð almenn skilyrði til atvinnureksturs.

„Ég er frekar bjartsýnn á árið 2011. Ég held að 2011 verði árið sem muni leiða okkur af þessum villigötum sem við höfum verið á og við förum að taka upp hagfelldari aðferðir. Ég rek þó þann varnagla að pólitíkin er áhyggjuefni og getur sett okkur út af laginu," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Þrátt fyrir erfiðleika í viðskiptalífinu og óróa í stjórnmálunum eru flestir sammála um það að við höfum enn öll tækifæri til að koma út úr kreppunni standandi. Þannig segir Eggert Benedikt: „Þó það séu margar hindranir og úrtölumenn líka þá er kominn mikill uppsafnaður vilji til þess að fara að láta hjól þjóðlífsins snúast af fullum krafti aftur. Ég hef þá trú að löngunin sé orðin nógu sterk."

ÁLIT

Botninum náð

Viðskiptaumhverfið er vissulega krefjandi og því miður hefur ekki breyst mikið á árinu 2010. Enn er mikil vinna eftir við að endurreisa og endurskipuleggja fyrirtækin í landinu. Það er ákveðin kyrrstaða sem ríkir og því er mikilvægt að koma fjárfestingum á hreyfingu til að mynda grunn að hagvexti og draga úr atvinnuleysi. Ég held þó að botninum sé náð og árið 2011 verði það ár sem við spyrnum okkur upp aftur frá botninum þó það muni taka allt árið.

Gylfi Sigfússon, *forstjóri Eimskips*

Sumum greinum vegnað vel

Staðan er erfið hjá mörgum fyrirtækjum en það er þó mjög skipt á milli greina. Menn mega ekki gleyma því að margar greinar eru í ágætu ástandi. Má þar nefna útflutningsgreinarnar og þær greinar sem þjónusta þær. Greinum sem keppa við innflutning hefur einnig vegnað vel auk auðvitað ferðamennskunnar. Þannig að við höfum stóran hóp fyrirtækja sem hafa alla burði til að standa sig vel núna og ekki síst á nýju ári.

Eggert Benedikt Guðmundsson, *forstjóri Granda.*

Meiri stöðugleiki stóra atriðið til framtíðar

„Stóra atriðið sem þarf að breytast til lengri tíma er stöðugleikinn. Við þurfum að minnka þessar miklu hagsveiflur sem við höfum verið með; sveiflur í hagvexti, verðbólgu og öðru. Í þessu samhengi tel ég að stóra ákvörðunin sé að ganga í Evrópusambandið og skipta um mynt. Ég held að það sé það sem kemur íslensku viðskiptalífi langbest þegar til lengri tíma er litið."

Katrín Ólafsdóttir, *lektor við Viðskiptadeild HR*

Pólitísk afskipti of mikil

Það er engum blöðum um það að fletta að viðskiptaumhverfið á Íslandi hefur breyst til hins verra og það sem skiptir mestu máli í því sambandi er að við erum að færast yfir í skipulag á hagkerfi sem hefur hvergi annars staðar reynst vel. Pólitísk afskipti eru orðin miklu meiri en góðu hófi gegnir og ég vísa í því samhengi til sjávarútvegarins og orkugeirans. Þá eru óupptalin gjaldeyrishöftin sem tíðkast hvergi í öflugu, vestrænu markaðshagkerfi.

Þórður Friðjónsson, *forstjóri Kauphallarinnar.*

Margt tekið of langan tíma

Eins og alþjóð veit hafa erfiðleikar íslenskra fyrirtækja verið miklir og í raun meira íþyngjandi eftir hrun en þörf hefði verið á. Allir hafa verið að bíða eftir úrræðum og það hefur tekið of langan tíma að vinna úr málum þeirra fyrirtækja sem hafa rekstrargrundvöll og flokkast sem lífvænleg en hafa þá kannski farið á hliðina vegna fjármögnunar. Ég er þó sannfærð um að það horfir til betri tíðar í þessum efnum.

Rakel Sveinsdóttir, *framkvæmdastjóri Creditinfo.*

Gjaldeyrishöftin skaðleg

Margir spyrja og eðlilega hvað sé svona slæmt við gjaldeyrishöftin. Vandinn er nefnilega sá að skaðinn er að mörgu leyti ekki sýnilegur, hann felst í því sem verður ekki. Þessi fyrirtæki sem við erum svo stolt af; Össur, CCP, Marel og Actavis, hefðu ekki dafnað með sama hætti og þau hafa gert ef hér hefðu verið gjaldeyrishöft á sínum tíma. Við þurfum að tryggja að næsta CCP eða Össur verði til hér á Íslandi en það verður ólíklegra í umhverfi gjaldeyrishafta.

Finnur Oddsson,
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Lukkupottur

Allir sem skrá sig á námskeið hjá Hreyfingu í janúar geta unnið glæsilegan snjallsíma, **Samsung Galaxy I9000** ásamt 6 mánaða inneign hjá Símanum. Vinningur að verðmæti 140.000 kr.

Hvaða námskeið hentar þér?

Áhrifarík námskeið fyrir karla og konur hefjast 10. og 11. janúar 2011

NÝTT!

Árangur SEX

FYRIR KONUR

Blanda af því nýjasta í þjálfun.

Eftirbruni
Zumba
Activio/Zen-Kjarni
Þeytingur
Hot Yoga
Mótun

NÝTT!

TRX og Ketilbjölluþjálfun

Hörkuþjálfun fyrir konur og karla. Þjálfunarkerfi fyrir þá sem vilja komast upp á næsta stig í líkamsþjálfun.

STS super átak FYRIR KONUR

STS kerfið (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur.

FGF Fantagott form

Æfingakerfi sem hefur slegið í gegn hjá okkur. Hentar körlum og konum sem vilja áskoranir í líkamsrækt.

Hot yoga

Æfingar sem styrkja og liðka allan líkamann og gerir þér kleift að komast dýpra í stöðurnar og ná auknum liðleika.

NÝTT!

Árangur mömmur

Fyrir mæður og börn allt að 9 mánaða. Besta leiðin til að koma sér af stað aftur í þjálfun eftir barnsburð.

NÝTT!

Body Control Pilates

Sameinar líkama og sál í áhrifaríkri þjálfun sem stuðlar að því að styrkja alla helstu vöðva líkamans án þess að stækka þá.

NÝTT!

Meðgöngujóga

Áhrifaríkar æfingar sem hjálpa konum að halda sér í formi á meðgöngutímanum og ná sér fyrr eftir barnsburð.

Árangur - hraðferð

Tækin sem koma þér í topp form! Meiri árangur á skemmri tíma en áður hefur þekkst.

NÝTT!

Líkami og sál /Kærleiksjóga

Námskeið fyrir líkama og sál. Mýkri æfingar með áherslu á slökun. Hentar vel byrjendum.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

HUGMYNDAHÚS HÁSKÓLANNA Hugmyndahúsið er meðal nýrra stofnana sem opnaðar hafa verið á síðustu árum til stuðnings við sprotafyrirtæki. Fjölmörg fyrirtæki hafa stigið sín fyrstu skref í Hugmyndahúsinu frá 2008 þegar það var opnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sprotarnir spennandi

Ísland þykir hafa tækifæri til að verða leiðandi í nýsköpun. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** komst að því að mikil tækifæri leynast í hugverkageiranum.

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og þeirra efnahagserfiðleika sem Íslendingar hafa gengið í gegnum síðan hafa margir beint sjónum sínum að nýsköpunarfyrirtækjum sem framtíð íslensks atvinnulífs. Stór íslensk fyrirtæki eins og Össur, Marel og CCP hafa varðað veginn en langur tími getur liðið frá því að fyrirtæki er stofnað þar til það hefur náð fótfestu með traustu tekjustreymi. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði hvað er á seyði í heimi íslenskra sprotafyrirtækja. Hverju skilar þessi geiri til íslensks samfélags og hvað þarf að gerast til að klasi stöndugra nýsköpunarfyrirtækja geti orðið ein af meginstoðum íslensks atvinnulífs?

HVERJU SKILA SPROTAFYRIRTÆKI?

Hugverkaiðnaðurinn nýtur sérstöðu í atvinnulífinu að því leyti að honum eru fáar skorður settar. Meðan fiskveiðar takmarkast af fiskinum í sjónum og álframleiðsla af nothæfum virkjunarkostum takmarkast hugverkaiðnaðurinn eingöngu af hugmyndafluginu. Þess vegna telja margir að nú þurfi að leggja áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Kostir slíkrar starfsemi eru þó nokkrir. Til að mynda benda rannsóknir til þess að ný lítil og meðalstór fyrirtæki séu ábyrg fyrir mjög stórum hluta nýrra starfa til dæmis í Evrópusambandinu.

Flest sprotafyrirtæki búa til vörur eða þjónustu sem ætlaðar eru til sölu á alþjóðamarkaði. Því er eftir miklu að slægjast í útflutningstekjum ef vel tekst til. „Meira og minna öll fyrirtæki sem eru í uppbyggingu um þessar mundir eru að ráðast á alþjóðamarkað og selja íslenska vöru, oft á tíðum í formi hugbúnaðar, sem eru hreinar útflutningstekjur," segir Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Medizza. Í sama streng tekur Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs, sem segir sprotafyrirtæki skapa störf, gjaldeyristekjur og þekkingu auk þess að valda fjölbreytni í atvinnulífinu. Þá bendir hún á að flest þessi fyrirtæki séu að þróa nýja tækni og þar með skila af sér vísindalegri arfleið, þó fyrirtækin komi að lokum út á núlli þá stendur eitthvað eftir.

Að lokum hrífast margir af þeirri bjartsýni og orku sem oft fylgir nýsköpunarfyrirtækjum. Frumkvöðlar þurfa að vera tilbúnir að taka áhættu og fylgja hugmyndum og hugsjónum sínum eftir af krafti og til þess þarf ákveðna manngerð. Spurður hverju nýsköpunarfyrirtæki skili til samfélagsins segir Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks: „Fyrst og fremst finnst mér þau skila ákveðinni bjartsýni sem ég held að við þurfum sárlega á að halda í þjóðfélaginu í dag."

UMHVERFIÐ Á ÍSLANDI

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að mikil gróska sé í heimi sprotafyrirtækja hérlendis. Íslendingar þykja almennt fram-

> *„Það er bullandi gangur í heimi íslenskra sprotafyrirtækja."*

sæknir og duglegir við að stofna fyrirtæki en margir telja enn ýmislegt vanta upp á þegar kemur að stuðningi hins opinbera við þennan hluta atvinnulífsins.

Aðgengi að fjármagni virðist vera nægilegt hér innanlands fyrir fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika en erfiðara er fyrir sprotafyrirtæki að fá almenn rekstrarlán og jafnframt fyrir lítil fyrirtæki að fá milligöngu frá bönkunum. Lágt gengi krónunnar hefur hjálpað til á undanförnum misserum auk þess sem þau nýsköpunarfyrirtæki sem byggð hafa verið upp á undanförnum árum njóta þess flest að vera lítið skuldsett. Það sem helst þykir standa í vegi fyrir stofnun og framgangi sprotafyrirtækja er skortur á ákveðinni þekkingu í þessum geirum og þau almennu vandamál sem íslensk fyrirtæki glíma við nú um stundir. „Vandamál allra fyrirtækja hér er að við erum með bankakerfi sem veitir ekki eðlilega þjónustu. Ímynd landsins hefur skaðast og við eigum því erfitt með að eiga viðskipti við útlönd. Auk þess erum við með gjaldeyrishöft sem koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu," segir Eggert. „Teikn voru á lofti um að það öflugt þekkingarfólk úr bönkunum væri að koma í sprotaumhverfið en það hefur hægst á því streymi á þessu ári. Ein meginhættan fram undan er að það verði mannekla í greininni," bætir Guðjón Már við. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu undanfarin misseri standa fyrirtækjum einnig fyrir þrifum. Þá er skortur á fólki með tæknimenntun svo sem forriturum. „Það er gífurleg þörf á tæknimenntuðu fólki eins og rafmagns- og tölvuverkfræðingum. Þess vegna er mjög slæmt að dregið sé úr fjárstuðningi við skólastarf í landinu þegar þörfin á vel menntuðu fólki er eins æpandi og nú er," segir Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris.

Þrátt fyrir ákveðnar hindranir telja menn þó að hugverkageirinn hafi alla burði til að blómstra á næstu árum. Fyrirtæki á borð við Össur, Marel og CCP eru nú þegar leiðandi í viðskiptalífinu en erfitt er að segja hvaða fyrirtæki munu fylgja í þeirra fótspor. Meðal fyrirtækja sem þykja hvað mest spennandi á Íslandi í dag má nefna Remake Electric, Meniga, Clara og Videntifier en þau eiga það sameiginlegt að vera fremur ung. Marorka, Hafmynd, Stjörnuoddi og Gogogic eru aðeins lengra komin fyrirtæki sem hafa náð fótfestu og munu eflaust vaxa töluvert næstu ár.

UPPLÝSINGATÆKNI- OG NÝSKÖPUNARKLASI

Fréttablaðið spurði viðmælendur sína að lokum hvað þyrfti að gerast til að hér geti myndast öflugur klasi upplýsingatækni- og nýsköpunarfyrirtækja. Mikil áhersla var af þeirra hálfu lögð á að hér þyrfti að eiga sér stað hugarfarsbreyting. Langtímahugsun þurfi að tileinka í atvinnumálum og sýna því þolinmæði að í flestum tilvikum tekur langan tíma að byggja upp stöndugt fyrirtæki. Vöxturinn á næstu árum og áratugum muni ekki koma úr þeim atvinnuvegum sem nú séu mest áberandi. „Ef horft er á stofnanir samfélagsins eru þær mjög gíraðar á atvinnuvegina sem eru fyrir í landinu. Nú þarf að setja fókusinn á aðra hluti og það er í raun ótrúlegt hve sáralitlu fjármagni er veitt í þá farvegi sem til eru og hafa skilað sér í þessum málum," segir Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP. Hann nefnir að stjórnvöld hafi nú tækifæri til að sýna að þau séu tilbúin til að tileinka sér þessa hugsun með því að veita brautargengi frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði í gegnum skattkerfið. Nái þetta fram að ganga sé það mikið fagnaðarefni því það hafi margsýnt sig að hver króna sem fer í slíkt starf skilar sér margfalt til baka.

ÁLIT

Mikið af nýjum fyrirtækjum

Frumtak fjárfesti í fimm fyrirtækjum á þessu ári og við höfum séð mikið af nýjum fyrirtækjum koma upp, fyrirtæki sem eru rekin af ungu og duglegu fólki með skemmtilegar hugmyndir. Þarna er orka sem er að skila sér inn í samfélagið og skapar bæði störf og arð.

Eggert Claessen, *framkvæmdastjóri Frumtaks*

Sprotafyrirtæki skapa atvinnu

Eitt það mikilvægasta við sprotafyrirtækin er að þau skapa atvinnu. Við höfum séð það í fjölda rannsókna hve mikilvæg ört vaxandi fyrirtæki eru fyrir atvinnusköpun. Í niðursveiflu eru það yfirleitt einungis slík fyrirtæki sem skapa störf svo þau hljóta að vera gífurlega mikilvæg á þessum tímapunkti fyrir Ísland.

Eyþór Ívar Jónsson, *framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins*

Mikil hagkvæmni

Mörg þessara fyrirtækja eru að reyna að byggja upp vöru eða þjónustu á þann veg að hún getur skalast. Ef við ætlum að fá milljón ferðamenn til landsins þarf að eiga sér stað gífurleg breyting á aðstöðu í landinu. Ef sprotafyrirtæki ætlar hins vegar að selja milljón eintök af einhverri vöru þá þarf engin slík breyting að eiga sér stað.

Guðjón Már Guðjónsson, *framkvæmdastjóri Medizza og stofnandi OZ*

Starfsumhverfið að mörgu leyti gott

Að mörgu leyti er starfsumhverfi sprotafyrirtækja hér gott. Krónan er veik og flest sprotafyrirtæki eru að skapa vörur til útflutnings. Þau eru líka flest lítið skuldsett því sprotafyrirtæki fengu engin lán hjá bönkunum á sínum tíma. Það sem er hins vegar erfitt er að bankarnir eru alveg frosnir núna, mörg sprotafyrirtæki þyrftu lítil rekstrarlán en fá þau bara ekki.

Helga Valfells, *framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins*

Hugarfarsbreyting nauðsynleg

Ég held að hugarfarsbreytingu þurfi um þessi mál. Ef horft er á stofnanir samfélagsins eru þær mjög gíraðar á atvinnuvegina sem eru fyrir í landinu. Nú þarf að setja fókusinn á aðra hluti og það er í raun ótrúlegt hve sáralitlu fjármagni er veitt í þá farvegi sem til eru og hafa skilað sér í þessum málum, svo sem í Tækniþróunarsjóð.

Hilmar Veigar Pétursson, *forstjóri CCP*

Margt að gerast í grasrótinni

Það er ljóst að mjög margt er að gerast í grasrótinni. Frumstuðningur og -umgjörð er líka orðin býsna góð með Innovit og Klaki og fleiru. Það er verið að hjálpa fyrirtækjunum í gegnum þessi fyrstu skref og slík leiðsögn skiptir í raun meira máli en fjármagn.

Þórður Magnússon, *stjórnarformaður Eyris Invest*

Gleðilega hátíð!

VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

MÓTMÆLI Á GRIKKLANDI Efnahagshrunið á Grikklandi og strangar aðhaldsaðgerðir ríkisins hafa vakið reiði íbúanna, rétt eins og víðar í Evrópu þar sem stjórnvöld hafa þurft að draga saman seglin á kostnað almennings. NORDICPHOTOS/AFP

Neyðarráðstafanir til varnar evrunni og bönkunum

Illviðráðanlegur skuldavandi flestra auðugustu ríkja heims hefur haldið áfram að sliga efnahagslíf þeirra á árinu sem er að líða. **Guðsteinn Bjarnason** leit yfir viðskiptalíf ársins utan landsteinanna.

Evran hefur verið á hættulegum slóðum megnið af árinu. Ráðamenn í Evrópusambandinu hafa þurft að róa lífróður til að forða henni frá verstu pyttunum.

Harðast úti hafa Grikkir og Írar orðið, en strangar aðhaldsaðgerðir hafa verið samþykktar í Bretlandi, á Spáni, í Frakklandi og Þýskalandi og víðar.

Almenningur hefur sjaldnast verið sáttur og efnt til fjölmennra mótmæla sem á Grikklandi og víðar hafa snúist upp í óeirðir.

Grípa þurfti til öflugra neyðarráðstafana á árinu til að forða bæði gríska og írska ríkinu frá hruni.

SKULDAVANDI

Halli á ríkisfjárlögum var kominn upp í rúm 15 prósent á Grikklandi og rúm 14 prósent á Írlandi, eða langt fyrir ofan fjögurra prósenta hámarkið sem Evrópusambandið gerir kröfur um.

Flest lönd evrusvæðisins voru raunar komin langt upp fyrir þetta hámark. Á Spáni var fjárlagahallinn kominn upp í rúm 11 prósent, í Portúgal upp í rúm níu prósent og í Frakklandi upp í 7,5 prósent.

Á Grikklandi voru ríkisskuldirnar auk þess komnar upp í næstum 130 prósent af þjóðarframleiðslu, á Ítalíu upp í 116 prósent og í Belgíu 96 prósent.

Allt þetta sligar efnahag ríkjanna, svo mjög að óttast hefur verið um framtíð evrunnar. Til þess að koma í veg fyrir allsherjarhrun hafa bæði einstök ríki og Evrópusambandið í heild gripið til strangra ráðstafana.

BJÖRGUNARAÐGERÐIR

Í byrjun maí samþykktu Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að stofna neyðarsjóð til að tryggja markaðsstöðugleika á evrusvæðinu.

Inni í þessum aðgerðum var sameiginlegur björgunarpakki fyrir Grikkland upp á 110 milljarða evra, og fengu Grikkir þetta fé lánað til þriggja ára. Af þessari fjárhæð komu 80 milljarðar evra úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins en afgangurinn frá AGS.

GLÍMT VIÐ VANDANN Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Jean-Claude Trichet, bankastjóri seðlabanka Evrópusambandsins, þurftu margt að ræða þegar þeir hittust í Brussel snemma í desember. NORDICPHOTOS/AFP

Í nóvember var svo röðin komin að Írlandi, sem fékk úthlutað nærri hundrað milljónum evra úr neyðarsjóðnum bæði til að ráða við afborganir af lánum ríkisins og til að bjarga bönkum landsins frá yfirvofandi gjaldþroti.

SÁRSAUKI

Gríska stjórnin greip til þess ráðs að draga harkalega úr ríkisútgjöldum, meðal annars með því að lækka laun opinberra starfsmanna um 15 prósent, hækka eftirlaunaaldur.

Á Írlandi kynnti Brian Lenihan fjármálaráðherra ströng niðurskurðarfjárlög nú í byrjun desember, sem bætast ofan á strangar aðhaldsaðgerðir undanfarin tvö ár. Almenningur þar í landi er orðinn langþreyttur á þessum aðgerðum og stjórnin hefur boðað til kosninga fljótlega eftir áramótin.

Í Frakklandi boðaði stjórn Nicolas Sarkozy snemnma árs til aðhaldsaðgerða sem fólu meðal annars í sér áform um hækkun eftirlaunaaldurs um tvö ár. Frakkar efndu mánuðum saman til nær daglegra fjöldamótmæla gegn þessum aðgerðum stjórnvalda, sem þrátt fyrir sannkallað neyðarástand vegna verkfallsaðgerða voru samþykktar þegar komið var fram í nóvember.

Í Bretlandi þurfti ný ríkisstjórn Íhaldsflokksins og Frjálslyndra að draga saman seglin í ríkisfjármálum svo um munar og í Þýskalandi stefnir ríkisstjórn Angelu Merkel að sparnaði upp á 80 milljarða evra næstu þrjú árin.

HÆGUR BATI

Í Bandaríkjunum hafa efnahagsmálin einnig verið erfið. Framan af árinu virtist sem Bandaríkin væru hægt og rólega að ná sér eftir kreppuna miklu en um mitt ár virtist efnahagsbatinn í hættu og ný kreppa jafnvel í uppsiglingu. Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað þá að grípa til róttækra aðgerða og boðaði skuldabréfakaup í stórum stíl, sem virðist hafa bjargað ríkissjóðnum fyrir horn í bili. Undir lok ársins samþykkti Bandaríkjaþing að veita meira en 800 milljarða dala í skattaafslátt og í atvinnuleysisbætur. Almennt er þó talið að Bandaríkin komist ekki almennilega út úr kreppunni fyrr en eftir nokkur ár.

Rétt eins og Evrópusambandið samþykkti Bandaríkjaþing á árinu nýjar og strangar reglur fyrir viðskiptalífið, sem eiga að tryggja að hvorki slælegt eftirlit né áhættusækni bankastjórnenda geti valdið nýju fjármálahruni á borð við það sem gerðist árið 2008. Sett var á laggirnar ný stofnun til verndar viðskiptavinum bankanna og stjórnvöld fá heimildir til að loka hreinlega stórfyrirtækjum sem stofna efnahagslífi þjóðarinnar í heild í hættu.

Í ANNAÐ SÆTI

Á árinu náði Kína þeim áfanga að verða annað stærsta hagkerfi heims, næst á eftir Bandaríkjunum. Kínverjar komust þar fram úr Japönum sem áratugum saman hafa verið í öðru sætinu á þessum lista. Hagfræðingar spá því að eftir rúman áratug geti Kínverjar einnig komist fram úr Bandaríkjamönnum og verði komnir með stærsta hagkerfið.

Lágt gengi kínverska júansins hefur valdið mikilli spennu á gjaldeyrismörkuðum, jafnvel svo að ótti hefur vaknað um að viðskiptastríð geti hafist. Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið kvarta undan því að Kínverjar haldi gjaldmiðli sínum of lágt skráðum, sem kemur kínverskum útflytjendum til góða á kostnað bandarískra og evrópskra framleiðenda.

BÍLAR

Bílaiðnaðurinn hefur einnig verið töluvert í fréttum á árinu, einkum í tengslum við innkallanir á milljónum bifreiða frá Toyota vegna margvíslegra framleiðslugalla.

Bandarískri bílaframleiðandinn General Motors náði sér hins vegar á strik á árinu eftir gjaldþrot árið 2009, þar sem Bandaríkjastjórn hafði komið til bjargar og útvegað 50 milljarða dala frá skattgreiðendum til að halda fyrirtækinu á floti.

Kæru landsmenn
Við óskum ykkur gleðilegs árs og farsældar á nýju ári

Jón Ellert Sverrisson hjá Forlaginu tekur við 100. kilju ársins

Samningur við Ríkiskaup var undirritaður

Ísafoldarprentsmiðja hlaut Svansvottun á árinu

Árið 2010 hefur verið viðburðarríkt hjá Ísafoldarprentsmiðju t.d.

- Prentuðum við yfir 140 titla af kiljum á árinu
- Við gerðum rammasamning um prentun við Ríkiskaup
- Við fengum Svansvottun

Við þökkum þennan frábæra árangur traustum hóp viðskiptavina sem hefur farið ört vaxandi sl. ár og vel þjálfuðu og hæfu starfsfólki.

Við þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða og hlökkum til að takast á við ný og krefjandi verkefni með ykkur á komandi ári.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Ísafoldarprentsmiðja ▪ Suðurhraun 1 ▪ 210 Garðabær ▪ 595 0300 ▪ www.isafold.is

Umhverfisvottuð prentsmiðja

KRISTALSKÚLAN

Nýmarkaðsríkjum fjölgar

Búist er við því að á árinu 2011 fjölgi verulega í hópi svokallaðra nýmarksríkja. Hratt vaxandi lönd á borð við BRIC-hópinn svokallaða; Brasilía, Rússland, Indland og Kína, hafa verið vinsæl meðal fjárfesta á undanförnum árum en margir spá því að fleiri lönd bætist í hópinn á árinu 2011. Þá er helst horft til landa í Norður-Afríku, sem vaxið hafa hratt á síðustu árum, til sumra af ríkjunum í Mið-Austurlöndum auk Tyrklands og Víetnams. Þessi lönd gætu reynst áhugaverðir fjárfestingakostir á árinu en eru þó í eðli sínu áhættumeiri en margir aðrir.

Kína og Indland rísa

Árið 2011 mun eins og síðustu ár markast af því að þungamiðja heimshagkerfisins færist í átt til austurs. Á árinu 2011 mun Kína að öllum líkindum taka fram úr Bandaríkjunum sem stærsti framleiðandi framleiðsluvara í heiminum, nokkuð sem hefði þótt óhugsandi fyrir eins og tveimur áratugum. Auk þess mun hagvöxtur á Indlandi nálgast og jafnvel verða meiri en hagvöxturinn í Kína en margir greinendur telja langtíma vaxtarmöguleika Indlands meiri en Kína.



Íbúar jarðar sjö milljarðar

Adnan Nevic er ellefu ára gamall strákur frá Sarajevo í Bosníu. Nevic fæddist í Sarajevo tvær mínútur yfir miðnætti hinn 12. október 1999 og komust Sameinuðu þjóðirnar að þeirri niðurstöðu að hann væri 6. milljarðasti íbúi jarðarinnar. Þegar Nevic verður tólf ára, hinn 12. október 2011, er þess að vænta að íbúar jarðarinnar verði orðnir 7 milljarðar en það er talið gerast í fyrsta lagi um mitt ár.

938 fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota á þessu ári.

3.200 nýir fólksbílar hafa verið seldir það sem af er ári.

12% styrking hefur orðið á gengi íslensku krónunnar á árinu.

Lúxusnámskeið NordicaSpa
Fjögurra vikna átaksnámskeið.
Á námskeiðinu aukum við brennsluna, bætum meltinguna, aukum styrk og þol og þú nærð þeim markmiðum sem þú setur þér! Ítarleg næringarráðgjöf, matseðlar, mælingar, mikið aðhald og eftirfylgni.
Þjálfari: Gunnar Már Sigfússon, heilsugúrú.
Námskeið hefst 10. janúar.

28 daga hreinsun
Hreinsun með mataræði og hreyfingu.
Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl.
Ítarleg næringarráðgjöf, fræðsla, aðhald og eftirfylgni.
Þjálfari: Sigríður Guðjohnsen, jógakennari.
Námskeið hefs 10. janúar.

Styrkjum stoðkerfið
Fyrir fólk með stoðkerfisvandamál.
12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.
Hentar þeim sem eru með bakverki, axlameiðsl, gigt eða afleiðingar veikinda eða slysa. Markmið námskeiðsins er að vinna með hverjum og einum og finna þá hreyfingu sem honum hentar sem bætir líðan, heilsu og lífsgæði. Mikil fræðsla, einstaklingsmiðuð æfingaáætlun, leiðsögn og umhyggja.
Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafræðingur.
Námskeið hefst 11. janúar.

Lífsgæði 60+
Heilsunámskeið fyrir 60 ára og eldri.
12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.
Námskeið fyrir fólk sem vill auka lífsgæði sín á efri árum og er að glíma við lífsstílstengda sjúkdóma eins og of háan blóðþrýsing, umframþyngd, gigt, sykursýki ofl. Skemmtileg hreyfing við hæfi hvers og eins í góðum félagsskap.
Mikill stuðningur, leiðsögn, fræðsla og umhyggja.
Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafræðingur.
Námskeið hefst 11. janúar.

Ungt fólk (16-25 ára)
Fyrir þá sem vilja breyta um lífsstíl.
12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.
Fyrir þá sem vilja breyta lífsstílnum, hefur lítið hreyft sig og/eða glímir við umframþyngd eða aðra lífsstílstengda sjúkdóma s.s. gigt og verki í stoðkerfi. Skemmtilegt, árangursríkt námskeið þar sem æfingaáætlunin er sniðin að getu hvers og eins. Góður félagsskapur, mikið aðhald, stuðningur, fræðsla og eftirfylgni.
Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafræðingur.
Námskeið hefst 11. janúar.

Léttara líf
Námskeið fyrir fólk í umframþyngd.
12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.
Árangursríkt einstaklingsmiðað námskeið þar sem æfingaáætlun tekur mið af getu og ástandi hvers og eins. Mikill stuðningur, hvatning, fræðsla, aðhald, eftirfylgni og umhyggja.
Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafræðingur.
Námskeið hefst 11. janúar.

Meðlimskort NordicaSpa
Nýttu þér kosti kortsins - miklu meira en bara aðgangskort. Með kortinu færð þú:
- Aðgang að einkaþjálfara í tækjasal
- Sérsniðna æfingaáætlun
- Mælingar, aðhald og eftirfylgni
- Aðgang að fjölbreyttum tímum
- Handklæði við hverja komu
- Herða- og höfuðnudd í heitum pottum
- Aðgang að Spa-svæði með vatnsgufu
- Aðgang að sauna, hvíldarlaug og heitum pottum,
- Afslátt af allri þjónustu og lokuðum námskeiðum
- Persónulega þjónustu og einstaklega hlýlegt viðmót

Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina!

NordicaSpa er heilsulind á heimsmælikvarða sem veitir fyrsta flokks þjónustu í rólegu og þægilegu andrúmslofti. Við leggjum áherslu á bæði andlega og líkamlega vellíðan.

Hafðu samband í síma 444 5090 eða kíktu á heimasíðu okkar, www.nordicaspa.is, til að kynna þér fleiri námskeið í boði.

Þinn árangur - okkar metnaður!

NORDICASPA

Nordica Spa - Hilton Reykjavík Nordica - Suðurlandsbraut 2
108 Reykjavík - Sími 444 5090 - www.nordicaspa.is

SAMSUNG R530-JA06SE

SAMSUNG

FRAMÚRSKARANDI **GÆÐI** · FJÁRFESTING **TIL FRAMTÍÐAR**

GLÆSILEG FARTÖLVA
· 15,6" LED skjár glossy 1366 x 768
· Örgjörvi: Celeron T3300
· Skjákort: Intel GMA 4500 dual core
· Vinnsluminni: 2GB · Harður diskur: 250GB
· Drif: DVD-RW
· Tengi: HDMI, USB2, Headfhone út, Mic, VGA,
· Myndavél: 1,3 migapixel
· Styrikerfi: Windows 7 Home
· Rafhlaða: 6 cellur

VERÐ: 89.900,-

SAMSUNG CLP-315W

LITA-LASERPRENTARI
· Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu, 4 bl./mín. í lit
· Fyrsta blaðsíða út: 14-26 sek
· Upplausn: 2400x600dpi
· Pappírsbakki inn: 150 blöð
· Pappírsbakki út: 100 blöð
· Minni: 32MB · Hljóðmagn: <49dB
· Stuðningur: Windows, Mac OS 10 og Linux
· Tenging: USB 2.0 · WI-FI
· Þráðlaus net-tenging

TILBOÐSVERÐ: 39.900,-
VERÐ ÁÐUR: 59,900,-

SAMSUNG ML-1660

LASER-PRENTARI
· Prenthraði: 16 bl./mín.
· Fyrsta blaðsíða út: 8,5 sek.
· Upplausn: 1200x600dpi
· Pappírsbakki inn: 150 blöð
· Pappírsbakki út: 100 blöð
· Stuðningur: Windows, Mac OS og Linux
· Tenging: USB

TILBOÐSVERÐ: 15.900,-
VERÐ ÁÐUR: 23,900,-

ORMSSON
SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

KEYPT & SELT

Til sölu

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp, rafmagnsheilsurúm með nuddi, borðtölva,stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Linsur - Hagstætt verð
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Láttu aðra vita!

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

Ýmislegt

Evrur til sölu 5% yfir seðlagengi uppl. í síma. 857 6711.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Námskeið



SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Stór herbergi í 101!
Til leigu stórt fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði,eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á Besta stað í bænum.
Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

3 herb. íbúð í Kríuhólum Brh (lyftublokk) til leigu.Uppl. eftir klukkan 17:00 í s. 865 2522.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus. S. 892 5309.

Til leigu raðhús á völlum í Hfj 190 fm á einni hæð. Laust nú þegar. Uppl. í s. 893 9777.

SKAMMTÍMALEIGA Flott fullbúin íbúð í 101 til leigu. Laus yfir Jól og áramót. uppl. s. 898-4188.

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

Falleg stúdíóíbúð fullbúin húsgögnum til leigu á Bæjarhrauni 16, Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

Room for rent. One - two person. 101 RVK. Shower, kitchen, washing-room included. Close to Bonus. S. 696 5900.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 55 þ. S. 824 6692.

Room for rent, separate kitchen and bathroom, price 55 þ. Langholtsvegi 137. Uppl. í s. 896 1039.

Herb. í Köben 3 mín. frá Amager brostation. uppl: 695 9196/Solvetho@hotmail.com

Til leigu falleg 3 herb. íb. á jarðhæð í HFJ. Skjólg. sólpallur í suðurátt og stæði í bílageymslu. 120 þ. á mán m/ hússjóð og hita. Uppl. í S. 845 5677

Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi til leigu í rvk. s. 6632343

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Gisting

ATVINNA

Atvinna í boði

Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn Glæsibæ og Mjódd óskar eftir traustu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 11-19 og 13-19 virka daga. Einnig vantar í Austurveri á tímanum 10-19
Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is

Söluturn í miðbæ RVK óskar eftir starfskrafti. Viðkomandi þarf að geta tekið vaktir bæði fyrir og eftir hádegi. Yngri en 18 koma ekki til greina. Uppl. í S. 691 3189.

Bakaríið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu. Uppl. s. 897 8101 eða 868 6102.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur Íslensk-ameríska félagsins verður haldinn 17.janúar 2011 kl.16:30 á aðalskrifstofu Icelandair á Reykjavíkurflugvelli. Stjórnin.

Tilkynningar

Atvinna

Viltu auðga líf mitt?

Ég er 40 ára gömul kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst. Í boði eru dagvaktir virka daga. Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.

Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi.

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: **astasolehf hjá simnet.is** eða í síma 6610889

Með fyrirfram þökk,
Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Erum við meira enn áður.

Símadama 908 2000
OPIÐ

Tilkynningar

Aðalfundur

Aðalfundur Sjómannfélags Íslands verður haldinn í Iðnó við tjörnina miðvikudaginn 29. desember kl. 17.00

Fundarefni:
- Jóhann Sigurjónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar verður með erindi.
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Lagabreytingar.
- Önnur mál.

Stjórnin.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartúnsreitur vestur, nýtt deiliskipulag

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.216, Borgartúnsreit vestur, sem afmarkast af Snorrabraut, Sæbraut, Höfðatúni/Katrínartúni og Borgartúni. Í tillögunni felst að byggingarmagn er aukið á reitnum, einkum meðfram Guðrúnartúni/Sætúni, þar sem gert verður ráð fyrir blandaðri byggð. Gert er ráð fyrir bílageymslum neðanjarðar og fækkun bílastæða ofanjarðar. Innan reitsins verður opinn garður. Lagt er til að húsin Guðrúnartún 8 (Kaaber húsið), Borgartún 1 og Borgartún 7 verði vernduð í dökkgulum flokki húsverndar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Háskóli Íslands vestan Suðurgötu, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð HÍ vestan Suðurgötu, hús íslenskra fræða, Árnastofnunar. Í breytingunni felst að á reit A3 verður byggingarmagn aukið, nýtingarhlutfall á lóð hækkað og hámarkshæð byggingar aukin lítillega auk þess sem gert er ráð fyrir þakgarði á húsinu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. desember 2010 til og með 9. febrúar 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 9. febrúar 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík 29. desember 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

tímamót

timamot@frettabladid.is

38 **JUDE LAW** leikari er 38 ára í dag.

„Þegar maður virðir fólk fyrir sér úr fjarlægð áttar maður sig á því að við notum hvern einasta líkamshluta. Mér þykir dans stórkostlegur því hann er hin fullkomna tjáning.“

INGA ÞÓRSDÓTTIR: HLÝTUR HEIÐURSVERÐLAUN ÚR ÁSUSJÓÐI

Næringarfræði er vaxandi svið

Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, hlaut heiðursverðlaun úr verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright á mánudag. Verðlaunin hlýtur hún fyrir framúrskarandi árangur í rannsóknum á sviði næringarfræði sem hafa átt þátt í að móta fræðslu og forvarnir á því sviði.

Inga segir verðlaunin hvatningu fyrir sig og samstarfsfólk sitt. „Ég er ánægð með að það skuli vera tekið eftir því sem við erum að gera en ég hef í gegnum árin lagt mikið á mig til að skipuleggja rannsóknir og afla styrkja fyrir meistara- og doktorsnema sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Við erum að verða nokkuð stór hópur vísinda- og fræðimanna sem störfum á Rannsóknastofu í næringarfræði, sem er samstarfsstofnun Háskóla Íslands og Landspítala, og þetta er vaxandi fag.“

Rannsóknir Ingu síðustu ár hafa aðallega verið á sviði næringar ungbarna og skólabarna auk næringar aldaðra og sjúkra. Þá hefur hún rannsakað barnshafandi konur sérstaklega með tilliti til fisks- og lýsisneyslu ásamt heilsubætandi framleiðslu úr mjólk og fiskmeti. Rannsóknir hennar hafa meðal annars leitt til þess að stoðmjólk var sett á markað fyrir atbeina heilbrigðisyfirvalda en hún er járnbætt og löguð að næringarþörf barna frá 6 mánaða til tveggja ára aldurs. Inga situr í Vísinda- og tækniráði, hún er formaður Manneldisráðs og hefur um árabil verið fulltrúi Íslands í sérfræðihópi um norrænar ráðleggingar um næringarefni. Hún hefur birt yfir 100 ritrýndar greinar í alþjóðlegum fræðiritum og 90 greinar í almennum alþjóðlegum ritum ásamt því að þróa masters- og doktorsnám innan Háskóla Íslands. Hún er höfundur meira en tug vísindabóka og bókakafla um næringu og á alþjóðlegum lista kemur fram að nálægt 1.300 fræðitilvitnanir hafa verið gerðar í rit og greinar sem hún er einn af höfundum að.

Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright var stofnaður árið 1968 og er þetta í fertugasta og annað sinn sem verðlaunin eru veitt og í fjórða skipti sem þau hlotnast konu. Verðlaunin eru virtustu vísindaverðlaun sem eru veitt hér á landi.

HVATNING Inga hefur meðal annars rannsakað næringu ungbarna, skólabarna, barnshafandi kvenna og aldraða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vera@frettabladid.is

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móðursystur okkar,

Bryndísar Jóhannsdóttur

áður Hlaðhömrum 3, Reykjavík.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jóhann Ólafsson
Bryndís Fanný Guðmundsdóttir

---

†

Móðir mín,

Edda Sigurðardóttir

lést að morgni 28. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðný Einarsdóttir

---

†

Þökkum af alhug öllum þeim er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður míns, tengdaföður, afa og langafa,

Högna Oddssonar

Garðbraut 85, áður að Kirkjuvegi 5, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins á Garðvangi, Sigfúsar B. Ingvasonar og Einars Júlíussonar.

Örn Högnason **Sesselja Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Egilsdóttir

sem lést mánudaginn 20. desember á Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 5. janúar kl. 13.00.

Eygló S. Stefánsdóttir **Þórhallur Sveinsson**
Hafþór R. Þórhallsson **Sæunn Jóhannesdóttir**
Hafsteinn G. Þórhallsson
Berglind Þórhallsdóttir **Ragnar Guðjónsson**
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær systir okkar, frænka og mágkona,

Anna Þorgeirsdóttir

Sóleyjargötu 39, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 15. desember síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við færum öllu því yndislega fólki sem annaðist hana af mikilli alúð á sambýlinu að Hringbraut 8 (Sóleyjargötu 39) okkar bestu þakkir.

Ingigerður Þorgeirsdóttir **Ingólfur Guðnason**
Magnús Ingvar Þorgeirsson **Sigríður Gunnarsdóttir**
Sigrún Edvardsdóttir

frændur og frænkur.

---

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og systir,

Rannveig Þorbergsdóttir

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 23. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 4. janúar kl. 13.00.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Júlínus G. Jóhannesson

Bólstaðarhlíð 40,

lést að heimili sínu sunnudaginn 26. desember. Útför verður auglýst síðar.

Kolbrún Edda Júlínusdóttir **Davíð Karlsson**
Klemenz Ragnar Júlínusson **Halldóra Hauksdóttir**
Erling Þór Júlínusson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ari Jóhannesson

fv. póstrekstrarstjóri, Gullsmára 9,

sem lést þann 21. desember, verður jarðsunginn fimmtudaginn 30. desember frá Fossvogskirkju kl. 15.00.

Svanfríður Stefánsdóttir
Kristín Aradóttir **Kjartan Kjartansson**
Anna Þóra Aradóttir **Karl Viggó Karlsson**
Jóhannes Ari Arason **Sigrún Hallgrímsdóttir**
Árni Alvar Arason **Elsa Ævarsdóttir**
Sigrún Arna Aradóttir
afabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Haukur Halldórsson

Stuðlaseli 29, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 23. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 15.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Hauks er bent á minningarkort til styrktar líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Ástríður Björk Steingrímsdóttir
Davíð Hauksson **Vilborg Helga Harðardóttir**
Heba Hauksdóttir
Emil Davíðsson **Steinunn Ásta Davíðsdóttir.**

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Þóra Sigurgrímsdóttir,

Grænumörk 5, Selfossi, áður Heiðarbrún, Stokkseyri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands að morgni 24. desember. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 13.00.

Sveinbjörn Guðmundsson
Jóhann Sveinbjörnsson **Ólöf Bergsdóttir**
Einar Sveinbjörnsson **Kristín Friðriksdóttir**
Bjarki Sveinbjörnsson **Sigrún Kristinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

ALLT FYRIR ÁRAMÓTIN!

Frábært úrval af flottri partývöru fyrir gamlárskvöld og veislurnar! Nokkrir mismunandi pakkar. Nú með 20% afslætti!

VERÐ NÚ FRÁ:
319,-

høie
OF SCANDINAVIA

HØIE thermosængur
Mikið úrval af lítilsháttar útlitsgölluðum thermosængum frá HØIE. Frábært tilboðsverð! Stærð: 140 x 200 sm.

VERÐ FRÁ:
179,-

Útikerti
Mikið úrval af útikertum. Frábær verð!
Leiðiskerti **179,-** Lítil kerti 2 stk. **195,-**
Stórt kerti 1 stk. **479,-** Stórt partýkerti 1 stk. **489,-**

Velourefni
Virkilega flott velourefni sem fást í nokkrum fallegum litum. Magn á stranga: 140 sm. x 5 metrar.

Ótrúlegir matar- og kaffidúkar
Frábærir matar- og kaffidúkar úr míkróefni, sem hleypa ekki vætu í gegn. Litir: Svart, hvítt og kremað.
Stærðir: Ø160 sm. **2.495,-** 140 x 180 sm. **2.495,-**
150 x 220 sm. **2.695,-** 150 x 250 sm. **2.995,-**
150 x 300 sm. **3.495,-** 150 x 320 sm. **3.695,-**
150 x 350 sm. **3.995,-**

Vínglös
Góð vínglös á fæti.
Fyrir rauðvín eða hvítvín.
BALLON glös 6 stk. í pakka.

Húfur og vettlingar
Mikið úrval af húfum og vettlingum á frábæru verði! Klæddu þig vel fyrir áramótin! Verð frá **499,-**

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Á JÓLAVÖRUÚTSÖLUNNI
75%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
JÓLASKRAUTI!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 29.12 - 31.12

SILVIA stóll
Litur: Brúnn. PU áklæði.

FREDRIK stóll
Litur: Brúnn. PU áklæði.

Birt með fyrivara um prentvillur.

krossgáta



LÁRÉTT
2. tungl, **6.** frá, **8.** laug, **9.** net, **11.** tveir eins, **12.** erfiði, **14.** setja í sýru, **16.** borðaði, **17.** háð, **18.** pfn., **20.** ónefndur, **21.** sundfæri.

LÓÐRÉTT
1. djæf, **3.** í röð, **4.** þarfsemd, **5.** svelg, **7.** pedali, **10.** hyggja, **13.** mælieining, **15.** hófdýr, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** máni, **6.** af, **8.** það, **9.** not, **11.** uu, **12.** strað, **14.** súrsa, **16.** át, **17.** gys, **18.** mig, **20.** nn, **21.** uggi.
LÓÐRÉTT: **1.** dans, **3.** áb, **4.** nauðsyn, **5.** iðu, **7.** fótstig, **10.** trú, **13.** erg, **15.** asni, **16.** ámu, **19.** gg.

Erótíska ferilskráin

BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Það er alltaf jafn gaman að sjá heila sögu kristallast í einum hversdagslegum atburði. Ég varð þessarar ánægju aðnjótandi fyrir stuttu en þá sá ég virðulega hefðarfrú í pels fara inn í stórmarkað einn í bæ í suðursveitum Spánar. Vandlætingarsvipur hennar þegar hún gekk framhjá betlaranum hefði farið Skröggi gamla ágætlega á aðfangadegi.

BETLARINN var klæddur í götótta garma. Hann er fátæklega tenntur, hávaxinn og með afburðum grannur. Hann ber sig þó ekki eymdarlega eins og betlurum er tamt, heldur vappar hann manna á milli, slær jafnvel létt á bakið og segir: „Sæll félagi, heyrðu máttu nú ekki missa eins og eina evru?“

FYRST lágu leiðir okkar saman þegar ég var á nálægu kaffihúsi að gera upp reikninginn. Þá kemur hann askvaðandi og segir; „já, og svo eina evru fyrir mig, takk“ rétt eins og hann væri virðisaukaskatturinn holdi klæddur. Oft gaukaði ég að honum evru en svo sinnaðist okkur eftir að hann gerðist helst til aðgangsharður í „skattheimtunni“.

FJÖLSKYLDUBÖNDIN eru venjulega afar sterk hér á Suður-Spáni. Úr þeim eru hnýtt öryggisnet góð sem grípa menn ef þeim verður fótaskortur í tilverunni. Betlarinn atarna hefur hins vegar farið gegnum möskvana og dottið á planið fyrir utan stórmarkaðinn. Hann er kominn af efnuðu fólki sem reynt hefur að koma honum á lappirnar en vefur vímuefnanna er stundum sterkari fjölskylduböndunum.

HANN vann einu sinni í banka en það þykir nú aldeilis flott hér í landbúnaðarhéruðum Suður-Spánar. Ekki nóg með það heldur var hann kvennagull mikið og það voru alls engar slorkellingar sem hann tók á löpp. Nei, þetta voru mestu kvenkostirnir í héraðinu og margar þeirra eru í dag orðnar að hinum mestu hefðarfrúm. Til dæmis pelsklædda konan með vandlætingarsvipinn. Þetta er því sérdeilis mikil dramasena í miðjum hversdagsleikanum fyrir Íslendinginn sem sér bak við hryggðarmyndina.

BETLARINN gerir frúnni ekki þann grikk að yrða á hana. Hann lítur hins vegar á mig, svona eins og til að gá hvort ég viti um sameiginlega fortíð þeirra. Ég reyndi að túlka vandlætingarsvip hefðarfrúarinnar. Annað hvort þýddi hann „uss, að lífið skuli bjóða upp á svo sorglega endurfundi“ eða „þvílíkur smánarblettur á erótísku ferilskránni“.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli



Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Allt fyrir áramótin í Kosti

Ameríska gæðasnakk á flottasta verði í bænum!

Allir risasnakkpokarnir á **25% afslætti**

verð frá 599 kr/stk

RISA POKAR

Með snakkinu

Salsa og ostasósur

verð frá **549 kr/stk**

Ameríska **kalkúnaveislan** hefst í Kosti

Trönuberjasósa
Ocean Spray
219 kr/stk

Kjúklingasoð lífrænt
Pacific
398 kr/stk

Kalkúnasósumix
French's
789 kr/pk
6x25gr bréf

Kalkúnafylling
Pepperidge Farm
1.739 kr/pk
1.2 kg

Kalkúnn
Kostur
1.189 kr/kg
Aðeins 1.189 kr/kg

kostur

kostur | Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Kostur.is | Sími 560 2500 | facebook

FJÖLBREYTT ÚRVAL

SÓLFUGL, FYLLTAR KALKÚNABRINGUR

3298 KR./KG

EMMENTALER OG GRUYÈRE
LJÚFFENGIR OSTAR

EKTA ÍSLENSKT SMJÖR

KALKÚNASKIP SMJÖRSPRAUTAÐ

2998 KR./KG

Wellington ungnautalund

Afgeitt gegn pöntun í kjötborði Nóatúns

Pantið tímanlega

Fyllingar í lambalæri og hryggi

- Ávaxtafylling
- Villisveppafylling
- Gráðostafylling

Vigtað með kjötinu

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

20% afsláttur

NÓATÚNS HAMBORGARHRYGGUR

1598 KR./KG

~~1998~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

ÍSLENSKAR VILLIGÆSABRINGUR

3498 KR./KG

VSV HUMAR GÓÐIR HALAR

4504 KR./KG

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

DAG Nótt noatun.is

24·7

Hamraborg – Nóatún 17 – Austurver - Hringbraut – Grafarholt

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni

KALKÚNN FERSKUR

1598 KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

Fyllt með trönuberjum, Camembert og villisveppum

HÁTÍÐAR-LAMBALÆRI NÓATÚNS 2010

1978 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

30% afsláttur

UNGNAUTA INNRA LÆRI

2449 KR./KG

~~3498~~

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

SÆLKERA STÓR TÍGRISRÆKJA

3197 KR./KG

SÆLKERA HÖRPUSKEL

4652 KR./KG

12 PINNAR

EMMESS JÓLAÍSPINNAR

879 KR./PK.

LAY'S BUGLES ORIGINAL

189 KR./PK.

MEÐ OSTUNUM

OLIVIA & MARINO ÓLÍFU KEX

369 KR./PK.

OSTAHÚSIÐ TÍRAMÍSÚ

232 KR./STK.

DGF SULTUR JARÐARBERJA, HINDBERJA OG BLÁBERJA

479 KR./STK.

SVALANDI

PEPSI, 2 L

189 KR./STK.

EINFALT OG ÆGILEGT

MYLLU MARENSBOTN HVÍTUR

549 KR./STK.

MAILLE SINNEP 4 TEGUNDIR

269 KR./STK.

NÓATÚN

OFVIÐRIÐ FRUMSÝNT Jólasýning Borgarleikhússins, Ofviðrið eftir William Shakespeare, verður frumsýnt í kvöld. Verkið er síðasta leikrit Shakespeares, dásamlegur gleðileikur uppfullur af húmor, ást og krafti. Oskaras Koršunovas leikstýrir en með helstu hlutverk fara Hilmir Snær Guðnason, Ingvar Sigurðsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir. Verkið verður flutt í nýrri þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar.

Leikhús ★★★

Lér konungur
Þjóðleikhúsið

Höfundur: William Shakespeare. Leikarar: Arnar Jónsson, Baldur Trausti Hreinsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Pálmi Gestsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Eggert Þorleifsson, Atli Rafn Sigurðarson, Stefán Hallur Stefánsson, Ólafur Egill Egilsson, Hilmir Jensson og Hannes Óli Ágústsson. Þýðing: Þórarinn Eldjárn. Leikstjóri: Benedict Andrews.

Ég bið þig dóttir, gerðu mig ekki galinn!

Lér konungur er eitt þeirra verka meistara Shakespeares þar sem glettilegur gamanleikur hefur lítið rými. Í upphafi verksins trúir konungur því statt og stöðugt að hans sé hið algera vald. Hann hyggst skipta upp ríki sínu millum dætranna þriggja en til þess að svo megi verða er þeim skylt að játa honum skilyrðislausa ást sína.

Eldri dæturnar tvær fara með þá romsu sem þær telja hann vilja heyra um ást þeirra á honum. Orð sem strjúka honum meðhárs og draga ekki hið fullkomna vald hans í efa. Meðan sú yngsta, Kordelía segist elska hann mikið en ekki meira, og ekki eins og systurnar sem ganga að eiga mann til þess eins að þóknast honum. Hún var yngst og honum kærust en hann snýr þó baki við henni og gerir hana arflausa. Í raun og veru eru þær allar þrjár í eins konar uppreisn gegn honum og ofurvaldi hans. Hver á sinn máta. Eins og svo oft í verkum Shakespeares eru það jafnframt örlög annarrar fjölskyldu sem stjórna hjólum framvindunnar. Hálfbræður tveir og staða þeirra gagnvart voldugum föður, það er jarlinum af Glostri sem er eins og Lér konungur haldinn valdafíkn og sjálfsupphafningu. Eftir mikinn harmleik og margar misskilningsuppákomur endar hann blindur augnstunginn og sem slíkur sér hann sannleikann og trúir fátækum manni sem leiðir hann, (sem í raun var sonur hans útlaginn) fyrir hinu nýja innsæi sínu; að það er nauðsynlegt að kúska óhófs- og munaðarseggi þannig að réttlát skipting bindi enda á allt óhóf. Í fyrstu þremur þáttunum er valdið skilgreint aftur og aftur meðan mannlegi þátturinn og breyskleiki valdhafa tekur yfir þegar á líður. Raunverulegt hatur Lés konungs á augasteininum yngstu dótturinni er jafn áhrifalítið og uppgerðarást hinna dætranna, orðin tóm. Raunverulegt sannleiksgildi lífsins opinberast Lér í lokin og þó svo að dóttirin verði að láta lífið fyrir sannleikann sigrar hann engu að síður. Hringurinn lokast þegar sársauki sannleikans tekur yfir.

Í þessu verki kemur fram að staða hvers manns í samfélaginu er ekki bundin erfðum heldur þeirri grímu og ytri búnaði sem samfélagið fellur fyrir hverju sinni. Þess vegna er Lér konungur nútímaverk og nauðsynlegt að dusta rykið af handritinu einmitt núna. Það er þrekvirki að leggjast í það að snúa snilldarverki Shakespeares upp á íslenska tungu með öllum þeim blæbrigðum sem þar er að finna. Textinn í þýðingu Þórarins Eldjárn er glettilega gamansamur án þess að vera uppskrúfaður og harmrænn án þess að detta í hátíðleika, snilldarvel aðlagaður nútímaeyrum án þess að slá nokkuð af.

Stjarna kvöldsins var Arnar Jónsson í hlutverki Lés. Hann fór með textann sem gull væri og hinn undirliggjandi sársauki í öllu hans ofstoparausi var makalaus. Þetta var ekki aðeins glíma við innihald og texta heldur einnig líkamleg átök sem fóru fram í slíkri bleytu að ekki var þurr þráður á nokkrum manni. Í viðtali við ástralska leikstjórann Benedict Andrews í leikskránni segist hann m.a. hafa áhuga á virkni leikmyndarinnar. Og það má segja að leikmyndin virkaði verulega inn á við í leiknum. Blöðrur í snúrum sem stóðu með hjálp lóða fastar við gólfið hvort heldur menn upplifðu þær sem Íslendinga þar sem þær voru í fánalitunum eða breska hermenn, veitti tilfinningu fyrir mannmergð í upphafi og hjálpuðu síðan til við ýmis hljóðbrögð og flækjur þegar á leikinn sótti. Líklega verður þessi sýning frægust fyrir 32 mínútna stanslaust regn niður á sviðið. Þetta átti að vera fárviðri og margoft féllu orð um það en virkaði fremur eins og langdreginn gróðrarskúr. Það laumuðust fallegir og stundum ágengir tónar inn í atburðarásina og á Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir heiður af tónlistinni.

Margrét Vilhjálmsdóttir fór með hlutverk elstu dótturinnar Góneríl og skilaði hún fantagóðum leik og búningar hennar undirstrikuðu vel það sem hún átti að standa fyrir. Sjálfstraustið upp málað og dýrar dragtir um leið og hún var í sjálfu sér til í að selja hvað sem er til þess að fullnægja sjálfri sér. Flott að fá svona góða leikkonu í Þjóðleikhúsið. Þeir Stefán Hallur Stefánsson og Atli Rafn Sigurðarson sýndu góðan samleik og Atli í hlutverki hins smáða sem nær breytist í apakött var frábær. Ólafur Egill Egilsson dettandi og bröltandi í hlutverki þjónsins Ósvalds var skemmtilegur. Fíflið í höndum Ólafíu Hrannar átti hápunkt í trommusólinu. Boltaveggur leiksins Jarlinn af Kent, sem Pálmi Gestsson léði lífi var mjög trúverðugur. Yngri systurnar tvær í meðförum þeirra Vigdísar Hrefnu Pálsdóttur og Álfrúnar Örnólfsdóttur hæfðu mjög vel hlutverkum sínum og eins voru búningar þeirra einkar góðir til að undirstrika fyrir hvað þær stóðu. Ólafur Darri Ólafsson sem eiginmaður Gónerílar lék vel og varfærnislega hinn kokkálaða eiginmann og eins var Baldur Trausti Hreinsson glæsilegur sem eiginmaður Reganar. Eggert Þorleifsson sló ekkert af í leik sínum bæði blindur og sjáandi sem jarlinn af Glostri. Aðrir leikarar voru Hilmir Jensson og Hannes Óli Ágústsson sem brugðu sér í ýmis gervi. Öskur einkenndu mjög meðferð texta sem á köflum var þreytandi og spillti fyrir skilningi á innihaldinu. Leikmyndin var hrá og lýsing eintóna og eins og nokkur ofurtrú ríkti á brellubrögðum og leikhúsvélum eins og til að mynda í vatnsflaumnum og reykvélanotkuninni. Búningarnir voru samtímaklæði og kannski er greiningin á hnignuninni og fallinu fólgin í fækkun jakkafata.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Listaverkið í heild sinni á erindi til okkar í dag og þýðing Þórarins Eldjárn er einkar góð lesning.

LJÓSMYNDIR STÓÐU UPP ÚR Ragna Sigurðardóttir segir ljósmyndir vera miðil ársins á myndlistarsviðinu. Þessi mynd er frá sýningu Unnars Arnar Auðarsonar í Hafnarhúsinu, sem bar yfirskriftina „Í safni ófullkomleikans“.

Í merki ljósmyndarinnar

Ragna Sigurðardóttir
skrifar um myndlist á árinu sem er að líða

Í árslok er freistandi að finna einhver sérkenni á árinu sem var að líða. Hér á landi er það ljósmyndin sem stendur upp úr árið 2010.

Líklega er það Listahátíð sem veldur, en í ár var ljósmyndin í brennidepli og því fjöldi ljósmyndasýninga í söfnum og sýningarsölum myndlistar. Ljósmyndin er vel að athyglinni komin, alþýðlegur og margbrotinn miðill og löngu komin til að vera í myndlistinni. Annað einkenni á árinu er að rannsókn og skoðun á samfélagi og sögu eiga upp á pallborðið. Ef ljósmyndin var miðill ársins var viðfangsefni ársins einna helst einhvers konar endurlit, horft til fortíðar á einn eða annan hátt og má hér sjá vissan samhljóm milli myndlistar og bókmennta í landinu.

Söfnin

Starfsemi safnanna er einna mest áberandi í íslenskri myndlistarflóru, sýningar þeirra eru eðli málsins vegna flestar viðameiri en sýningar í einkareknum galleríum eða minni sýningarstöðum. Litlar sýningar í einkareknum sýningarsölum geta engu að síður náð að vekja eftirtekt og standa upp úr eins og dæmi eru um á árinu. Ekki má gleyma starfsemi utan Reykjavíkur, Skaftfelli á Seyðisfirði, Listasafni Akureyrar og fleirum en án þeirra væri listasenan svo miklu fátækari.

Starfsemi Listasafns Reykjavíkur var viðburðarík að vanda. Ungir myndlistarmenn sýndu í Dröð, málverkið hefur fengið fastan sess á Kjarvalsstöðum, Hafnarhús hýsti stærri einkasýningar og samsýningar.

Listasafn Íslands var með mun færri sýningar á dagskrá sinni. Sýningar þar stóðu sumar full lengi, t.d. stóðu sýningar á ljósmyndum eftir Cindy Sherman og grafíkverkum eftir Edvard Munch í meira en fjóra mánuði. Flottar sýningar og fengur að ljósmyndunum eftir Cindy Sherman, en sýningartíminn vekur upp spurningar um nýtingu á safnrýminu og virkni safnsins. Mjög langur sýningartími einstakra sýninga varpaði vissri deyfð yfir starfsemina.

Safnstjórar stóru safnanna í Reykjavík eru báðir karlar en konur stýra öllum minni söfnunum; Gerðarsafni, Listasafni Árnesinga, Listasafni Reykjanesbæjar, Hafnarborg, Listasafni ASÍ og Nýlistasafninu. Hér stóð Hafnarborg upp úr með hugmyndaauðgi í sýningarvali, virkri starfsemi í nærsamfélagi sínu Hafnarfirði og miklum listrænum kröfum. Í Listasafni ASÍ voru allnokkrar áhugaverðar einkasýningar á árinu.

> Þegar litið er yfir sýningar ársins í helstu söfnum og sýningarsölum hallar um of á kvenþjóðina. Hvað þetta varðar koma stóru söfnin tvö einna verst út en of langt mál fer í að telja upp einstaka listamenn hér. Að mínu mati þyrfti að skoða þennan þátt ársins 2010 sérstaklega og velta fyrir sér hvað veldur.

Nýlistasafnið hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2010. Starfsemi þess hefur á undanförnum árum færst meira yfir á rannsóknir og varðveislu. Um leið og starfsemin er jákvæð og þörf vekur hún upp spurningar um hlutverk sýninga í starfsemi safnsins.

Þegar litið er yfir sýningar ársins í helstu söfnum og sýningarsölum hallar um of á kvenþjóðina. Hvað þetta varðar koma stóru söfnin tvö einna verst út en of langt mál fer í að telja upp einstaka listamenn hér. Að mínu mati þyrfti að skoða þennan þátt ársins 2010 sérstaklega og velta fyrir sér hvað veldur.

Kraftmikið sýningaár

Sýningar sem stóðu upp úr á árinu voru margar. Þar má nefna Sigurð Guðjónsson í Suðsuðvestur í Reykjanesbæ, Heklu Dögg Jónsdóttur í Kling og Bang, Unnar Örn í Hafnarhúsi, ljósmyndir Cindy Sherman í Listasafni Íslands, sýningu á útsaumsverkum Guðrúnar Guðmundsdóttur í Þjóðminjasafni. Sögustaði, sýningu og bók Einars Fals Ingólfssonar einnig í Þjóðminjasafni, ljósmyndir Sigurðar Guðmundssonar frá áttunda áratugnum í i8, Eggert Pétursson í Hafnarborg og endurlit kvennalistar á Kjarvalsstöðum; Með viljann að vopni.

Útgáfa myndlistarbóka hefur komið skemmtilega á óvart á árinu og þar á Crymogea heiðurinn með fínum bókum. Bókin um Birgi Andrésson, Ragnar Axelsson, Sögustaðir og fleiri bækur, allar fínar. Uppheimar gáfu svo út býsna góða bók um Ásgerði Búadóttur með texta eftir Aðalstein Ingólfsson, einnig komu út fleiri ágætar ljósmyndabækur.

Íslenskir myndlistarmenn gerðu það gott á árinu á alþjóðavettvangi en þar bar einna hæst Katrínu Sigurðardóttur sem var með einkasýningu í Metropolitansafninu í New York.

Árið 2010 var bara fínt ár í myndlistinni. Einkasýningar einstakra listamanna bæði smáar og stórar eru verulega eftirminnilegar og starfsemi safna og sýningarsala er með ótrúlegum krafti þrátt fyrir að vera mitt í járnum kreppunnar. Árið lofar góðu fyrir framhaldið og engin spurning að íslenskir listamenn halda sínu striki.

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

allt fyrir áramótapartýið

PARTÝMIX
PAPRIKU EÐA SALT&PIPAR
170 G

GUNNARS ÍDÝFUR
KRYDD EÐA LAUK 150 ML

SALTSTANGIR
LORENZ 250 G

BEIKONBITAR
150 G

PAPRIKUSKRÚFUR
150 G

EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML

RED ROOSTER
ENERGY DRINK 250 ML

CRUNCHIPS STACKERS
SALT,SOUR CREAM EÐA PAPRIKA
175 G

PAPRIKUSKRÚFUR
140 G

BEIKONBUGÐUR
140 G

RIFFLUR
170 G

SKRÚFUR
SALT&PIPAR 140 G

TORTILLA FLÖGUR
NATURAL EÐA CHEESE
453 G

Birtist með fyrirvara um prentvillur.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **29. des. - 2. jan.**
eða meðan birgðir endast

280.000 dali, eða rúmar 32 milljónir króna, fær leikarinn Simon Baker greidda fyrir hvern þátt af The Mentalist. Leikarinn trónir nú á toppnum yfir launahæstu leikara í dramaþáttaröðum í Bandaríkjunum og skákar þar mönnum á borð við Hugh Laurie og Laurence Fishburne, sem leika í House og CSI.

LADY GAGA Söngkonan á söluhæstu plötu ársins, The Fame Monster.

Lady Gaga söluhæst

The Fame Monster með söngkonunni Lady Gaga er söluhæsta plata ársins 2010. Platan, sem er stækkuð útgáfa af frumburði hennar The Fame, seldist í tæpum sex milljónum eintaka víðs vegar um heiminn. Rapparinn Eminem átti næstsöluhæstu plötuna, Recovery, sem seldist í 5,7 milljónum eintaka. Lady Gaga var ánægð með árangurinn á Twitter-síðu sinni. „Ég er mjög spennt fyrir framtíðinni. Ef þú trúir á sjálfan þig og leggur hart að þér munu draumar þínir rætast," skrifaði hún. Næsta plata Gaga, Born This Way, er væntanleg á næsta ári.

180 milljóna uppistand

Grínistinn Jerry Seinfeld fær um 180 milljónir króna fyrir eina uppistandssýningu í O2-höllinni í Lundúnum á næsta ári. Dýrustu miðarnir kosta um tuttugu þúsund krónur. Seinfeld, sem er þekktastur fyrir samnefnda gamanþætti, fær upphæðina í vasann fyrir að segja brandara í níutíu mínútur. Þetta verður fyrsta uppistand hans í Lundúnum í tólf ár. „O2 er frekar stór staður. Ég hef heyrt góða hluti um hann frá góðvinum mínum Chris Rock og Ricky Gervais og hinum náunganum, þessum hávaxna og horaða, já, Russell Brand. Ég hef samt meira gaman af gömlum leikhúsum því áhorfendurnir eru meira eins og fastir í gildru," sagði Seinfeld.

SEINFELD Grínistinn fær um 180 milljónir fyrir að segja brandara í níutíu mínútur.

BLAZ ROCA LOFAR FJÖRI Á NASA Erpur er búinn að vera kenndur við Nasa í fjölmörg ár, bæði sem Blaz Roca og sem Rottweiler-hundur, en hann heldur tónleika með Diktu og Cliff Clavin á nýárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikaveislur um áramótin

Áramótadjammið er mörgum heilagt og því um að gera að fara yfir það sem í boði er á gamlárs- og nýárskvöld. Skemmtistaðir landsins slá ekki slöku við frekar en fyrri daginn og bjóða skemmtanaglöðum Íslendingum, og öllum þeim fjölmörgu sem kíkja á Klakann, upp á tónleikaveislu. Fréttablaðið kannaði hvar heitasta djammið er um áramótin.

„Það er mjög góð stemning fyrir tónleikunum. Ég og Dikta vorum í raun og veru vinsælastir á árinu og svo eru Cliff Clavin geðveikt ferskir og skemmtilegir," segir Erpur Eyvindarson, betur þekktur sem Blaz Roca, en hann heldur tónleika með Diktu og Cliff Clavin á Nasa á nýárskvöld.

Nasa og Techno.is bjóða svo upp á ICEMIX á gamlárskvöld, en þar koma fram margir af fremstu „teknóplötusnúðum" landsins. Hljómsveitin Dalton og fylgdarlið ætla að trylla lýðinn á Spot í Kópavogi á gamlárskvöld en á nýárskvöld mæta strákarnir úr Sálinni hans Jóns míns og gera slíkt hið sama. Í tilkynningu frá Spot kemur fram að þetta verði síðasta „gigg" Sálarinnar í einhvern tíma og því ættu aðdáendur hljómsveitarinnar að drífa sig í Kópavoginn og hefja nýja árið á stórtónleikum þessarar vinsælu sveitar.

POPS FYRIR ÞÁ ELDRI Gunni Þórðar, Maggi Kjartans og fleiri liðsmenn POPS ætla að skemmta á Kringlukránni á nýárskvöld.

Skemmtistaðurinn Broadway býður upp á stærðarinnar dansleik á gamlárskvöld með stórstjörnunni Micha Moor ásamt plötusnúðunum Sindra BM og Yngva Eysteins og opnar húsið á miðnætti en þar er 18 ára aldurstakmark. Micha Moor verður svo staddur á Bankanum á nýárskvöld, svo allra hörðustu aðdáendur Moor geta barið hann augum tvö kvöld í röð. Á gamlárskvöld býður skemmtistaðurinn Esja upp á plötusnúða í öllum sölum og glæsilegt danstríó sem leiðir dansinn eins og enginn sé morgundagurinn. Þetta verður líka eina kvöldið þar sem aldurstakmarkið á Esju er 20 ára, en ekki 25 ára eins og stefna staðarins er.

Veitinga- og skemmtistaðurinn Austur verður með leynigesti bæði kvöldin og verða þeir ekki af verri endanum, en þeir verða tilkynntir þegar nær dregur.

Þeir sem eldri eru geta skellt sér á Kringlukrána á nýárskvöld þar sem unglingahljómsveitin POPS stígur á svið og skemmtir fram eftir nóttu, en meðal liðsmanna POPS eru þeir Gunnar Þórðarson og Magnús Kjartansson. Þeir sem dvelja norðan heiða yfir áramótin þurfa ekki að örvænta því poppstjarna Íslands hefur boðað komu sína í Sjallann á Akureyri. Sjálfur Páll Óskar ætlar að trylla lýðinn í Sjallanum á gamlárskvöld frá kl. 01.30.

Allir staðirnir bjóða upp á miðasölu við dyr og því geta þeir sem ekki hafa keypt miða í forsölu keypt miða við innganginn, svo framarlega sem ekki sé nú þegar orðið uppselt. **kristjana@frettabladid.is**

BANNAÐIR Klovn-vinirnir Casper og Frank verða bannaðir innan fjórtán ára á Íslandi. Í Danmörku var myndin bönnuð innan ellefu ára, sem sumum þótti of lágur aldur.

Klovn bönnuð innan fjórtán ára

„Við sáum myndina og ákváðum í kjölfarið að það væri við hæfi að banna Klovn: The Movie innan fjórtán ára," segir Þorvaldur Árnason hjá Sambíóunum sem dreifa dönsku gamanmyndinni. Hún verður frumsýnd 1. janúar næstkomandi og gerir Þorvaldur sér hóflegar vonir um að þeir Casper Christensen og Frank Hvam geti heimsótt Ísland af því tilefni. „Þeir eru til, þetta er bara spurning um að finna tíma fyrir þá," segir Þorvaldur.

Miklar umræður hafa sprottið í kringum myndina í Danmörku að undanförnu en danskur barnasálfræðingur og rithöfundur sagði í samtali við dönsku blöðin B.T. og Ekstrabladet að Klovn væri klám. Danska kvikmyndaeftirlitið hefði að hennar mati brugðist en þar var myndin bönnuð innan ellefu ára. Þorvaldur segir að samkvæmt þeirra kerfi hefðu þeir getað haft myndina bannaða innan tólf ára aldurs. „En okkur fannst fjórtán ára aldurinn passlegur."

Klovn heldur áfram að gera það gott í Danmörku og er því nú spáð að hún verði jafnvel mest sótta danska kvikmyndin frá upphafi. Rúmlega 320 þúsund manns hafa séð myndina í Danmörku en yfir 600 þúsund manns sáu Flammen og Citronen á sínum tíma. **- fgg**

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

Sýnishornasalan hefst í dag

-50%

Vor/Sumar 2011

Dömuverslun
Laugvegi 7
Sími 552 6066

Elton John pabbi í fyrsta sinn

PABBAR Zachary, sem kom í heiminn á jóladag, mun eiga tvo pabba, þá David Furnish og Elton John.

Breski ellismellurinn Elton John er orðinn pabbi í fyrsta sinn. Sonurinn, sem hefur verið gefið nafnið Zachary Jackson Levon Furnish-John, fæddist á jóladag en Elton og eiginmaður hans, David Furnish, nýttu sér staðgöngumóður. Vefsíða Usmagazine greindi fyrst frá fæðingunni og talsmaður Eltons staðfesti hana í kjölfarið. Í yfirlýsingu sem þeir Elton og David sendu frá sér kom fram að Zachary væri heilbrigður og dafnaði vel og að þeir tveir væru yfir sig ánægðir á þessum sérstöku tímamótum.

Elizabeth Hurley var meðal þeirra sem óskuðu parinu fyrst til hamingju og sagðist hún ekki geta beðið eftir fyrsta knúsinu. David og Elton gengu í það heilaga árið 2005 en strákurinn þeirra kom í heiminn í Kaliforníu. Nafn staðgöngumömmunnar verður ekki gefið upp.

INCEPTION Besta mynd ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins.

Inception er mynd ársins

Inception er besta kvikmynd ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Hún var einnig næstaðsóknarmesta myndin á eftir stórvirkinu Avatar.

Kvikmynd Christophers Nolan, Inception, er mynd ársins 2010 samkvæmt niðurstöðu álitsgjafa Fréttablaðsins. Hún bar höfuð og herðar yfir aðrar myndir og situr greinilega efst í minningu þeirra sem voru duglegir við kvikmyndaferðir á árinu.

Inception hafði verið lýst sem eins konar blöndu af James Bond og The Matrix áður en hún var frumsýnd hérlendis í júlí. Þessi skotheldi kokkteill vakti strax áhuga fólks og myndin sló umsvifalaust í gegn. Tæplega sextíu þúsund manns streymdu á myndina í bíó og varð hún á endanum sú næstvinsælasta á árinu á eftir hinni ævintýralegu Avatar. Gagnrýnendur tóku Inception einnig opnum örmum og meðal annars hlaut hún fullt hús stiga hér í Fréttablaðinu, eða fimm stjörnur. Mörgum þótti þetta besta mynd leikstjórans Christopher Nolan, sem tveimur árum áður hafði sent frá sér hina gríðarvel heppnuðu Batmanmynd The Dark Knight. Auk þess að leikstýra, skrifaði Nolan handrit Inception og framleiddi hana. Í viðtölum vegna myndarinnar sagðist hann hafa verið upptekinn af draumum frá sextán ára aldri og vildi komast að því hvort hægt væri að stjórna því hvað færi um heilann í fólki á meðan það sváfi. Leikaraliðið stóð vel fyrir sínu. Leonardo DiCaprio var í aðalhlutverkinu sem Cobb sem braust inn í drauma fólks og fínir leikarar voru honum til halds og trausts, þar á meðal Ellen Page, Marion Cotillard og Tom Hardy. Niðurstaðan: Mynd ársins 2010.

Aðrar kvikmyndir sem voru nefndar af álitsgjöfum Fréttablaðsins var gamandramað The Kids Are All Right, hin ítalska Le quattro volte, eða Four Times, Dogtooth frá Grikklandi, Toy Story 3 og Black Swan með Natalie Portman í aðalhlutverki, sem reyndar verður ekki frumsýnd á Íslandi fyrr en í febrúar. Athygli vekur að „Facebook-myndin“ The Social Network hlaut ekkert atkvæði, sem kemur nokkuð á óvart miðað við þá frábæru dóma sem hún fékk eftir að hún var frumsýnd í haust. Líklegt má telja að hún, Inception og Black Swan verði í kapphlaupinu um Óskarsverðlaunin þegar þau verða afhent í lok febrúar.



freyr@frettabladid.is

Álitsgjafar: Dögg Mósesdóttir, Freyr Gígja Gunnarsson, Guðni Sigurðsson, Hrönn Marinósdóttir, Ívar Guðmundsson, Jóhann Bjarni Kolbeinsson, Marteinn Þórsson, Ragnhildur Magnúsdóttir, Roald Eyvindsson, Sindri Sindrason, Tómas Valgeirsson og Þórarinn Þórarinsson.

SONY
make.believe

Áramótaskaupið er flottara í STÓRU sjónvarpi!

Sony Center þakkar viðskiptin á liðnu ári og óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs.

Sony BRAVIA 55" LED sjónvarp
KDL-55EX710 55" 100hz Edge LED sjónvarp.
Mál: 127,8 x 76,5 x 7,3cm 21,8kg.
Aðeins 7,3 cm á þykkt.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- BRAVIA Internet Video
- USB media player
- Picture Frame mode

Sony BRAVIA 46" LCD sjónvarp
KDL-46EX500
46" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- BRAVIA Internet Video

Sony BRAVIA 60" LED sjónvarp
KDL-60EX700
60" 100hz Edge LED sjónvarp.
Mál: 143,1 x 87,7 x 6,6cm 31,3kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- BRAVIA Internet Video

Sony BRAVIA 52" LED sjónvarp
KDL-52LX900 - 3D innbyggt
52" 200hz Edge LED sjónvarp.
Mál: 132,1 x 79,5 x 10,2cm 26,7kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 200hz Pro
- OptiContrast panel
- Wi-Fi innbyggt (þráðlaust net)
- BRAVIA Internet Video

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar!

Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROSHOPPER ÍSTERTA MEÐ SÚKKULAÐIFLÖGUM 500ml

EUROSHOPPER VANILLUÍS 1 ltr

PARTÝ POPPERS
SMÁSPRENGJUR INNANDYRA!

4 STK PARTÝ POPPERS 18 STK PARTÝ POPPERS

EuroShopper riffluðar kartöfluflögur 200g
-með ***salti*** -með ***papriku***
-með ***sour creme and onion***

ÞYKKVABÆJARSNAKK
PIZZA GRANDE 100g

DORITOS
COOL AMERICAN / NACHO CHEESE

GLOW SMÁVÖRUR OG SKRAUT
TVÖ VERÐ: **98 KR** & **159 KR.**

BÓNUS SNAKK 160g
Minna en 1% transfita
198 kr.pk

Kú smáostar: Öðlingur / Ljúflingur 250g

ÍSLENSK ÚTIKERTI **295** KR.
ERLEND ÚTIKERTI 2 STK. **195** KR.

PRINGLES SNAKK 165g

ÓÁFENGUR FREYÐIDRYKKUR

SILVER: TONIC/ GINGER ALE
1 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Danskar grísalundir
1398 kr.kg.

Þýskar kalkúnabringur
1998 kr.kg.

Dönsk Pekingönd 2.4 kg
1798 kr.stk.

MÓA VEISLUKJÚKLINGUR *með fyllingu*

Íslenskur Holda kalkúnn
1189 kr.kg.

FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAPRIME

Sérskorið jurtakryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

FERSKT JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI

ROAST BEEF *UNGNAUTASTEIK*

FERSKT *MANGÓKRYDDAÐ* LAMBAFILLET

KS *FROSIÐ* LAMBALÆRI

KS *FROSIÐ* LAMBAFILLET

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

ÁLFABAKKA

TRON LEGACY-3D	kl. 3:20 - 5:50 - 8 - 10:40 - 11	10
TRON LEGACY	kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	VIP
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
MEGAMIND-3D Ótextuð M/ensku. Tali	kl. 8:30	L
THE LAST EXORCISM	kl. 10:40	16
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8 - 11	10
DUE DATE	kl. 5:50 - 8	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	7
FURRY VENGEANCE	kl. 1:30	L

EGILSHÖLL

TRON: LEGACY-3D	kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 - 8 og 10.40	10
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 12.15 - 2.45 og 5.20	L
MEGAMIND-3D Ótextuð M/ensku. Tali	kl. 10.30	L
LITTLE FOCKERS	kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.10 og 11	12
NARNIA-3D	kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 og 8	L
HARRY POTTER	kl. 8	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 12.15	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS SAMBÍÓIN

KRINGLUNNI

TRON LEGACY-3D	kl. 5:20 - 8 - 10:10	10
LITTLE FOCKERS	kl. 5:50 - 8 - 10:40	12
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8	10
RED	kl. 10:40	12
ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali	kl. 3:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 1:30	7

AKUREYRI

MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 6	L
TRON : LEGACY-3D	kl. 8 - 10:40	10
HARRY POTTER	kl. 2	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5	L
THE LAST EXORCISM	kl. 8 - 10:10	16

Bíó ★★★

Tron: Legacy

Leikstjóri: Joseph Kosinski

Leikarar: Jeff Bridges, Garrett Hedlund, Olivia Wilde, Bruce Boxleitner.

Stafrænt stuð

Tron: Legacy er framhald hinnar 28 ára gömlu Tron, sem sagði frá tölvuforritaranum Kevin Flynn (Jeff Bridges) sem valsaði um tölvugerðan sýndarheim í leit að sönnun þess að hugviti hans hefði verið stolið. Í framhaldinu fylgjumst við með syni hans, Sam Flynn (Garrett Hedlund), sem varð munaðarlaus eftir að faðirinn hvarf sporlaust. Röð atvika verður til þess að hinn ungi Sam sogast inn í sömu tölvuveröld og sá gamli gerði, og viti menn, þar finnur hann pápa sinn sem hefur setið þar fastur undanfarin tuttugu ár.

Söguþráðurinn hljómar eflaust bjánalega í eyrum sumra, og sennilega er hann það. Að sjálfsögðu er hann einungis afsökun fyrir hið magnaða sjónarspil sem sýndarveruleikinn er. Og þó má eflaust rífast um hvort meintur sýndarveruleiki sé mögulega jafn ekta og raunveruleikinn. Í það minnsta virðist Kevin Flynn hafa elst um nokkra áratugi í tölvulandi. Tölvugrafíkin vex og þroskast en hinn dauðlegi forritari hrörnar og úreldist.

Það má eflaust lesa heilmikið í Tron: Legacy og þann „boðskap" sem hún reynir að færa okkur. Það er þó hennar stærsti veikleiki, hún tekur sig full hátíðlega á köflum og undir restina fór mér að leiðast. Best var myndin þegar hún leyfði sér að vera hressandi ævintýri án hálfbakaðs daðurs við Biblíuna og heimspeki.

„Veisla fyrir augu og eyru" er ofnotaður frasi sem á þó ágætlega við hér. Enda lifir myndin við þann lúxus að þurfa ekki að rembast við að dulbúa tölvubrellurnar sem eitthvað annað en tölvubrellur. Þrívíddin er stórglæsileg og vægi hennar eykst við það að myndin byrjar í tvívídd en hækkar um einn þegar hasarinn byrjar. Í lokin vil ég svo minnast á kvikmyndatónlistina, en um hana sér franska dúóið Daft Punk, og gerir vel.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Heillandi ævintýri sem missir þó heldur flugið í seinni hálfleik.

Skráning í Wacken

Skráning í hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle er hafin og stendur yfir til 20. janúar. Sigurvegarinn á Íslandi fer til Þýskalands næsta sumar og spilar á rokkhátíðinni Wacken í alþjóðlegum úrslitum Metal Battle keppninnar.

Sigurvegarinn fær í sinn hlut plötusamning, hljóðfæri og fleiri græjur. Skilyrði til þátttöku er að hljómsveitir séu ekki á mála hjá plötufyrirtæki eða við það að skrifa undir samning. Sveitir taka þátt með því að senda kynningarpakka á Restingmind Concerts og verða sex valdar til þátttöku í úrslitunum 5. mars á næsta ári.

Rokkararnir í Wistaria unnu Wacken-keppnina í fyrra hér heima. Þar áður bar Beneath sigur úr býtum í fyrstu Wacken-keppninni.

WISTARIA Rokkararnir í Wistaria á Wacken-hátíðinni í Þýskalandi síðastliðið sumar.

SMÁRABÍÓ (Gleraugu seld sér) — Nánar á Miði.is

GAURAGANGUR	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
LITTLE FOCKERS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20	12
LITTLE FOCKERS LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20	12
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	kl. 1 (950kr.) - 3.20 - 5.50	L
MEGAMIND 3D ENSKT TAL	kl. 1 (950kr.) - 8 - 10.10	L
NARNIA 3 3D	kl. 1 (950kr.) 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 1 (700kr.)	L

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

GAURAGANGUR	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 9.30 - 10.10	7
LITTLE FOCKERS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20	12
NARNIA 3 3D	kl. 2 (950kr.) - 4.30 - 7	7
FASTER	kl. 8 - 10.10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 2 (700kr.) - 4 - 6	L

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

LITTLE FOCKERS	kl. 6 - 8 - 10	12
GAURAGANGUR	kl. 6 - 8 - 10	7
NARNIA 3 3D	kl. 3.50 (900kr.)	7
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 2 (600kr.)	L

GLEÐILEG JÓL! Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is GLEÐILEGT NÝTT BÍÓÁR! facebook /smarabio • Sími 564 0000

ALDREI MEIRA ÚRVAL FLUGELDA

Upp með fjörið!

Troðfullir sölustaðir af frábærum flugeldum

NÝIR ENNBETRI KAPPAR

KAKA ÁRSINS ER SVAKALEG!

RISA RAKETTUR

FRÁBÆRIR FJÖLSKYLDU PAKKAR 5 STÆRÐIR

MAGNAÐIR BARDAGAR!

NÝR KRAKKA TRÍTILL

Flugeldasalan er ein mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitanna. Sýnum stuðning í verki!

SLYSAVARNAFÉLAGID LANDSBJÖRG

Notum alltaf flugeldagleraugu!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

15 DAGAR

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ náði sínum besta árangri á HM í handbolta frá upphafi þegar liðið náði 5. sæti á HM í Kumamoto í Japan árið 1997. Strákarnir unnu sjö af níu leikjum á mótinu og töpuðu aðeins einum leik, sem var á móti Ungverjum í átta liða úrslitunum. Ísland vann að lokum 32-23 sigur á Spáni í leiknum um fimmta sætið.

GUÐJÓN VALUR Í íslenska landsliðinu á nýjan leik. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Landsliðið valið fyrir HM:

Guðjón Valur aftur í liðið

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson hefur aftur verið valinn í íslenska landsliðið en hann hefur ekkert getað spilað með því síðan á EM í Austurríki vegna meiðsla. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær nítján manna æfingahóp fyrir HM í Svíþjóð sem hefst 13. janúar.

Ísland leikur tvo æfingaleiki gegn Þýskalandi hér á landi dagana 7. og 8. janúar næstkomandi.

„Ég er mjög ánægður með þennan hóp," sagði Guðmundur. „Það er alltaf erfitt að þurfa að skilja eftir góða leikmenn og það verður enn erfiðara að fækka um þrjá í liðinu fyrir mótið sjálft."

Logi Geirsson, leikmaður FH, er frá vegna meiðsla. **- esá**

Landsliðshópurinn

Markverðir:	
Björgvin Páll Gústavsson	Kadetten
Hreiðar Levý Guðmundsson	Emsdetten
Sveinbjörn Pétursson	Akureyri
Aðrir leikmenn:	
Aron Pálmarsson	Kiel
Ingimundur Ingimundarson	Álaborg
Ásgeir Örn Hallgrímsson	H-Burgdorf
Arnór Atlason	AG
Þórir Ólafsson	Lübbecke
Guðjón Valur Sigurðsson	RN Löwen
Snorri Steinn Guðjónsson	AG
Ólafur Stefánsson	RN Löwen
Sigurbergur Sveinsson	Rheinland
Sturla Ásgeirsson	Valur
Alexander Petersson	Füchse Berlin
Sverre Jakobsson	Grosswallstadt
Róbert Gunnarsson	RN Löwen
Oddur Gretarsson	Akureyri
Vignir Svavarsson	Hannover-Burgdorf
Kári Kristján Kristjánsson	Wetzlar

Titlarnir til FH og Vals

FH og Valur urðu í gær deildarbikarmeistarar karla og kvenna í handbolta eftir spennandi úrslitaviðureignir. Valur er þar með handhafi fjögurra titla af fimm í kvennaflokki. FH vann topplið N1-deildar karla, Akureyri, í úrslitaleiknum.

HANDBOLTI FH varð deildarbikarmeistari karla í handbolta og Valur í kvennaflokki eftir úrslitaleiki sem fram fóru í íþróttahúsinu í Strandgötunni í gær. FH hafði betur gegn Akureyri í karlaflokki, 26-29, og Valur lagði Fram í kvennaflokki, 23-22, í miklum spennuleik.

Leikur FH og Akureyrar var æsispennandi. FH hafði frumkvæðið framan af leik enda gekk illa í vörninni hjá Akureyri og Sveinbjörn Pétursson náði sér engan veginn á strik í fyrri hálfleik. Stefán Guðnason átti hins vegar góða innkomu í marki Akureyrar og leiddu Norðlendingar 16-13 í hálfleik.

Akureyringar voru með leikinn í höndunum í síðari hálfleik og áttu FH-ingar í erfiðleikum með að jafna leikinn. Í stöðunni 22-24 Akureyri í vil, hefðu Norðlendingar líklega getað komið sér í afar vænlega stöðu enda einum leikmanni fleiri. Þess í stað náðu FH-ingar að jafna leikinn og lokamínúturnar reyndust æsispennandi. Svo fór að lokum að FH fangaði sigri og um leið deildarbikarmeistaratitlinum, 26-29.

„Þetta var frábær sigur og svo sannarlega sigur liðsheildarinnar. Við sýndum mikinn karakter með að komast aftur inn í leikinn gegn þessu sterka liði. Við höfum verið brothættir þegar við höfum lent nokkrum mörkum undir en höfum unnið markvisst í þessum þætti," sagði Kristján Arason, þjálfari FH.

„Þetta eru mjög áþekk lið og við þurftum að spila vel til að hafa betur. Varnarleikurinn hjá okkur hefur verið á uppleið og Daníel (Andrésson) var mjög góður í markinu. Það er mjög gott fyrir okkur að ná titli og vonandi er að skapast sigurhefð hjá FH á ný."

KÆRKOMINN SIGUR Sigurgeir Árni Ægisson lyftir bikarnum á loft í íþróttahúsinu í Strandgötu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, var skiljanlega ósáttur í leikslok enda leiddi Akureyri leikinn lengst af. „Ég er mjög svekktur því við fengum mjög gott tækifæri á að landa titli. Varnarleikurinn var ekki jafngóður og að undanförnu. Það vantar kannski sigurhefð í þetta lið en vonandi náum við að bæta úr því í vor."

Leikur Vals og Fram í kvennaflokki var gríðarlega spennandi. Fram leiddi með þremur mörkum í hálfleik, 14-11, og munaði mestu um stórleik Írisar Bjarkar Símonardóttur í marki Fram en hún varði 18 skot í fyrri hálfleik og alls 24 skot í leiknum. Valskonur mættu mjög ákveðnar í síðari hálfleik, skoruðu fyrstu fimm mörkin og komst yfir. Liðið lét forystuna ekki af hendi og fagnaði sætum deildarbikarmeistaratitli, 22-23. **- jjk**

BIKARMEISTARI Snorri Steinn Guðjónsson í leik með AG. MYND/AG

Arnór og Snorri meistarar:

Fyrsti titill AG

HANDBOLTI Arnór Atlason og Snorri Steinn Guðjónsson urðu í gær danskir bikarmeistarar með AG Kaupmannahöfn eftir sigur á Árhus í úrslitaleik, 26-20. Arnór og Snorri Steinn skoruðu báðir þrjú mörk í leiknum. Þetta er fyrsti titill AG en liðið trónir á toppi dönsku úrvalsdeildarinnar þar sem liðið er enn taplaust.

Rut Jónsdóttir og félagar hennar í Team Tvis töpuðu í bikarúrslitum kvenna fyrir Viborg, 36-28. **- esá**

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Manchester City - Aston Villa	**4-0**
1-0 Mario Balotelli, víti (7.), 2-0 Joleon Lescott (12.), 3-0 Balotelli (26.), 4-0 Balotelli, víti (54.).	
Stoke City - Fulham	**0-2**
0-1 Chris Baird (3.), 0-2 Chris Baird (10.).	
Sunderland - Blackpool	**0-2**
0-1 DJ Campbell (49.), 0-2 DJ Campbell (89.).	
Tottenham - Newcastle	**2-0**
1-0 Aaron Lennon (56.), 2-0 Gareth Bale (80.).	
West Brom - Blackburn	**1-3**
0-1 Nikola Kalinic (2.), 1-1 Peter Odemwingie (16.), 1-2 Nikola Kalinic (52.), 1-3 Mame Biram Diouf (61.).	
West Ham - Everton	**1-1**
1-1 Seamus Coleman (41.)	
Birmingham - Manchester United	**1-1**
0-1 Dimitar Berbatov (58.), 1-1 Lee Bowyer (89.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

Man. United	**18**	**10**	**8**	**0**	**39-17**	**38**
Man. City	20	11	5	4	32-16	38
Arsenal	**18**	**11**	**2**	**5**	**37-20**	**35**
Tottenham	19	9	6	4	29-23	33
Chelsea	**18**	**9**	**4**	**5**	**32-15**	**31**
Bolton	19	7	8	4	32-25	29
Sunderland	**20**	**6**	**9**	**5**	**21-22**	**27**

SKORAÐI ÞRJÚ Adam Johnson óskar Mario Balotelli til hamingju með mörkin þrjú í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Sjö leikir í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Balotelli með þrennu

FÓTBOLTI Manchester United hélt naumlega sæti sínu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir að liðið gerði sitt áttunda jafntefli í gær, í þetta sinn gegn Birmingham á útivelli eftir að hafa fengið á sig mark á lokamínútum leiksins.

United hafði unnið fjóra leiki í röð í deildinni og það leit út fyrir að sá fimmti væri í höfn þegar Dimitar Berbatov kom liðinu yfir snemma í síðari hálfleik. Lee Bowyer náði síðan að skora jöfnunarmark heimamanna á elleftu stundu.

United-menn eru þó enn ósigraðir til þessa í deildinni og halda þannig inn í nýja árið.

Mario Balotelli skoraði þrennu fyrir Manchester City í gær er liðið vann 4-0 sigur á Aston Villa. Bæði Manchester-liðin eru með 38 stig á toppi deildarinnar en United á tvo leiki til góða og er þar að auki með betra markahlutfall.

Arsenal getur einnig komist upp í 38 stig með sigri á Wigan á útivelli í dag.

Tottenham komst upp í fjórða sæti deildarinnar í gær með 2-0 sigri á Newcastle og er Chelsea, sem mætir Bolton í dag, þar með dottið niður í fimmta sætið.

Liverpool mætir botnliði Wolves í kvöld en liðið getur lyft sér úr tólfta sæti deildarinnar í það áttunda með sigri í leiknum.

Eiður Smári Guðjohnsen var ónotaður varamaður er Stoke tapaði fyrir Fulham á heimavelli. **- esá**

Dagana 27. - 31. desember

Dúndur áramóta afsláttur!

Með dúndur áramóta afslætti á öllum notuðum bílum hjá Bílabúð Benna fylgir glæsilegur flugeldapakki og flugeldaterta frá Hjálparsveitum skáta

Toyota Yaris Terra 1,0 vvti, 06/2004, ek. 102 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, CD.
Verð 990 þús.s.

Ford Focus 1,6 Trend 11/2004, ek. 96 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, dráttarbeisli, CD.
Verð 1.330 þús.

Chevrolet Lacetti 1,8 CDX 06/2008, ek. 43 þús., 4 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD magsín, kastarar o.fl.
Verð 1.850 þús.

Subaru Legacy 2,5 Outback 01/2004, ek. 174 þús., 5 dyra, ssk. ABS, álfelgur, CD, hiti í sætum o.fl.
Verð 1.560 þús.

Peugeot 206 1400 S-line, 06/2006 ek. 92 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD, nýleg tímareim.
Verð 1.250 þús.

Toyota Landcruiser 120 VX bensín, 7 manna, 09/2003, ek. 120 þús., 5 dyra, ssk., ABS,dráttarbeisli, leður o.fl.
Verð 3.890 þús.

Chevrolet Lacetti 1,8 CDX s/d, 04/2006, ek. 85 þús, 4 dyra, ssk., ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD magasín, kastarar o.fl. Nýleg tímareim. Verð 1.390 þús.

Dodge Stratus 2,4 SXT 02/2004, ek. 64 þús., 2 dyra, ssk, ABS, álfelgur, CD, hiti í sætum, Cruise control o.fl.
Verð 1.390 þús

Suzuki Grand Vitara 2,0 sport, 06/2007, ek. 85 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD.
Verð 2.660 þús.

Toyota Rav-4 2,0 vvt-i 07/2005, ek. 105 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, dráttarbeisli, CD, kastarar o.fl.
Verð 1.980 þús.

Chevrolet Kalos 1,4 SE 06/2008, ek. 56 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD o.fl.
Verð 1.590 Þús.

Chevrolet Aveo LS 1400, 07/2008, ek. 35 þús., 4 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD o.fl.
Verð 1.850 þús.

Sölustaðir Hjálparsveit skáta í Reykjavík

Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23 / Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6 / Spöngin, Grafarvogi
Grafarholt v/Húsasmiðjuna / Mjóddin, Breiðholti / Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a

Bílabúð Benna, traustur styrktaraðili Hjálparsveit skáta í Reykjavík.

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

Flugeldapakki og terta fylgir hverjum bíl!

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Bíldshöfða 10 - 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16. Athugið opið gamlársdag 10 -12.

BB. 27.des 2010 - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.

EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL UM ÁRAMÓTIN

Gleðilegt

1.798kr/stk

Pekingönd
frosin 2,4 kg.

1.698kr/kg

Besti hamborgarhryggur
sem landsliðið hefur smakkað!

Úrbeinað og fyllt
að hætti Jóa Fel

Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!

Þennan verður að prófa!

Sultaður rauðlaukur
tilvalinn á ostana og með villibráðinni!

Dolaner ostur
ljúffengur ostur sem k

Þessar verða að komast í áramótapartíið!

Freyðandi drykkur
skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar

Kettle Chips
stökkari og bragðbetri!

Glow in the Dark
ýmsar vörur sem lýsa í myrkri

50% afsláttur

Nammiland
50% afsláttur til áramóta

Gildir á meðan birgðir endast.

Nýtt Ár

2.698kr/kg

t lambalæri

1.953kr/kg

Lífrænn lambahryggur
ferskur

1.783kr/kg

Lífrænt lambalæri
ferskt

1.298kr/pk

Fumagalli parmaskinka
200g

itlar bragðlaukana

Villibráð í úrvali!

Strútur

Krónhjörtur

Kengúra

Skosk rjúpa

antilópa

Sebrahestur

Hreindýr

Frönsk berberieönd

Fashani

Skógardúfa

þetta eina sanna!

3.148kr/kg

Franskar andabringur
frosnar

1.498kr/kg

Heill kalkúnn
ferskur

2.836kr/kg

Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Emile Hirsch

„Ég hef alltaf verið hálfur inni í skelinni og hálfur úti. Stundum get ég verið ótrúlega villtur en stundum er ég ótrúlega feiminn. Þetta fer allt eftir dögum."

Emile Hirsch leikur hinn unga Speed sem þráir ekkert heitara en að keyra kappakstursbíla í fjölskyldumyndinni Speed Racer sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó kl. 16.00 í dag.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HLUSTAÐI Á BACH OG HORFÐI Á BRAD

Útvarpsklassíkin sigraði Hollywood-langlokuna

Flest jól í mínu lífi hef ég lagst í sjónvarpsgláp; síðla kvölds að loknu áti og lestri hef ég gjarnan horft á svo sem eins og eina kvikmynd hið minnsta. Ég er líka veik fyrir jólaútgáfum af sjónvarpsþáttum og festist gjarnan við barnaefni með krökkunum sem ég hef vanalega litla þolinmæði fyrir. Þessi jólahelgi leið hins vegar einkennilega sjónvarpslaus, ég var í eldhúsinu eitthvað að fást við mat á aðfangadag og þrátt fyrir að ýmislegt hefði vakið forvitni mína þegar ég stúderaði sjónvarpsdagskrána fyrir jólin þá fóru leikar þannig að hún fór alveg framhjá mér.

Í sjónvarpi það er að segja, rás eitt hljómaði allan aðfangadag með klassísku efni á borð við Íslendinga sem segja frá jólahaldi í útlöndum sem er alltaf lágstemmdara en hér á landi. Af öðrum þáttum í útvarpinu staldraði ég sérstaklega við þáttinn Ertu búinn að Bach-a fyrir jólin, sem byggður var á samnefndri dagskrá sem flutt var í Langholtskirkju á aðventunni. Frábær blanda af sálmaforleikjum Bachs fluttum á orgel og píanó af þeim Tómasi Guðna Eggertssyni og Davíð Þór Jónssyni auk ljóðalesturs Sigurbjargar Þrastardóttur, Björns Hlyns Haraldssonar og Egils Ólafssonar. Þáttinn má nálgast á vef ríkisútvarpsins og þar leynast fleiri perlur úr hátíðardagskránni.

Þar má til að mynda finna sjónvarpsþátt um tónleika Rásar tvö á Menningarnótt sem var of seint á dagskránni fyrir heita aðdáendur Pollapönks á mínu heimili. Ég er fegin því að geta leyft þeim að kíkja á goðin í tölvunni við tækifæri.

Ég entist ekki yfir þessum þætti sjálf, en horfði þess í stað á íslensku myndina Desember sem ég hafði í fórum mínum og gerði svo atlögu að langlokunni The Curious Case of Benjamin Button sem Stöð 2 Bíó sýndi. Hún var ótrúlega langdregin en þó mátti hafa gaman af því að horfa á Brad Pitt yngjast í hverri senu. Til að komast í gegnum myndina skipti ég samt reglulega yfir á Stöð 2 þar sem hin klassíska Notting Hill var í sýningu.

SJÓNVARPIÐ

17.05 Víðimýrarkirkja (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Disneystundin
17.31 Snillingarnir (14:28)
17.54 Sígildar teiknimyndir (14:42)
18.00 Nonni og Manni (4:6)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Óratórían Cecilía Upptaka frá heimsfrumflutningi óratóríunnar Cecilíu eftir Áskel Másson við texta Thors Vilhjámssonar í Hallgrímskirkju í nóvember 2009.
21.25 Tjaldið rís Stuttmynd um ungan Frakka sem er staðráðinn í því að segja upp kærustunni sinni vegna þess hvað hún er mikill drollari. Leikstjóri er François Ozon og helstu leikendur Louis Garrel, Vahina Giocante og Mathieu Amalric.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Enski sjúklingurinn Bandarísk bíómynd frá 1996. Meðan ungverskur kortagerðarmaður liggur fyrir dauðanum í seinni heimsstyrjöld eru rifjuð upp örlagarík atvik úr ævi hans. Myndin hlaut níu Óskarsverðlaun. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
01.00 Landinn (e)
01.30 Kastljós (e)
02.00 Fréttir (e)
02.10 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Christmas Cottage
10.00 Speed Racer
12.10 The Polar-Express
14.00 Christmas Cottage
16.00 Speed Racer
18.10 The Polar Express
20.00 The Proposal
22.00 Planes, Trains and Automobiles
00.00 Skeleton Man
02.00 Kings of South Beach
04.00 Planes, Trains and Automobiles
06.00 Köld slóð

STÖÐ 2

06.15 Two and a Half Men (11:22)
07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lois and Clark: The New Adventure (18:21)
11.00 Ameríski draumurinn (4:6)
11.45 Grey's Anatomy (9:24)
12.35 Nágrannar
13.00 Pretty Little Liars (5:22)
13.50 Gossip Girl (18:22)
14.40 ER (9:22)
15.30 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.58 The Simpsons (12:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (20:24)
19.45 How I Met Your Mother (9:20)
20.10 Gossip Girl (8:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan.
21.00 Hawthorne (5:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
21.45 Medium (14:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
22.30 When Harry Met Sally Ein allra vinsælasta og dáðasta rómantíska gamanmynd sögunnar.
00.05 Shadowboxer Spennumynd með Helen Mirren og Cuba Gooding Jr. í aðalhlutverkum.
01.40 Snow Cake Áhrifamikil mynd um djúpa vináttu sem myndast á milli einhverfrar konu og manns sem er illa farinn á sálinni eftir hörmulegt bílslys.
03.30 Sjáðu
04.00 Gossip Girl (8:22)
04.45 Grey's Anatomy (9:24)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.35 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ Sýnt frá Unglingaeinvíginu í Mosfellsbæ en þangað eru samankomnir allir bestu ungu kylfingar landsins.
18.25 Þýski handboltinn: Göppingen - RN Löwen Bein útsending frá leik Göppingen og Rhein-Neckar Löwen í þýska handboltanum.
20.05 AC Milan - Barcelona 1994 Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraliða árið 1994 var háður í Aþenu í Grikklandi. Frammistaða AC Milan í leiknum er kennslubókardæmi um góða knattspyrnu.
21.50 Sugar Ray Robinson - Jake La Motta Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake La Motta en þeir börðust sex sinnum. La Motta var á mála hjá maffunni sem hafði mikil ítök í boxheiminum og spillingin var allsráðandi.
22.45 Þýski handboltinn: Göppingen - RN Löwen Útsending frá leik Göppingen og Rhein-Neckar Löwen í þýska handboltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Man. City - Aston Villa
12.20 QPR - Watford
14.05 Stoke - Fulham
15.50 Sunderland - Blackpool
17.35 WBA - Blackburn
19.20 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.50 Liverpool - Wolves Bein útsending frá leik Liverpool og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
23.00 Chelsea - Bolton
00.45 Wigan - Arsenal

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (79:175)
08.40 Rachael Ray (155:175)
09.25 Pepsi MAX tónlist
15.45 Seven Ages of Drinking
16.40 Rachael Ray (156:175)
17.25 Dr. Phil (80:175) .
18.10 How to Look Good Naked (6:12)
19.00 Judging Amy (20:23)
19.45 America's Funniest Home Videos (19:46)
20.10 Victoria's Secret Fashion Show 2010 Flottustu fyrirsætur heims skarta sínu fegursta á árlegri tískusýningu undirfatarisans Victoria's Secret.
21.00 Parenthood (13:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
21.45 America's Next Top Model (13:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna.
22.35 The L Word (2:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
23.25 Hæ Gosi (5:6) Íslensk gamanþáttaröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.
23.55 Jay Leno (170:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
00.40 CSI. Miami (13:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
01.30 Saturday Night Live (23:24)
02.55 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

13.50 PGA Tour Yearbooks (7:10)
14.35 Ryder Cup Official Film 1997
16.50 European Tour - Highlights 2011 (2:45)
17.40 LPGA Highlights (8:10)
19.00 World Golf Championship 2010 (2:4)
23.00 PGA Tour Yearbooks (8:10)
00.00 ESPN America
00.45 Golfing World (22:70)
06.00 ESPN America

EXTRA

18.50 American Dad (6:20)
19.15 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.00 Jamie's Family Christmas Jamie Oliver er snillingur þegar kemur að því að framreiða fljótlegan og gómsætan mat. Nú býður hann okkur velkomin á heimili sitt þar sem hann sýnir okkur hvernig hægt er að undirbúa veislumat með lítilli fyrirhöfn og njóta þess um leið að vera í faðmi fjölskyldu og vina.
20.25 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Modern Family (5:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
22.15 Chuck (7:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
23.00 Burn Notice (3:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
23.45 American Dad (6:20)
00.10 Jamie's Family Christmas
00.35 Sjálfstætt fólk
01.05 The Doctors
01.45 Fréttir Stöðvar 2
02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing
21.00 Svartar tungur
21.30 Svartar tungur
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
World Class ICELAND

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 18.25 Göppingen – Rhein-Neckar Löwen

Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen heimsækir Göppingen í þýska handboltanum og leikurinn verður í beinni á Stöð 2 Sport. Þetta er síðasta umferðin fyrir HM í Svíþjóð og það verður spennandi að sjá hvernig Óli Stefáns, Róbert Gunnars og Guðjón Valur standa sig gegn Göppingen.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Á sviði Samkomuhússins **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Fjandinn hleypur í Gamalíel **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** „Breiddu á, ef þú þarft á hjálp að halda" **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Um skáldskap og sannleika **21.05** Trúin og listin **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsraddir: Ingibjörg Þorbergs **23.05** Bak við stjörnurnar **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

11.50 Dancing with the Stars **12.50** Dancing with the Stars **13.35** Deal or No Deal **14.10** Comedy Countdown 2010 **14.40** Comedy Countdown 2010 **15.10** Comedy Countdown 2010 **15.40** Comedy Countdown 2010 **16.10** Vicar of Dibley **16.40** Lark Rise to Candleford **17.35** The Weakest Link **18.20** Deal or No Deal **18.55** Deal or No Deal **19.30** Comedy Countdown 2010 **20.00** Comedy Countdown 2010 **20.30** Comedy Countdown 2010 **21.00** Comedy Countdown 2010 **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** The Weakest Link **23.40** Comedy Countdown 2010 **00.10** Comedy Countdown 2010 **00.40** Comedy Countdown 2010 **01.10** Comedy Countdown 2010 **01.40** The Jonathan Ross Show **02.30** Lark Rise to Candleford

DR 1

09.20 Spise med Price **10.15** Hammerslag i New York **11.15** Merlin **11.30** Merlin **12.25** Inspector Morse **14.05** Karate Kid III **15.50** Olsen-banden deruda' **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Aftenshowet - Vejret 2010 **19.00** Tommy Seebach **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Wallander **22.00** Onsdags Lotto **22.05** Taggart **23.45** Inspector Morse **01.30** Inspector Morse **03.10** Godnat

NRK 1

12.00 Ole Bulls tone **13.00** Huset på prærien **14.00** NRK nyheter **14.10** Siste reis med RS Stavanger **14.50** Hoppuka **16.50** Verdens underverker **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Oddasat - nyheter på samisk **17.05** Oliver Twist **17.35** Verdens beste SFO **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** Folk **19.15** Sportsåret 2010. Oksens år **20.15** Tilbake til Cranford **21.45** Vikinglotto **21.55** Losning julenotter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Musikk! Musikk! 2010 **23.15** Gretten nyttårsfeiring **00.15** Rock til fjells

SVT 1

12.00 Rapport **12.05** Inför Idrottsgalan 2010 **12.15** OS-krönikan **13.25** Happy, Texas **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Av nöd eller lust **16.25** The Seventies **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Hur ska det gå för Pettersson? **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Rapports årskrönika 2010 **20.00** The Pacific **20.55** Nurse Jackie **21.25** Storm **22.55** Minuten **23.55** Den fördömde **01.25** OS-krönikan **02.25** David McCullough

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

FLUGELDARNIR



„Það verður alltaf að kaupa eitthvað þótt það verði líklegast ekki mikið í ár. Er mest í skotblysunum svo ég geti þóst vera vopnaður og hættulegur.“

Elías R. Ragnarsson, leikjahönnuður hjá Fancy Pants Global.

Laddi í Áramótaskaupinu í 37. sinn

„Ég held að ég hafi í mesta lagi misst út þrjú eða fjögur Skaup frá 1970 þegar Flosi var með þetta,“ segir Þórhallur Sigurðsson, Laddi. Hann leikur auðvitað í Áramótaskaupinu í ár en þetta er væntanlega 36. eða 37. Áramótaskaupið sem honum bregður fyrir í. Laddi segist aldrei fá leiða á því að leika í Skaupinu, þetta sé alltaf jafn skemmtilegt. Laddi hefur yfirleitt ekki brugðið sér í gervi þjóðþekktra einstaklinga, lék til að mynda gjaldkera og píningarmeistara í sínu fyrsta Skaupi en í fyrra og í ár hefur hann leikið forseta Íslands, Ólaf Ragnar. Og gert það eins og honum er einum lagið.

Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri Skaupsins, upplýsti að Skaupið í ár yrði eitt það fjölmennasta frá upphafi, 250 leikurum og statistum bregði fyrir að þessu sinni. Þetta er annað árið í röð sem Gunnar Björn leikstýrir Skaupinu og upptökur á því gengu vel. Í fyrra bar nokkuð á því að fyrirmenni þjóðarinnar gáfu sig á tal við Skaupsliða og vildu gefa góð ráð um hvað væri fyndið og hvað ekki en ekkert slíkt átti sér stað í ár.

„Það var hins vegar skondið hversu oft það gerðist að fyrirmyndirnar og eftirhermurnar hittust að þessu sinni,“ segir Gunnar. Kostnaður við Skaupið er svipaður og hann var í fyrra að sögn Sigrúnar Stefánsdóttur, dagskrárstjóra RÚV, eða kringum þrjátíu milljónir. Skaupið hefst klukkan 22.30.

- fgg

FJÖLMENNT SKAUP 250 statistar og leikarar koma fyrir í Áramótaskaupi Sjónvarpsins sem leikstýrt er af Gunnari Birni Guðmundssyni. Laddi leikur að sjálfsögðu í Skaupinu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björn Stefánsson, trommuleikari hljómsveitarinnar Mínus, gengur að eiga unnustu sína Írisi Dögg Einarsdóttur á nýársdag eins og Fréttablaðið hefur sagt frá. Vinir og vandamenn rokkarans tóku sig til og steggjuðu hann á mánudaginn eins og alsiða er. Meðal þeirra sem tóku þátt í steggjuninni voru Bjarni og Krummi, félagar hans úr Mínus, Björn Wasabi Árnason ljósmyndari og Aggi í Lights on the Highway. Ekkert áfengi var haft um hönd í steggjuninni sem verður að teljast til tíðinda þegar umræddur hópur á í hlut.

Kvikmyndarinnar Dylan Dog: Dead of Night hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu hjá myndasögunjörðum enda verið að kvikmynda fyrstu ítölsku myndasöguna. Eitt aðalhlutverkanna í myndinni er í höndunum á **Anitu Briem** en tökum lauk fyrir margt löngu. Myndin verður að öllum líkindum frumsýnd í lok mars á Ítalíu en samkvæmt vefmiðlum er allt óvíst með ameríska frumsýningu.

- hdm, fgg

Fréttastofa Stöðvar 2 varð fyrir blóðtöku á dögunum þegar **Guðný Helga Herbertsdóttir** fréttakona sagði upp störfum. Samstarfsmenn hennar kvöddu Guðnýju Helgu í gær en hún hefur ráðið sig sem upplýsingafulltrúa hjá Íslandsbanka.

Iðnaðarhúsnæði- Hafnafjörður-
til sölu á ótrúlegu verði.
Fjárfesting fyrir áramót ??

Til sölu ca. 1646 fm atvinnuhús við Hvaleyrarbraut.
Skiptist í 3 einingar sem eru allar í leigu með 3ja mánaða uppsögn.
Ekkert áhvílandi/engin skipti. Verð aðeins 69 millj (42 þús per fm).
s: 895-2049

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

BJARNI BRANDSSON: KANNSKI EKKI MARGAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ SKÁLA

Kampavínssala heldur áfram að hrynja á Íslandi

„Það eru fáar vörutegundir sem hafa hrapað eins og kampavínið. Línuritið sem var á uppleið árið 2007 hefur alveg snúist við,“ segir Bjarni Brandsson, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni.

Þrátt fyrir að ýmis teikn séu á lofti um efnahagslegan bata á Íslandi heldur sala á kampavíni áfram að hrynja. Rúmlega 16.000 lítrar seldust í ÁTVR árið 2007, en aðeins tveimur árum síðar var salan komin niður í 5.700 lítra. Salan í ár hefur minnkað um 28% og stefnir í að enda í rúmlega 4.000 lítrum. Haraldur Halldórsson hjá Vífilfelli segir líklegt að framleiðendur lækki verð á kampavíni á næsta ári í kjölfarið á minnkandi sölu.

Kampavín er hreinræktuð lúxusvara og Bjarni hjá Ölgerðinni segir að það sé ein af ástæðunum fyrir þessari miklu sölurýrnun. „Það eru kannski færri ástæður til að skála,“ segir hann. „Svo spila erótísku staðirnir sem hættu í kjölfarið á hruninu inn í. Þar var salan orðin jafnvel meiri en í ÁTVR. Eftir hrun kom enginn þangað og allt datt niður. Þær voru náttúrlega á prósentum listakonurnar sem dönsuðu þar.“

Bjarni segir kampavínsneysluna hafa verið beintengda bankakerfinu og að salan á veitingahúsum hafi einnig hrunið í kjölfar falls þeirra. „Það voru eiginlega bara skilanefndirnar sem voru að kaupa,“ segir hann og hlær. „Það er samt glettileg sala á veitingahúsum. Það má kannski rekja til ferðamanna sem eru að sýna molbúafólkinu hvernig á að vera töff,“ segir hann.

ÓLÍKLEG SJÓN Sala á kampavíni á Íslandi heldur áfram að minnka enda eru færri ástæður til að skála en í góðærinu. NORDICPHOTOS/GETTY

75% samdráttur hefur orðið í sölu á kampavíni frá árinu 2007.

HEIMILD: ÁTVR

Lúxuskampavín á borð við Dom Pérignon var flutt inn í stórum stíl í góðærinu, þrátt fyrir að magnið sem var í boði hafi verið takmarkað. 900 flöskur voru fluttar inn árið 2007 og seldust þær upp.

Bjarni segir innflutninginn á Dom Pérignon hafa snarminnkað, enda sé svo lítið keypt af því að erfitt sé að halda því í verslunum.

Þessi þróun helst í hendur við þróun á sölu á öðrum vínum. Ódýrara freyðivín sækir í sig veðrið og sala á brandí eykst á meðan sala á koníaki minnkar, að sögn Bjarna. „Það verða örugglega fáir með sebrahestinn í mat um áramótin. Fólk er að skera niður,“ segir hann.

atlifannar@frettabladid.is

Þórunn Árna verðlaunuð

„Þetta er fyrst og fremst mjög góð viðurkenning fyrir mig og mína hönnun en auðvitað skemmir ekki fyrir að fá þessi peningaverðlaun,“ segir Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður en hún lenti í öðru sæti í samkeppni sem virt hönnunarheimasíða, designspongeonline.com, stóð fyrir. Í verðlaun fékk hún 1.500 dali eða tæpar 180.000 íslenskar krónur. Þórunn þurfti að senda inn smá ritgerð um sig, myndir af verkum sínum og einnig var tekið mið af heimasíðu hennar, www.thorunndesign.com, þar sem öll hennar hönnun er til sýnis.

Þórunn stundar mastersnám við Royal College of Arts og stefnir á útskrift í sumar. Peningaverðlaunin koma sér vel þar sem námslánin dekka ekki efniskostnað en hann er töluverður í hönnunarnámi. „Við ráðum algjörlega hvernig við ráðstöfum verðlaunafénu en ég var farin að svitna yfir útgjöldunum sem fara í lokaverkefnið mitt svo þetta kemur sér gríðarlega vel.“

Yfir 600 keppendur frá hinum ýmsu heimshornum skráðu sig til leiks en þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin. Eina skilyrðið er að maður sé hönnunarnemi. „Þessi síða er mjög virt og mikið skoðuð af fólki í hönnunargeiranum út um allan heim. Ég átti alls ekki von á að ná langt og það var alveg nóg fyrir mig að komast í tíu manna úrslit,“ segir Þórunn en aðstandendur síðunnar völdu tíu bestu úr 600 manna hópi og svo máttu lesendur síðunnar kjósa milli þeirra tíu.

ÁNÆGÐ MEÐ VERÐLAUNIN Þórunn Árnadóttir varð í öðru sæti af 600 keppendum í hönnunarsamkeppni sem virt hönnunarheimasíða stóð fyrir. Í verðlaun fékk hún tæpar 200.000 íslenskar krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórunni líkar vel í London og stefnir á að vera þar áfram eftir útskrift. „Ég er búin að kynnast góðu fólki og líður mjög vel úti. Það eru fleiri tækifæri þar en hér heima en að sama skapi meiri samkeppni. Ég ætla samt að láta á það reyna.“

- áp

ÁSTIR, ÁTÖK OG
LEIFTRANDI HÚMOR!
WILLIAM SHAKESPEARE
ÓFVIÐRIÐ
Í LEIKSTJÓRN OSKARAS KORŠUNOVAS
FRUMSÝNT Í KVÖLD
mið. 29/12 kl. 20
UPPSELT
sun. 2/1 kl. 20 UPPSELT
lau. 8/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 9/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 12/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 13/1 kl. 20 UPPSELT
þri. 18/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 19/1 kl. 20 UPPSELT
fös. 21/1 kl. 20 UPPSELT
þri. 25/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 26/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 30/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 3/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 10/2 kl. 20 Örfá sæti
sun 20/2 kl. 20
Miðasala | 568 8000
borgarleikhus.is
Íd Íslenski dansflokkurinn
Borgarleikhúsið
Fíton / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ár Ólafs Darra

Völvur tímarita og dagblaða munu á næstu dögum birta spádóma sína og þeir verða vafalítið misgáfulegir. Spá Völvu Vikunnar er þegar komin í verslanir og hún spáir stjórnarslitum og Arsenal meistaratign í enska boltanum. Eitt er hins vegar víst, að árið 2011 verður ár Ólafs Darra, en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu landaði hann litlu hlutverki í Contraband, Hollywood-kvikmynd Baltasars Kormáks. Ólafur mun væntanlega fljúga út strax eftir frumsýningu kvikmyndarinnar Roklands og verður vonandi viðstaddur frumsýninguna á Djúpinu þar sem hann leikur aðalhlutverkið í leikstjórn Baltasars Kormáks.

Stjörnulögmaður leikur

Ný þáttaröð af Steindanum okkar hefur göngu sína á Stöð 2 í vor. Tökur standa nú yfir og hefur Steindi fengið til liðs við sig sæg af stjörnum sem ólmar vilja taka að sér gestahlutverk í þáttunum. Til dæmis spreytir Gísli Marteinn Baldursson sig á svokölluðu „bítboxi“ eins og sjá mátti í Íslandi í dag nýlega. Í gær bættist svo þátttakandi í hópinn, því stjörnulögfræðingurinn **Sveinn Andri Sveinsson** upplýsti á Facebook-síðu sinni síðdegis að hann væri þá að leika í þáttunum. Það verður eflaust fyndið atriði. **- fgg, sh**

Mest lesið

VISIR.IS

1. Bílstjórinn látinn
2. Hvetja fólk til þess að kveikja á kertum fyrir hinn slasaða
3. Elton John orðinn pabbi
4. Bjóða strætisvagnabílstjórum þreföld laun
5. Nafn mannsins sem lést

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VISIR.IS